

SHAUÐOR
skoðun 14



4 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn
Hreingerningar
Iðnaðar- og
skrifstofuhúsnæði



20% **Europris**
afsláttur á prjónagarni
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
30. nóvember 2011
280. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reitmiðlunarmarkaðinum Concept Gallup apríl - júní 2011



Ferðafrömuður á tímamótum

Tuttugu ár frá fyrstu skipulögðu gönguferðinni
tímamót 22

Íslenskur víkingur

Porvaldur Davíð er andlit herrailmsins VJK Vatnajökull frá Gyðja Collection.

fólk 42



Ekki síðan 1993

Ólafur Stefánsson missti síðast af stórmóti fyrir tæpum níttján árum.

sport 38

veðrið í dag



KALT Í VEÐRI Í dag má búast við fremur hægum vindi, víða 3-8 m/s en hvassara við NA-ströndina um tíma. Víða nokkuð bjart, einkum SV-til en stöku el bæði við norður-ströndina og allra syðst.

VEÐUR 4

Lögfræðistofur græddu fjóra milljarða á tveimur árum

Níu lögfræðistofur högnuðust samtals um 3,7 milljarða króna á árunum 2009 og 2010. Gróðinn hefur aukist mikið eftir hrun. Samanlagður hagnaður þeirra dróst lítillega saman í fyrra. Logos græðir langmest.

VIÐSKIPTI Níu lögfræðistofur högnuðust samtals um 1,7 milljarða króna á síðasta ári. Logos hagnaðist langmest þeirra allra í fyrra, um 633 milljónir króna. Þetta kemur fram í ársreikningum lögfræðistofanna. Þær eru Logos, BBA Legal, Lex, Mörkin, Réttur-Aðalsteinsson&Partners, Landslög, Juris, Sigurjónsson&Thor og Lögmál.

Bankahrunið sem átti sér stað í lok árs 2008 virðist hafa haft afar jákvæð áhrif á rekstrarafkomu flestra lögfræðistofanna níu. Samanlagt högnuðust þær

um 3,7 milljarða króna á árunum 2009 og 2010. Flestar þeirra greiða allan hagnað út sem arð til eigenda sinna.

Logos, stærsta lögfræðistofa landsins, er í algjörum sérflokk þegar kemur að hagnaði. Stofan hefur grætt um 1,5 milljarða króna á þessum tveimur árum. Stjórn Logos lagði til að 90% hagnaðarins í fyrra yrðu greidd út sem arður til 16 eigenda stofunnar. Gangi það eftir mun hver þeirra fá um 35,6 milljónir króna í sinn hlut vegna árangurs Logos í fyrra.

633 milljónir króna er hagnaður lögfræðistofunnar Logos á síðasta ári samkvæmt ársreikningi.

BBA Legal hagnaðist næstmest þeirra stofa sem Fréttablaðið kannaði. Í fyrra skilaði stofan 252 milljóna króna hagnaði til viðbótar við þær 282 milljónir króna sem hún græddi árið 2009. Sam-

anlagður hagnaður BBA Legal á árunum tveimur er því 534 milljónir króna. Eigendur stofunnar eru sex talsins. Þar af eiga tveir samtals 54% hlut.

Sú stofa sem skilaði þriðja mesta hagnaðinum var Lex lögmannsstofa. Hagnaður hennar í fyrra var 194 milljónir króna, sem var nokkru minna en árið áður þegar hún skilaði 291 milljón króna í hagnað. Á tveimur árum hefur Lex því halað inn 485 milljónir króna. Hluthafar Lex eru 17 talsins.

- þsj / sjá Markaðinn



SJÁLFSTÆÐISVIÐURKENNINGU FAGNAÐ

Alþingi samþykkti í gær þingsályktunartillögu um að Ísland viðurkenni fullveldi og sjálfstæði Palestínu. Fjöldi fólks mætti á þingpalla, þar á meðal allmargir Palestínumenn, og var klappað lengi eftir atkvæðagreiðsluna. **Sjá síðu 12** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Teitur Atlason segir sendingar Gunnlaugs Sigmundssonar „merki um sjúkleika“: Lögregla rannsakar SMS-skeyti

LÖGREGLUMÁL Bloggarinn Teitur Atlason hefur kært athafnamanninn Gunnlaug M. Sigmundsson til lögreglu fyrir SMS-sendingar þar sem Gunnlaugur villti á sér heimildir. Þetta kemur fram í yfirlýsingu Gunnlaugs í Fréttablaðinu í dag. Lögregla rannsakar málið, samkvæmt heimildum blaðsins.

Gunnlaugur og kona hans höfðu stefnt Teiti fyrir meidyrði vegna bloggferlu sem hann birti í febrúar og fjallaði um viðskipti Gunnlaugs með fyrirtækið Kögun.

Teitur hefur síðan reglulega bloggað um gang málaferlanna. Segir Gunnlaugur þetta hafa lagst þungt á sig og hafi hann þá gripið til þess ráðs sem hann iðrist nú, að senda Teiti nafnlaus SMS-skeyti. „Ég

mun ekki hafa efni þeirra eftir hér, enda vanhugsuð af minni hálfu og aldrei ætlað að koma fyrir sjónu annarra en viðtakandans,“ segir Gunnlaugur. Hann sendi Teiti afsökunarbréf í gær.

„Efni þessara SMS-a er merki um sjúkleika,“ segir Teitur í samtali við Fréttablaðið en vill ekki greina frekar frá innihaldinu.

Lögmaður Teits bauð Gunnlaugi að fallið yrði frá kærinni gegn því að meidyrðamálið yrði dregið til baka. Á það féllst hann ekki.


Teitur segist íhuga næstu skref, enda óttist hann að verði hann dæmdur til að greiða málskostnað Gunnlaugs muni það sliga hann fjárhagslega.

- sh / sjá síðu 18

Egill Arnason

HARÐPARKET

Út nóvember verður Balterio harðparketið á sérstöku kynningarverði með allt að **25% afslætti!!**



Mundu ...við erum flutt!

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is



Hreinsar loft og minnkar ryk og lykt með sérstakri jónatækni í andrúmsloftinu. Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi.

cleanær
TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 9.995



Heimilistæki

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500
UMBODSMENN UM LAND ALLT - www.ht.is

Jólabónus
Icelandair
American
Express



2xfleiri
Vildarpunktur

Skráðu þig á americanexpress.is og fáðu tvöfalda Vildarpunkta af allri veltu fram til 15. desember!



Björn, eiga Fylkismenn í engin skjól að venda?

„Við vonum nú enn að borgin verði okkur skjól og skjöldur í þessu máli.“

Björn Gíslason er formaður íþróttafélagsins Fylkis. Til að uppfylla kröfur KSÍ þarf félagið að koma sér upp yfirbyggðri stúku við knattspyrnuvöll sinn fyrir næsta tímabil. Það er hins vegar dýr framkvæmd og litla hjálp að fá.

Fjárlaganefnd gerir umtalsverðar breytingatillögur á fjárlögum 2011 við aðra umræðu á Alþingi:

Vill draga úr niðurskurði um 4 milljarða


ALÞINGI Breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar gera ráð fyrir að skorið verði minna niður, sem nemur 4,1 milljarði króna, miðað við fjárlög 2011. Tekjuáætlun frumvarpsins hefur verið lækkuð um 35 milljónir króna.

Meirihlutinn leggur til að lánveitingar til hlutfélaga um vegafraamkvæmdir verði lækkaðar um 1,6 milljarða króna, í ljósi nýrrar áætlunar um lánsþörf. Þá verði heimild til ríkisábyrgðar á lánþöfum Landsvirkjunar hækkuð um 10 milljarða. Lánin sem um ræðir verða til að mæta auknum fjárfestingum og

auðvelda endurfjármögnun eldri skulda félagsins, gefist hagstæð tækifæri til þess.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður fjárlaganefndar, kynnti breytingatillögurnar. Meðal einstakra breytinga sem hún tindi til má nefna eflingu eigin fjár orkusjóds um 100 milljónir og Byggingastofnunar um allt að 2 milljarða. Þá lækkar sparnaðarkrafa á Landspítalann um 140 milljónir.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir vinnu þingsins hafa snúist um að laga fjármálafrumvarpið frá því sem fyrst kom fram.



SIGRÍÐUR INGI-
BJÖRG INGADÓTTIR ÖGMUNDUR
JÓNASSON

Frumvarpið hafi batnað hvað varðar velferðarþáttinn.

„Barátta og þrýstingur þeirra sem vilja standa vörð um velferðar-

þjónustuna hefur skilað sér inn í frumvarpið, á því liggur enginn vafi. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að það aðhald og niðurskurður sem hefur átt sér stað undanfarið ár segi til sín. Við erum hins vegar að vona að það fari að sjá til sólar að nýju.“ Umræður stóðu um fjárlögin fram á nótt í gær. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu ýmislegt í frumvarpinu og tíndu meðal annars til aukin útgjöld til aðstoðarmanna ráðherra og það að bæta útgjöldum við listamannalaun á meðan verið væri að loka deildum heilbrigðisstofnana. - kóp



DÆMDUR Verjandi Conrads Murray sagði það næga refsingu að vera þekktur sem maðurinn sem drap Michael Jackson.

NORDICPHOTOS/AFP

Læknir Jacksons dæmdur:

Hlaut fjögurra ára fangelsi

BANDARÍKIN, AP Conrad Murray, læknir poppstjórnum Michael Jackson, var í gær dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að hafa af gáleysi orðið Jackson að bana í júní 2009.

Talsmaður lögreglu í Los Angeles sagði í gær að Murray myndi þó væntanlega ekki sitja lengur en tvö ár í fangelsi. Hann mun verða vistaður einn í klefa og haldið frá öðrum fongum.

Dómari í málinu sagði að Murray verðskuldaði ekki skil-orðsbundinn dóm þar sem hann hefði reynt að blekkja lögreglu og dómstóla. Enn á eftir að skera úr um hvort Murray verður gert að greiða fjölskyldu Jackson bætur. - bj

LÖGREGLUFRETTIR

Fundu kannabis við húsléit

Lögreglan í Vestmannaeyjum fann lítillæði af fíkniefnum við húsléit í bænum í gær, bæði hassi og maríjúana. Húsráðandi gekkst við því að eiga efnin.

Kennarar á Akranesi segjast vera smánaðir

Tveir kennarar með samtals 67 ára starfsreynslu segja upp í Brekkubæjarskóla á Akranesi vegna vantrausts á stjórn skólans. Bæjarfulltrúi segir ömurlegt að þeim finnst þeir hraktir á braut og að enn virðist vandamál vera í skólanum.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tveir myndmenntarkennarar um sextugt við Brekkubæjarskóla á Akranesi telja sig smánaða og hafa sagt upp störfum.

Annar kennaranna, Hrönn Eggertsdóttir, segir málið eiga rætur að rekja til þess að fimm barna móðir sem starfað hafi sem kennari í fyrra hafi ekki fengið endurráðningu.

„Við átján reyndustu kennarar skólans skrifuðum þá undir bænabréf um að hún fengi að halda áfram því hún var góður kennari. Skólastjórinn hellti sér yfir okkur á kennarafundi og sagði þetta vera vantraust á sig og bannaði okkur að gera frekari athugasemdir,“ útskýrir Hrönn. Umræddur kennari fékk riflega 1,6 milljónir króna í bætur vegna málsins.

Hrönn segist hafa sagt sínar skoðanir á starfi skólans og að það hafi fallið í grýttan jarðveg hjá skólastjóranum. Auk Hrannar segir Bjarni Þór Bjarnason upp starfi sínu. Þau voru kölluð á fund Sveins Kristinssonar, forseta bæjarstjórnar, í byrjun júní. Í bréfi til bæjarstjórnar segja þau fundinn hafa reynt „yfirheyrslur og ákærur en ekki viðtal“. Vísað hafi verið í „meintar klögur“ um Bjarna utan úr bæ sem allir viti að séu ósannar og ýjað hafi verið að því að veikindadagar Hrannar væru „ansi margir“. Það ætti sér heldur enga stöð.

„Svo það, sem bitur nú höfuðið af skömminni, að reynt var að ýta við



HRÖNN EGGERTSDÓTTIR OG BJARNI ÞÓR BJARNASON Myndmenntakennarnir sem segjast hætta í Brekkubæjarskóla eftir að hafa fengið á sig óverðskuldaðar ásakanir frá forseta bæjarstjórnar sem blandað hafi sér í stjórn skólans. MYND/SALBJÖRG ÓSK REYNSIDÓTTIR

okkur að fara að hætta! OKKUR FINNST VIÐ SMÁNUÐ!“, skrifa kennararnir. „Við höfum sagt upp stöðum okkar frá áramótum, viljum ekki vinna undir stjórn fólks sem við treystum ekki lengur!“

Gunnar Sigurðsson bæjarfulltrúi sagði á bæjarstjórnarfundum í síðustu viku að bréf Hrannar og Bjarna ylli honum miklum vonbrigðum. Eftir lokaðan fund bæjarstjórnar í ágúst hefði hann talið að starfsmannastjórnin ætti að aðstoða skólastjórnendur við að leysa starfsmannavandamál þar.

„Það er ömurlegt að lesa að þessum kennurum finnst sem þau

hafi verið hrakin úr starfi eftir að hafa kennt í samtals 67 ár við skólann,“ segir í bókun Gunnars, sem kveðst láta ógert að ræða mál Hrannar vegna skyldleika við hana. En sem bæjarfulltrúi á Akranesi skammist hann sín fyrir að Bjarna, sem sé fyrrverandi bæjarlistamaður Akraness, finnist sem hann hafi verið hrakin úr starfi. Starfsmannavandamálum í Brekkubæjarskóla virðist ekki lokið.

Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjóri í Brekkubæjarskóla, vill ekki tjá sig um málið.

gar@frettabladid.is



Í HALDI Laurent Gbago hefur verið í stofufangelsi en verður nú framseldur til Hollands. NORDICPHOTOS/AFP

Handtökuskipun gefin út:

Gbago framseldur til Haag

FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Alþjóðaglæpadómstóllinn í Haag í Hollandi gaf í gær út handtökuskipun á hendur Laurent Gbago, fyrrverandi forseta Filabeinsstrandarinnar.

Gbago neitaði að láta af völdum í kjölfar kosninga í landinu í fyrra, og lá við borgarastyrjöld í landinu í kjölfarið. Hann hefur verið í stofuvarðhaldi í einangruðu þorpi í norðurhluta landsins síðustu sjö mánuði. Starfsmenn saksóknara frá Hollandi eru nú væntanlegir til Fílabeinsstrandarinnar til að flytja Gbago til Haag til að hægt sé að rétta yfir honum. - bj

Ófgamaður handtekinn: Sá nýnasistum fyrir vopnum

ÞÝSKALAND, AP Lögregla í þýsku borginni Jena í Þýringalandi hefur handtekið 36 ára gamlan hægri-öfgamann, grunaðan um að hafa séð hópi nýnasista fyrir vopnum sem þeir beittu til drepa tíu manns á árunum 2000 til 2007.

Maðurinn, Ralf Wohlleben, er vel þekktur öfgamaður í Þýringalandi. Hann er sakaður um eina morðtilraun og hlutdeild að sex morðum.

Lögregla hefur leitað að fólki sem tengist morðunum síðan tveir forsprakkar hópsins fundust látnir í kjölfar þess að lögregla komst á slóð þeirra fyrr í mánuðinum. Wohlleben er sá fjórði sem hefur verið handtekinn síðan. - sh

Mótmælendur ryðjast inn í sendiráð Bretlands í Teheran vegna refsiaðgerða:

Írönsk stjórnvöld harma atvikið

ÍRAN, AP Mótmælendur ruddu sér í gær leið inn í sendiráð Bretlands í Teheran, höfuðborg Írans. Þar brenndu þeir breska fánann, brutu rúður og húsgögn og létu greipar sópa um innanstokksmuni. Ekki er vitað til þess fólks hafi slasast þó að bensínsprengjum og grjóti hafi verið kastað á sendiráðið.

Kveikjan að mótmælunum er sögð hafa verið sú ákvörðun breskra stjórnvalda að herða á efnahagslegum refsiaðgerðum gegn Íran vegna kjarnorkuáætlunar landsins.

Írönsk stjórnvöld sögðust í yfirlýsingu harma atvikið, þar sem lítill hópur mótmælenda hafi sýnt óviðunandi hegðun.

Óeirðalögregla tókst á við mótmælendurna, en um tvær klukkustundir tók að mynda sendiráðið.

Í yfirlýsingu frá breska utanríkisráðuneytinu segir að bresk stjórnvöld telji atvikið svívirðilegt. Þar eru írönsk stjórnvöld átalín fyrir að verja ekki starfsfólk sendiráðsins og sendiráð erlends ríkis í landinu.

Bresk stjórnvöld vörðuð Breta í Íran við því að láta mikið á sér bera í kjölfar mótmælanna. - bj



BARIST Óeirðalögregla reyndi að koma í veg fyrir að mótmælendur kæmst inn í sendiráð Bretlands, en að lokum þurfti að ryðja bygginguna. NORDICPHOTOS/AFP

**DAGUR
RAUÐA
NEFSINS
9. DES**

www.unicef.is

VERTU MEÐ, KAUGHTU

NEF

SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI!


Horfðu á þáttinn **9. desember** í opinni dagskrá á Stöð 2.

**HÉR FÆRÐU
RAUÐU NEFIN:
HAGKAUP,
BÓNUS, MP
BANKI, TE OG
KAFFI, SKÁTAR
UM ALLT LAND**

www.unicef.is

GEYSIR

Yupik Parka fæst í GEYSI. 59.000 kr.
Stærðir - XXS til XXL



YUPIK ÚLPAN frá FJÄLLRÄVEN

Hvort sem veiða á í gegnum ís eða lifa af norðangarrann
í Þingholtunum. Yupik-úlpan sterka bregzt þér ekki.
Veljið úr þremur litum.



GEYSIR

GENGIÐ 29.11.2011

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	118,89 119,45
Sterlingspund	185,77 186,67
Evra	159,42 160,32
Dönsk króna	21,429 21,555
Norsk króna	20,335 20,455
Sænsk króna	17,304 17,406
Japanskt jen	1,5302 1,5392

SDR 184,97 186,07

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9049

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lokaskýrslan í prentun:

Fimm ára starfi nefndar lokið

SAMFÉLAGSMÁL Lokaskýrsla nefndar um aðstæður barna og unglunga á upptöku- og vistheimilum er nú í prentun og verður kynnt formlega í næstu viku.



RÓBERT SPANÓ

Nefndin hefur undanfarin fimm ár unnið að rannsókn á aðstæðum barna á slíkum heimilum hér á landi. Skýrslan er sú síðasta sem unnin er af nefndinni samkvæmt erindisbréfi ráðherra. Róbert R. Spanó, formaður nefndarinnar, mun láta af störfum sem formaður þegar skýrslan hefur verið kynnt. „Á blaðamannafundinum mun nefndin því fara almennt yfir farinn veg á undanförunum tæpum fimm árum sem við höfum verið starfandi og skilað af okkur 1.500 blaðsíðum af skýrslum,“ segir Róbert.

Úttekt Foreign Policy:

Jóhanna í hópi helstu hugsuða

FÓLK Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er í 87. sæti yfir 100 mestu hugsuði heims í úttekt tímaritsins Foreign Policy.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Í rökstuðningi tímaritsins segir að hún hljóti þennan heiður fyrir „að sýna hversu hæfar konur eru í að laga það sem fer úrskeiðis í höndum karlmannna“.

Jóhanna er sögð hafa stýrt „feminískri byltingu“ sem virðist vera að bera árangur.

Fjármálaráðherrar evruríkjanna samþykktu átta milljarða evra lán til Grikklands:
Vilja auka traust á aðgerðum

BELGÍA, AP Fjármálaráðherrar Evruríkjanna sautján reyndu í gær að auka traust fjárfesta á því að aðgerðir ríkjanna til að bjarga Grikklandi frá þjóðargjaldþroti séu nægilega vel fjármagnaðar á fundi í Brussel.

Ráðherrarnir samþykktu næsta hluta björgunaraðgerðapakksans sem, auk lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hefur haldið Grikklandi á floti frá því í maí í fyrra. Samþykkt var að lána Grikklandi átta milljarða evra, sem jafngildir um 1.300 milljörðum íslenskra króna. Án lánsins hefði gríska ríkið komist

í greiðsluþrot fyrir áramót. Ráðherrarnir ræddu einnig hugmyndir um að ríkin gefi upp hluta af fullveldi sínu í peningamálum til Evrópska seðlabankans. Það er talið ein af þeim leiðum sem hægt er að fara til að koma evrusvæðinu fyrir horn í efnahagskreppunni.

Ljóst þykir að björgunaraðgerðir líkar þeim sem nú halda Grikklandi á floti eru ekki mögulegar fyrir Ítalíu, landið er of stórt til að því verði bjargað komist það í þrot. Það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir þær 322 milljónir manna sem nota evruna.



FUNDAD Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra Grikklands (til vinstri), heilsar Mario Monti, forsætis- og fjármálaráðherra Ítalíu, á fundi fjármálaráðherranna í gær.

Ránsfengur úr verslun Sears:
Skilað eftir 60 ára samviskubit

SEATTLE, AP Ansi sérstakt bréf barst til verslunar Sears í Seattle-borg fyrir skemmstu.

Þar var um að ræða 100 dala seðil með orðsendingu. Bréfið var frá manni sem hafði stolið 30 dólum úr búðinni fyrir 60 árum.

Sagði í bréfinu að þjófnadurinn hafi legið sem mara á samvisku mannsins í þessa áratugi og því hafi hann viljað endurgreiða upphæðina með vöxtum.

Maðurinn kom með bréfið sjálfur en hvarf á brott áður en ljóst var hvers kyns var.

Jóni boðið að víkja en tekur slaginn

Jón Bjarnason berst nú fyrir framtíð sinni á ráðherrastóli. Stuðningsmenn hringja út og undirstrika mikilvægi hans í andstöðu við Evrópusambandið. Samtöl hafa átt sér stað um stuðning þingmanna við ríkisstjórnina.

FRÉTTASKÝRING

Hver er framtíð ríkisstjórnarinnar?

Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var boðið að velja sjálfur með hvaða hætti hann hyrfi úr ríkisstjórninni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Jón þáði það boð ekki og berst nú fyrir framtíð sinni á ráðherrastól.

Stuðningsmenn Jóns birta nú undirskriftalista honum til stuðnings í fjölmiðlum og hringja í flokksmenn Vinstri grænna. Þar er mikilvægi Jóns í andstöðu við ESB útlitað. Krafa um brottvarf hans komi frá Jóhönnu Sigurðardóttur, formanni Samfylkingarinnar, og flokki hennar.

Einnig eru þau rök notuð að Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, og Björn Valur Gíslason, formaður þingflokksins, hafi staðið gegn breytingum á kvótakerfinu. Þeirri sögu fylgir að þeim síðarnefnda sé ætlað að verða eftirmaður Jóns á ráðherrastóli.

Eftir stendur að Jón Bjarnason nýtur ekki trausts í þingflokki stjórnarflokka. Það er því að sögn heimildarmanna aðeins tímaspursmál hvenær hann víkur.

Stjórnarliðar eru uggandi um stuðning við stjórnina við brottvarf Jóns. Heimildarmenn Fréttablaðsins telja óvíst hvort Jón láti af stuðningi við stjórnina, hverfi hann úr ráðherrastóli. Sjá mátti af orðum Steingríms eftir fund ríkisstjórnarinnar í gær, sem birtust í Ríkisútvarpinu, að það væri lítt gæfuleg ríkisstjórn sem menn styddu aðeins gegn því að sitja í henni sjálfir.



ALÞINGI Stjórnarandstæðingar fóru ekki í grafgötur með það á þingi í gær að þeir teldu landið í raun stjórnlaust. Kölluðu sumir þeirra eftir kosningum þegar í stað.

Berst á lýðræðislegan hátt

„Það situr við það sama að ég hef verið stuðningsmaður Jóns Bjarnasonar á stóli ráðherra alla tíð og er enn,“ segir Ögmundur Jónsson. Hann segist munu greiða atkvæði með áframhaldandi setu Jóns á ráðherrastóli komi til atkvæðagreiðslu í þingflokki. „Ég mun beita mér fyrir skoðunum mínum á lýðræðislegan hátt á lýðræðislegum vettvangi, en hef ekki sett fram neina afarkosti.“



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ljóst er að allar mögulegar stöður eru til skoðunar. Guðmundur Steingrímsson hefur lýst því yfir að hann muni flýga að verja stjórnina falli og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þau orð þegar verið hermd upp á hann af stjórnarliðum.

Guðmundur vinnur nú að nýju framboði og traúla vill hann stytta undirbúningstíma sinn til muna með nýjum kosningum.

Hið sama má raunar segja um Lilju Mósésdóttur. Afstaða Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur er enn óljós, en hún lýsti yfir eindregnum stuðningi við Jón í gær.

Það að stuðningur þingmannanna við ríkisstjórnina sé bundinn setu Jóns í henni, komi það í ljós, þarf þó ekki að þýða að þeir stuðli að falli hennar. Hún gæti því lifað með stuðningi einstakra þingmanna.

kolbeinn@frettabladid.is

MABEF

20% afsláttur af öllum trönum til jóla.

LISTALAGERINN JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík. S: 58 58 908. www.jarngler.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KULDATIÐ Í dag verður mjög kalt í veðri, allt að 15 °C frosti í inn-sveitum, einkum N-til. Á morgun dregur heldur úr frostinu en áfram verður svalt næstu daga. Horfur eru á hægum vindi og ágætis veðri í dag og á morgun en á föstudaginn hversir heldur á Vestfjörðum.

Á MORGUN Fremur hægur vindur. 1

FÖSTUDAGUR Strekkur á Vestfjörðum. 2

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	6°
Berlín	9°
Billund	8°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	8°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	20°
New York	13°
Orlando	18°
Ósló	9°
París	10°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



RESPONSIBLE
GAMING
CERTIFIED



300.000.000
+2.550.000.000

LAAANG STÆRSTI POTTUR FRÁ UPPHAFI

ÞÚ TALDIR RÉTT:
2.850 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 300 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 2.550 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is



V Í K I N G A
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 30. NÓVEMBER 2011

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42

SÖLU LYKUR KL. 17



KJÖRKASSINN



Ætlar þú á skíði í vetur?

Já	15,9%
Nei	84,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú sátt(ur) við störf Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra?

Segðu skoðun þína á vísiris

vísir



ISLAND Í HÁVEGUM Margt bendir til að ferðamenn fjölmenni til landsins á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferðablað Sunday Times: Ísland enn valið besti kosturinn

FERÐAMÁL Ísland var valið „Best European Adventure Destination“ af lesendum Sunday Times Travel Magazine, að því er kemur fram á heimasíðu Íslandsstofu. Í lauslegri þýðingu er Ísland því álitlegasti kosturinn þegar kemur að ævintýraferðum innan Evrópu.

Sunday Times Travel Magazine er stærsta ferðatímaritið í Bretlandi og voru það lesendur blaðsins sem völdu Ísland fram yfir Noreg og Sviss sem lentu í öðru og þriðja sæti. Þá var Ástralía kosin besti áfangastaðurinn utan Evrópu.

- shá

BANDARÍKIN

Fastur, ekki jólasveinn

Slökkviliðsmenn þurftu að draga 22ja ára fjölskyldufóður frá Texas upp úr strompi aðfaranótt mánu dags. Ekki var svo að hann væri að leika jólasvein heldur var hann læstur úti og tímdu ekki að panta lásasmið. Hann sat þar fastur í um klukkustund en var ómeiddur þegar upp kom.

Verið að leita í skjölum „í kassavís“ í innanríkisráðuneytinu vegna fyrirspurnar Lilju Mósesdóttur:

Finna undanþágur frá árinu 1966

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið vinnur að því að taka saman svör við fyrirspurn þingmanns um undanþágur til aðila utan EES um kaup á jörðum og fasteignum hér á landi síðan árið 1966.

Hinn 17. nóvember síðastliðinn lagði Lilja Mósesdóttir þingmaður fram fyrirspurn til innanríkisráðherra hversu margar undanþágur hafa verið veittar frá ákvæðum þeirra laga sem segja til um eignarrétt og afnotarétt fasteigna sem banna aðilum utan EES að öðlast eignar- og afnotarétt yfir fasteignum.

„Hverjum voru veittar undanþágur samkvæmt lögunum, hvenær og hvers vegna, og um hvaða fasteign, landsvæði eða réttindi

var að ræða í hverju tilviki, sundurliðað eftir kjördæmum og sveitarfélögum?“ spyr Lilja, sem vill fá svörin aftur til ársins 1966, þegar umrædd lög tóku gildi.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um ástæður veittra undanþága síðan undanfarin ár, en þær hafa verið 24 síðan árið 2007, líft og greint var frá í blaðinu í september.

Þau svör fengust í gær frá ráðuneytinu að unnið væri að svari við fyrirspurn Lilju, en það gæti tekið tímann sinn þar sem verið er að leita í „skjölum í kassavís“ og að vinnan gæti tekið nokkrar vikur, í það minnsta lengri tíma en þá 15 daga sem gefnir eru til að svara fyrirspurnum frá þingmönnum.

- sv



VILL FÁ SVÖR FRÁ RÁÐUNEYTI Lilja Mósesdóttir vill fá að vita um undanþágur til jarðkaupa frá 1966.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margdæmdur hrotti talinn tengjast skotárás á Höfða

Þrítugur félagi í vélhjólageninu Outlaws í varðhaldi grunaður um um aðild að skotárásinni á Sævarhöfða. Er með nokkra dóma á bakinu, meðal annars fyrir hrottafengna árás. Hald lagt á mikið vopnabúr.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær dag rúmlega þrítugan karlmann vegna rannsóknar á skotárás á bíl í austurborginni fyrr í þessum mánuði. Maðurinn er margdæmdur og talinn vera meðlimur mótörhjólagenis Outlaws, sem fest hefur rætur hér á landi. Lögreglan telur ýmsar vísbendingar um að sá hópur tengist skotárásinni og er meðal annars sá þáttur til rannsóknar.

Í húsleitum sem lögregla hefur gert vegna rannsóknar málsins hafa fundist fíkniefni, 200 kannabisplöntur og hálf kíló af maríjúana, og mikið magn af vopnum.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að nokkrar húsleitir hafi verið gerðar vegna rannsóknar skotárásarmálsins.

Í húsleit sem gerð var í Breiðholti á fimmtudaginn í síðustu viku fannst mikið magn af alls konar vopnum, haglabyssum, skotfærum,

fjölmörgum hnífum af öllum stærðum og gerðum, hnúajárnum og rafbyssum, svo og skothelt vesti og hlaðinn ríffill.

Nú er rannsakað hvort afsöguð haglabysa sem var í vopnasafninu, sem geymt var í skápum í bílskúr á heimili í Breiðholti, sé sú sama og skotið var af á bílinn á planinu við Bílahöllina á Ártúnshöfða. Þá er verið að rannsaka eigendasögu vopnanna og hvort skráningarnúmer hafi verið sorfin af þeim.

Nú sitja þrjú menn í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á málinu. Einn þeirra hefur hafið afplánun á eldri dómi, annar sætir gæsluvarðhaldi til 2. desember og sá þriðji var handtekinn í gær, eins og áður sagði og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. desember. Tvennt var handtekið með honum, ung stúlka og karlmaður, en þeim var sleppt að yfirheyrslum loknum.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur notið aðstoðar sérsvéitar Ríkislögreglustjóra við handtökur og haldlagningu vopna.



VOPNABÚRIÐ Karl Steinar Valsson yfirlögregluþjónn gerði grein fyrir helstu mála-vöxtum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brotaferill hins handtekna er langur

Karlmaðurinn sem handtekinn var í gær vegna rannsóknar lögreglunnar á skotárásinni á að baki langan brotaferil. Í janúar 2008 var hann dæmdur í Hæstarétti í þriggja ára fangelsi fyrir hrottalega líkamsárás í félagi við annan mann. Auk annarra misþyrminga klipptu þeir litla fingur af fórnarlambinu með garðklippum.

Auk þessa dóms hefur maðurinn níu sinnum verið dæmdur til refsingar fyrir brot á almennum hegningarlögum, fíkniefnalöggjöfni, vopnalögum og áfengisögum. Hann var fyrst dæmdur í fangelsi 1998 þegar hann var 17 ára gamall. Var hann þá dæmdur í 15 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað, gripdeild og rán. Árið 1998 var hann dæmdur í 16 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað og var þá dómurinn frá því 1998 tekinn upp og dæmdur með. Árið 2003 var maðurinn dæmdur til greiðslu sektar fyrir líkamsárás og 2005 var hann dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og brot gegn valdstjórninni. Þá var hann dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og til greiðslu sektar fyrir þjófnað og hylmingu árið 2005. Síðast var hann dæmdur til greiðslu sektar fyrir fíkniefnalagabrot 2006.

Vopn sem lögregla hefur lagt hald á

	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Haglabysa	25	20	32	31	28	136
Loffbyssa	18	16	7	16	39	96
Ríffill	19	11	21	30	14	95
Skammbysa	5	8	6	6	5	30
Hnífar	126	83	111	132	138	590
Hnúajárn	9	5	7	4	13	38
Kylfa	40	23	15	17	32	127
Rafbyssa	7	8	8	12	8	43
Samtals	249	174	207	248	277	1155

Anders Behring Breivik úrskurðaður ósakhæfur vegna geðsjúkdóms:

Fjöldamorðingi fer á réttargeðdeild

NOREGUR „Sérfræðingarnir segja að hann lifi í eigin heimi ranghugmynda og allar hugsanir hans og gerðir stjórnt af þessum heimi,“ segir Svein Holden, ríkissaksóknari í Noregi, um fjöldamorðingjann Anders Behring Breivik.

Réttargeðlæknar afhentu saksóknara í gær 130 blaðsíðna skýrslu sína um Breivik, þar sem þeir komast að þeirri niðurstöðu að hann sé ósakhæfur. Það þýðir að ekki verður hægt að dæma hann til fangelsisvistar, heldur verður hann lagður inn á réttargeðdeild þar sem hann fær meðferð við hæfi.

Höfundar skýrslunnar segja Breivik þjást af ofsókargeðklofa. Hann hafi þjást af geðsjúkdómi þegar hann myrta tugi manna í Noregi í sumar og hann hafi einnig þjást af geðsjúkdómi í þeim viðtölum sem þeir áttu við hann.

„Hann telur sig vera útvalinn til að taka ákvarðanir um það hver fái að lifa og hver eigi að deyja,“ hafði Holden eftir höfundum skýrslunnar. „Hann ýjar einnig að því að hann sjálfur verði framtíðarleiddi í Noregi.“

Samkvæmt norskum fjölmiðlum þykir líklegt að saksóknari fari fram á að Breivik verði úrskurðaður til 21 árs dvalar á réttargeðdeild til að byrja með, sem þýðir að hann geti losnað eftir tíu ár telji lækna hann örugglega vera orðinn heilsum þá. Meðferðin verður hins vegar ótímabundin í reynd, þannig að Breivik verður ekki látinn laus fyrr en öruggt þykir að af honum stafi ekki hætta lengur, jafnvel þótt það þýði lengri vist en 21 ár.



SKÝRSLAN AFHENT Nina Opsahl, héraðsdómari í Ósló, tekur við skýrslunni um Anders Behring Breivik úr hendi réttargeðlæknisins Torgeirs Husby.

NORDICPHOTOS/APP

Næsta skref í málinu er hins vegar að opinber nefnd um réttargeðlækningar tekur afstöðu til þess hvort skýrslan standist faglegar kröfur.

- gb

KALT ÚTI

Rafmagnshitablasari 5Kw 3 fasa
11.990

Gas hitablasari 15Kw
19.900

Rafmagnshitablasari 2Kw 1 fasa
6.590

Kletthálsi Rvk Akureyri Reykjanesbæ Húsvík Vestmannaeyjum

VITA handklæðaofn beinn hvítur 50x80 cm
7.990

VITA handklæðaofn kúptur króm 50x120 cm
18.990

Panelofnar í MIKLU ÚRVALI! FRÁBÆRT VERÐ!

EN 442 **CE**

KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð? –
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



9.750 kr.

Einstakur heilsukoddi með vatnsfyllingu – nýjung á Íslandi

Klínískar rannsóknir sýna að Mediflow heilsukoddinn er einn besti koddi á markaðnum til að minnka verki í hálsi og auka svefngæði.* Hann er mjúkur en veitir samt fullkominn stuðning fyrir hálsinn.

*Arch Phys Med Rehabil 1997;78: 193-8. Lavin RA, Pappagallo M, Kuhlmeier Ky. Cervical pain: a comparison of three pillows.



Gefðu góða sjól

Fjölnota Nuddpúði

Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti.

Hentar vel fyrir bak, herðar og fótleggi.

Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.

17.950 kr.



Háls- og herðanudd – fjölnota

Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu.

Hentar einnig á bak, mjaðmir og læri.

Margskonar stillimöguleikar.

16.980 kr.



Lumie Dagljósið

Sólarljósið í skammdeginu Bætir líðan og eykur afköst.

Vaknið endurnærð!

17.750 kr.



Ný kynslóð nuddsæta Shiatsu- og þrýstinudd

Fullkomin slökun með þrýstinuddi sem teygir á mjóbaki og mjöðmum

Shiatsu nudd með infrarauðum hita.

Kröftugt þrýstinudd í hliðum og sessu.

Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

Áklæði sem hægt er að þvo.

52.790 kr.



Heilsa · Slökun · Velliðan



Eirberg



VEISTU SVARIÐ?



1. Ætlar Ólafur Stefánsson að spila með íslenska handboltalandsliðinu á EM í Serbíu?
2. Hvert var tap OR á fyrstu níu mánuðum ársins?
3. Hve lengi hafa fuglamerkingar verið stundaðar á Íslandi?

SVÖR
milljónir króna. 3. Í 90 ár.
1. Ólafur segir það ólíklegt. 2. 5,3

Niðurstöður um Wikileaks:

Skadaði ekki þjóðaröryggi

BANDARÍKIN, AP Bradley Manning, sem sakaður er um að hafa komið hundruðum þúsunda trúnaðargagna þarlendrar yfirvalda í hendur Wikileaks-manna, segir þrjár skýrslur frá alríkisstjórninni sýna að þjóðaröryggi Bandaríkjanna hafi ekki verið ógnað með skjalalekanum. Lögmaður Manning segir skýrslurnar gerðar af varnarmálaráðuneytinu, Hvíta húsinu og utanríkisráðuneytinu. Niðurstöður þeirra stangist á við fyrri fullyrðingar háttsettra manna um að lekinn gæti skadað öryggi Bandaríkjanna. -gar



BRADLEY MANNING

Vatnaskil í fjarskiptamálum milli Rússlands og Íslands með fyrirhuguðum sæstreng frá Arkangelsk:

Með burðargetu á við fimmtíu sæstrengi

TÆKNI Nýr hátækisæstrengur milli Íslands og Rússlands gæti orðið að veruleika á næstunni. Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, lýsti yfir áhuga sínum á lagningunni á blaðamannafundi með Össuri Skarphéðinssyni í Moskvu í gær. Össur segir það markmið stjórnvalda að gera Ísland að miðstöð fjarskipta og gagnaflutninga á norðurslóðum. Strengurinn hefði burðargetu sem samsvaraði heildargetu allra hinna fimmtíu strengjanna sem nú þegar liggja milli Evrópu og Bandaríkjanna. Össur hefur á síðustu mánuðum

verið í samskiptum við Rússa um lagningu strengsins. Fyrirtækið Polarnet í Rússlandi, sem vinnur nú að lagningu strengs frá Arkangelsk við Hvítahaf austur til Asíu, mun leggja strenginn áfram til Íslands í samvinnu við íslenska fyrirtækið Norline, ef samningar nást. Kostnaður við strenginn verður um 150 milljónir Bandaríkjaríkjadala og er áætlað að hefja undirbúning um mitt næsta ár. Aðrir aðilar vinna nú að lagningu sæstrengs milli Íslands og Bandaríkjanna, sem á að komast í gagnnið næsta ár. Össur segir hugmyndina hafa



RÁÐHERRAR Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Sergei Lavrov, rússneskur starfsbróðir hans, ræddu meðal annars lagningu sæstrengs milli Íslands og Rússlands.

sprottið upp í umræðum um að auka mikilvægi Íslands á norðurslóðum. Hún lofi góðu og geti örvað mjög viðskipti við Ísland varðandi gagnaflutninga og gagnaflutninga. „Ísland hefur allt sem til þarf, bæði samkeppnishæfa orku og fyrsta flokks tengingar, bæði til Evrópu um strengina til Danmerkur og Skotlands. Síðan er komin tenging til Grænlands sem liggur áfram til Kanada. Þegar fjarskipta-strengurinn til Bandaríkjanna er kominn í gagnnið er varla hægt að hugsa sér betri kost fyrir Rússa en að tengjast Íslandi,“ segir Össur. -þj

Forsetaframbjóðandi í tónum vandræðum:

Óvíst með framhald hjá Herman Cain

BANDARÍKIN, AP Repúblikaninn Herman Cain hyggst á næstu dögum endurskoða framboð sitt til forseta eftir að enn eitt hneykslismálið honum tengt kom upp á yfirborðið. Kona á fimmtugsaldri, Ginger White að nafni, hefur nú stigið fram og kveðst hafa átt í ástarsambandi við Cain, sem er kvæntur maður, í 13 ár. Því sambandi hafi ekki lokið fyrr en nýlega, eftir að hann ákvað að bjóða sig fram. Cain hélt ótrauður áfram þrátt fyrir ásakanir fjögurra kvenna um kynferðislega áreitni, en



HERMAN CAIN

White segir að árásir hans á þær konur undanfarið hafi orðið til þess að hún hafi ákveðið að stíga fram. Cain kom vel út úr skoðanakönnunum á tímabili og var um nokkurra vikna skeið með forystu, en hefur látið undan síga eftir að ásakanirnar komu fram. Frambjóðandinn hefur sjálfur neitað því að hafa haldið við White og sagst ætla að halda framboðinu til streitu. Heimildir fjölmiðla herma þó að hann hafi sagt aðstoðarfólki sínu að hann muni hugsa sinn gang á næstu dögum. -þj



RÆKTUN Þó að sett hafi verið takmörk á magn um 300 efna í matvælum, til dæmis skordýraeituris og sveppaeituris, er ekki hægt að mæla hvort íslensk matvara sé innan löglegra marka nema senda sýni úr landi. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki hægt að meta erfðabreytt matvæli

Áframhaldandi undanþága frá matvælaöryggi ESB stuðlar ekki að auknu matvælaöryggi segir forstjóri Matvælastofnunar. Segir kostnað við rannsóknir á sýnum verða hærri þar sem ráðherra sé andvígur því að sótt verði um styrk til ESB fyrir tækjakaupum.

STJÓRNSÝSLA Íslensk stjórnvöld þurfa að svara því hvort þau ætla að verja fé í að byggja upp rannsóknaraðstöðu hér á landi fyrst afstaða þeirra varð til þess að hætt var við að sækja um styrk til Evrópusambandsins (ESB) til að koma upp slíkrri aðstöðu, segir Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar.

„Það stuðlar ekki að auknu matvælaöryggi hér á landi að halda undanþágu sem við höfum verið á, eða að mæla færri efni en búið er að setja hámark um,“ segir Jón. Hann segir að þau tæki sem hafi átt að kaupa fyrir styrk frá ESB hefðu meðal annars nýst til að framfylgja lögum um merkingu erfðabreyttra matvæla, sem taka gildi um áramót. Án tækjanna þurfi að senda sýni í rannsókn erlendis með tilheyrandi töfum og auknum kostnaði.

Samkvæmt matvælaöryggisáttum ESB ber Matvælastofnun að rannsaka hvort íslensk matvæli innihaldi meira magn en leyfilegt er af um 300 efnum, til dæmis skordýraeitri og sveppaeitri. Ísland tók upp löggjöfina sem hluta af samningnum um evrópska efnahagssvæðið, en vegna undanþágu taka ákvæði um mælingarnar ekki gildi fyrr en um áramót. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær höfðu Matvælarannsóknir Íslands, sem er opinbert hlutfélag, sótt um 300 milljóna króna styrk frá ESB til að koma sér upp búnaði til rannsókna. Um var að ræða svokallaðan IPA-styrk, sem stendur til boða þeim ríkjum

300 milljóna króna var sú styrk-
upphæð sem
Matvælarannsóknir Íslands
höfðu sótt um til ESB vegna
innleiðingar matvæla-
löggjafarinnar.

sem eiga í aðildarviðræðum við ESB. Stjórn fyrirtækisins ákvað hins vegar fyrir helgi að hætta við styrkumsóknina, meðal annars vegna afstöðu Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, til styrkja frá ESB. Jón Gíslason hjá Matvælastofnun segir að málið verði tekið upp við ráðuneytið. Mögulega verði sótt um áframhaldandi undanþágu frá þessu ákvæði matvælaöryggisáttanna, þó sú laus sé fjarri því eftirsóknarverð.

Þá segir hann eðlilegt að ráðuneytið skýri hvort til standi að íslensk stjórnvöld leggi fé í uppbyggingu rannsóknaraðstöðu fyrst afstaða ráðherra hafi komið í veg fyrir styrkumsókn til ESB til að fjármagna verkefnið. Verði aðstaða til rannsókna ekki byggð upp hér á landi þarf að senda fjölda sýna úr landi til rannsókna. Það hefur bæði í för með sér aukinn kostnað og tafir á rannsóknum Matvælastofnunar. Aukinn kostnaður við hverja sýnatöku gæti þýtt að taka verði færri sýni en stofnunin telur ráðlegt, segir Jón.

brjann@frettabladid.is

GEFÐU LÍFSVON - GEFÐU VATN

Hjálparstarf
kirkjunnar

GJÖF SEM SKIPTIR MÁLI

FÓLK ER AÐ DEYJA ÚR HUNGRI Í AUSTUR-AFRÍKU!

Með því að útvega hreint vatn og tryggja fæðu björgum við lífum

Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka

Einnig:

- frjálst framlag á framlag.is
- gjafabréf á gjofsemgefur.is
- 907 2003 styrktarnúmer (2.500 kr.)
- söfnunarreikningur: 0334-26-50886 kt. 450670-0499

actalliance



Madeira

Eyja hins eilífa vors
10. – 20. apríl.

Beint flug með Icelandair.

MADEIRA

Madeira er gjarnan kölluð „Eyja hins eilífa vors“ eða „Garðurinn fljótandi“. Þessi stórbrotna, blómstrandi paradísareyja er u.þ.b. 600 km vestur af ströndum Afríku og nýtur því hita-beltisloftslags sem eykur enn á aðdráttarafl hennar.

Ótal fleiri gistinguþing á VITA.is



Baía Azul

★★★★★

Vel staðsett, aðeins um 2,5 km frá miðbæ Funchal. Fallegt útsýni er yfir Atlantshafið frá sundlaugargarðinum sem er með tveimur upphituðum sundlaugum.

Verð frá 181.700 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 191.700 kr.



CS Madeira

★★★★★

Flott og einstaklega fallegt fimm stjörnu hótél á góðum stað í Funchal. Hótelið stendur við sjóinn og er hannað með það í huga að útsýnið yfir Atlantshafið njóti sín.

Verð frá 190.610 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 200.610 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið



FJÖGURRA ÁRA Hvítábjörninn Arktos borðaði ísköku, sem var búin til úr fiski og grænmeti, á afmælisdegi sínum í gær. Arktos býr í dýragarðinum í Hannover í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Margir vildu 19. aldar grip: Íslandsvasi fór á 3,5 milljónir

LIST Postulínsvasi með mynd af Bessastöðum var á mánudag seldur hjá danska uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn fyrir 3,5 milljónir króna með uppboðsgjöldum.

Jóhann Hansen hjá Gallerí Fold sagði við Listapóstinn að loknu uppboðinu að starfsfólk gallerísins hefði boðið í vasann fyrir þrjú mismunandi aðila, þó ekki þann sem hreppti gripinn. Myndin á vasanum er eftir málverki sem F. T. Kloss málaði þegar hann kom til Íslands ásamt Friðriki Danakonungi árið 1934. Talið er að tveir



vasar hafi verið gerðir en annar þeirra brunnið hjá konungsfjölskyldunni. Hinn var gefinn Scheelfjölskyldunni, sem á mánudag seldi sinn vasa. -gar

EFTIRSÓTTUR VASI Mynd af Bessastöðum prýðir vasann sem seldur var í Kaupmannahöfn.

Útboðsverk á Tálknafirði: Auka aðgengi að heitu vatni

TÁLKNAFJÖRÐUR Borun eftir heitu vatni á Tálknafirði verður boðin út á næstunni. Hreppsnefnd sveitarfélagsins hefur ákveðið að bjóða verkið út. Með auknu aðgengi að heitu vatni er vonast til að húshitunarkostnaður lækki og atvinna aukist.

Sveitarfélagið nýtir nú þegar heitt vatn úr tveimur heitavatsnolum í Sveinseyrarhlíð við Tálknafjörð, fyrir sundlaugina, Pollinn, íþróttahúsið og fyrirtæki bæjarins. RÚV greindi frá.

Hreppsnefndin hefur sótt um fjárveitingu til verksins frá Orkusjóði. -sv

80 prósent af þeim tæplega 2.000 bankastarfsmönnum sem hafa misst vinnuna eftir hrun eru konur:

Íslandsbanki segir upp 42 starfsmönnum

ATVINNUMÁL Íslandsbanki hefur sagt upp 42 starfsmönnum, 26 konum og 16 körlum. Uppsagnirnar eru liður í hagræðingu innan bankans eftir að hann keypti og sameinaðist Byr.

Um 66,5 prósent starfsmanna bankans eru konur, að því er kemur fram í tilkynningu frá bankanum. Þar segir að aðgerðirnar séu hluti af almennri hagræðingu í íslenska fjármálakerfinu og séu mikilvægar í ljósi aukins eftirlitskostnaðar og vaxandi opinberrar gjaldtöku á fjármálafyrirtæki.

Alls fækkar þó starfsmönnum Íslandsbanka um 63, þar sem gengið hefur verið frá starfslokum 21 starfsmanns að auki sem eru annaðhvort að fara á eftirlaun eða hætta að

eigin ósk. Fólkið hættir störfum um áramót.

Tæplega 2.000 bankastarfsmönnum hefur verið sagt upp hér á landi síðan um mitt ár 2008, samkvæmt Friðbert Traustasyni, stjórnarformanni Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). Þar ef eru um 80 prósent konur, sem þýðir að um 1.600 konur og 400 karlar hafa misst vinnuna síðan í efnahagshruninu.

Friðbert segir í samtali við fréttastofu Vísis að það gangi líklega þvert á tilfinningu margra, sem og stefnu stjórnvalda, að kynjahlutföllin séu svo ójöfn. SSF muni aðstoða alla þá sem sagt var upp eftir fremsta megni, en samtökin voru upplýst um hvað stæði til, áður en tilkynnt var um uppsagnirnar. -sv



HÖFUÐSTÖÐVAR ÍSLANDSBANKA Alls munu 63 hætta störfum hjá bankanum um áramót, annaðhvort vegna starfslokasamninga eða uppsagna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vísa hvor á annan um hver brenndi Krýsuvíkukirkju

Grín sem spratt af umræðu um „djöflakross“ varð til þess að hópur ungmenna hélt í Krýsuvíkukirkju og brenndi hana til grunna. Óljóst er hins vegar hvert þeirra kveikti eldinn og stendur þar orð á móti orði.

DÓMSMÁL Ekkert þeirra fjögurra ungmenna sem ákærð eru fyrir að hafa brennt Krýsuvíkukirkju til grunna í janúar 2010 gekkst við því fyrir dómi í gær. Tveir ríflega tvítugir menn vísuðu sökinni hvor á annan – þótt annar þeirra hafi gengist við öllu meiri þátttöku en hinn.

Kirkjan, sem hefur verið á þjóðminjaskrá síðan 1990, brann til kaldra kola aðfaranótt 2. janúar 2010.

Sakborningunum fjórum, tveimur 21 árs piltum og tveimur átján ára stúlkum, ber nokkurn veginn saman um hvað gerðist framan af kvöldi. Annar pilturinn, kunningi stúlkanna, hafi sótt þau á bíl og þau farið á rúntinn.

„Ég held að við höfum tekið einhvern smá-rúnt – og það var allt í góðu – en svo kom sú hugmynd upp að kveikja í kirkju,“ sagði öku- maðurinn, sem hin þrjú voru reyndar sammála um að hefði verið helsti hvatamaðurinn að ferðinni suður í Krýsuvík. Umræður hafi sprottið um „djöflakross“ sem önnur stúlkann hafi borið um hálsinn og í kjölfarið hafi hún stungið upp á því í gríni að þau skyldu brenna kirkju. Hugmyndina hafi öku maðurinn gripið á lofti og ekið til Krýsuvíkur með viðkomu á bensinstöð þar sem fyrir liggur að hann fyllti á bílinn og dældi á brúsa í leiðinni.

Öll ungmennin gangast við því að hafa farið inn í kirkjuna þegar komið var á leiðaranda en þar myrkvast hins vegar málið. Stúlkurnar segja öku manninn hafa tekið til við að skvettu úr bensínbrúsanum á stiga og síðan borið eld að svo úr rauk. Þær hafi þá farið út og skilið strákana tvo eftir og ekki séð hvað síðan gerðist.

Hinn pilturinn vísar allri ábyrgð á öku manninn. Sjálfur hafi hann ekkert gert sem tengdist íkveikjunni. Hann hafi ekki þekkt öku manninn og óttast hann mjög, enda hafi hann gortað af glæpum og skemmdarverkum á leiðinni suður. Þegar hann hafi hitt öku manninn nokkru síðar hafi sá haft í óbeinum hótunum við hann og látið hann sitja andspænis geltandi schäferhundi.

Öku maðurinn hefur aðra sögu að segja. Piltarnir hafi hella í sameiningu úr brúsan-



ALLIR SEGJAST SAKLAUSIR Þrjú sakborninganna eru sammála um að öku maðurinn í ferðinni, annar frá vinstri, hafi verið höfuðpaurinn í málinu og helsti hvatamaðurinn að brennunni. Sjálfur gengst hann við því að hluta en neitar því þó að hafa kveikt eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

4.000 krónur hurfu úr safnaðarbauki

Fólkið er jafnframt ákært fyrir að hafa stolið um 4.000 krónur úr safnaðarbauki í kirkjunni. Það kannast við að mikið klink hafi ratað inn í bílinn fyrir ferðina heim en minnst þess ekki að hafa tæmt baukinn. Þá sverja allir af sér að hafa fengið peningana í sinn hlut, hvað þá eytt þeim.

um, sem þó hafi ekki verið þungur, og honum snúist hugur þegar ekki hafi tekist að kveikja í stiganum. Fjórmennin hafi hins vegar allir ákveðið að rífa niður Biblíur og sálma-

bækur, hinn maðurinn hafi sett pappírinn inn í altarið og kveikt í. Sá síðarnefndi hafnar þessu. „Ég ríf ekki bækur,“ segir hann.

Öku maðurinn segist hafa verið mjög andvígur öllu saman. „Ég sagði að það kæmi ekki til greina að kveikja í altarinu.“ Þarna ber því nokkuð í milli. Af framburði öku mannsins var þó að skilja að hann myndi atburðarásina mjög illa. Allir voru sammála um að stúlkurnar tvær hefðu ekkert gert.

Þjóðminjasafnið krefur fjórmennina um 8,7 milljónir króna í bætur, en þeir hafna allir kröfunni. Aðalmeðferðin heldur áfram síðar.

stigur@frettabladid.is

jól.is
á Vísí

sögur
uppskriftir
gjafir leikir
o.fl. o.fl.

VÍSIR

Mikil kosningabátttaka kemur herföngjastjórninni í Egyptalandi þægilega á óvart: Ótti við sektir hvetur kjósendur

EGYPTALAND, AP Ótti almennings í Egyptalandi við sektir, sem herföngjastjórnin hefur hótad að leggja á hvern þann sem ekki tekur þátt í þingkosningunum, kann að eiga sinn þátt í því hve góð kosningabátttakan hefur verið þessa tvo fyrstu daga.

Fólk hefur flykkst á kjörstaðina og aðstoðað aldraða eða sjúka ættingja, sem eiga erfitt um fótaferð, við að komast á staðinn.

Þessi mikla kosningabátttaka gengur þvert á afstöðu mótmælenda, sem treysta ekki herföngjastjórninni til að halda frjálsar kosningar.

Að mestu leyti virðast kosningarnar hafa farið vel fram. Víða hafa þó stjórnvalaflokkar sent liðsmenn sína á kjörstaði, í orði kveðnu til þess að aðstoða kjósendur við að komast á réttan stað, en í reynd ekki síður til að dreifa kosningaráróðri og tala fyrir málstað síns flokks.

Iðnastir við þetta hafa verið flokkar íslamista, sem fyrir fram er spáð flestum atkvæðum. Frjálslyndari flokkar og veraldlega sinnar hafa margir gengið sundraðir og veikburða til kosninganna, ekki síst vegna innbyrðis deilna um það hvort rétt sé að taka þátt í kosningunum af heilum hug eða beina kröftunum frekar að því að krefjast afsagnar herföngjastjórnarinnar. -gb



SÝNIR PERSÓNUSKILRÍKI Egyptsk kona bíður á kjörstað eftir því að röðin komi að henni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sex mánuðir á skilorði:

Var með kíló af hassi á bílgólfi

DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni.

Maðurinn var tekinn með tæpt kíló af hassi á síðasta ári. Hann hafði falið hassið í bíl sínum.

Þá var maðurinn dæmdur fyrir að hafa ræktað nær 90 kannabisplöntur og haft í fórum sínum slatta af kannabislaufum og marjúana. Þá kom í ljós að maðurinn var án ökuréttinda þegar lögreglumenn stöðvuðu hann. Hann jataði brot sín fyrir dómi. - jss

Rannsókn á vegum Sameinuðu þjóðanna leiðir í ljós alvarleg mannréttindabrot í Sýrlandi:

Segja meira en 250 börn hafa verið drepin

SVISS, AP Sýrlenskir hermenn hafa drepð hundruð barna og framið ýmsa aðra glæpi gegn mannkyni frá því að stjórnvöld hófu harkalegar aðgerðir gegn mótmælendum snemma á árinu.

Þetta kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem hefur rætt við hundruð vitna og fórnarlamba frá Sýrlandi.

„Meðal þessara glæpaverka eru morð, pyntingar, nauðganir og annars konar kynferðislegt ofbeldi,“ segir Paolo Pinheiro, formaður nefndarinnar. „Við erum með mjög traust gögn í höndunum.“

Í skýrslunni kemur fram að meira en 250 börn hafi verið drepin, þar á meðal

tveggja ára stúlka sem var skotin til bana til þess eins að koma í veg fyrir að hún tæki þátt í mótmælum þegar hún yrði eldri.

„Pyntingum var beitt jafnt á börn sem fullorðna,“ segir í skýrslunni. Einnig kemur þar fram að stjórnarherinn hafi skotið af handahófi á óvopnaða mótmælendur. Þá hafi hermenn fengið beinar skipanir um að skjóta mótmælendur til bana í þeim tilgangi að stöðva mótmæli.

Vaxandi alþjóðlegur þrýstingur hefur verið síðustu daga á Bashar al-Assad Sýrlandsforseta að fara frá völdum, meðal annars frá Arababandalaginu og Vesturlöndum. - gb



RANNSÓKNARNEFNDIN KYNNIR NIÐURSTÖÐUR Yakin Erturk, Paolo Pinheiro og Karen Abu Zayd skýra frá morðum, nauðgunum og pyntingum. NORDICPHOTOS/AFP

Ný bók fyrir framhaldsskóla:

Nýtt efni fyrir kynfræðslu

MENNTAMÁL Nýtt kynfræðsluefni fyrir framhaldsskóla, Ungt fólk og kynlíf, er komið út.

Að sögn höfunda hefur náms efnið verið kennt í tilraunaskyni í nokkrum framhaldsskólum og auk þess hefur það verið yfirfarið af fagaðilum. Bókin er gefin út á vegum Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir og hefur verið styrkt af þeim samtökum, Menntamálaráðuneytinu og Forvarnasjóði Lýðheilsustöðvar.

Höfundar eru Sóley S. Bender, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Solveig Jóhannsdóttir ljósmóðir. - sv



ÆFING Hópslysaviðbúnaður verður efldur með nýjum sjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styðja við björgunarsveitir:

Isavia styður Landsbjörg

ÖRYGGISMÁL Isavia ohf. hefur stofnað sérstakan sjóð til að styðja björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Tilgangur sjóðsins er að efla hópslysaviðbúnað björgunarsveita félagsins.


Markmið verkefnisins er að björgunarsveitir, og þar með viðbúnaðarkerfi landsins, séu ávallt sem best búnar til þess að takast á við hópslys.

Verkefnið er til þriggja ára og ráðgerir Isavia að styrkja björgunarsveitirnar um fimm milljónir króna í ár og átta milljónir árin 2012 og 2013, samtals um 21 milljón króna. - shá

LÖGREGLUFRÉTTIR

Varð undir dráttarvél

Kona lenti undir dráttarvél sem verið var að draga í gang um nýliðna helgi. Fór afturhjóll dráttarvélarinnar yfir bæði læri hennar. Konan slasaðist lítils háttar og fékk að fara heim að læknisskoðun lokinni.



Jóladagatal Sprotanna

Listahátíðin

Fylgstu með Sprotu og vinum hans á hverjum degi til jóla í spennandi ævintýri um listahátíðina. Sagan er skrifuð og lesin af Felix Bergssyni og Kári Gunnarsson myndskreytir. Ævintýrið er einnig flutt á táknmáli.

Sprotarnir eru talsmenn barnþjónustu Landsbankans og eru skemmtilegir og skynsamir í fjármálum. Gjafakort Sprotanna er sniðug gjöf fyrir káta krakka og fæst í öllum útibúum Landsbankans.

Fylgstu með á Sproti.is



Kia cee'd

Eigum úrval notaðra Kia cee'd fólksbíla, dísil eða bensín. Nánar á askja.is

Verð frá 1.990.000 kr.

**Kia Sorento 4x4**

Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísil eða bensín. Nánar á askja.is

Verð frá 2.880.000 kr.

**Mitsubishi Pajero 4x4**

árg. 2007, ekinn 147 þús. km. 2900cc, dísil, sjálfsk.

Verð 5.190.000 kr.

**Mercedes-Benz GLK**

árg. 2011, ekinn 2 þús. km. 2143cc, dísil, sjálfsk.

Verð 8.900.000 kr.

**Volkswagen Passat**

árg. 2007, ekinn 38 þús. km. 2000cc, dísil, sjálfsk.

Verð 3.490.000 kr.

**Nissan Patrol 4x4**

árg. 2007, ekinn 80 þús. km. 3000cc, dísil, sjálfsk.

▶ Verð 4.590.000 kr.



▶ Elegance útf./Leður

Ford F150 4x4

árg. 2005, ekinn 69 þús. km. 5400cc, bensín, sjálfsk.

Verð 2.990.000 kr.

**Toyota Yaris**

árg. 2008, ekinn 69 þús. km. 1000cc, bensín, beinsk.

Verð 1.590.000 kr.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

FRÉTTASKÝRING: Alþingi samþykkti fullveldi Palestínu

GLEÐI Á PÖLLUNUM Þingmenn, þar á meðal Amal Tamimi, fóru upp á þingpalla að lokinni atkvæðagreiðslu og heilsuðu upp á Palestínumenn og aðra stuðningsmenn tillögunnar sem höfðu mætt á pallana. Klappað var lengi á pöllunum eftir að tillagan hafði verið samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Söguleg stund fyrir Ísland og Palestínu

Alþingi samþykkti í gær með 38 samhljóða atkvæðum að fela ríkisstjórninni að viðurkenna sjálfstæða og fullvalda Palestínu. Sjálfstæðismenn sátu hjá. Ísland verður þar með fyrsta vestræna lýðræðisríkið til að viðurkenna Palestínu.

Alþingi samþykkti samhljóða í gær að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Ísland verður með því fyrsta vestræna ríkið til að viðurkenna fullveldi Palestínu. Alls greiddu 38 þingmenn úr Samfylkingunni, Vinstri grænum, Hreyfingunni og Framsóknarflokknum atkvæði með tillögunni. Þrettán þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Aðrir voru fjarverandi.

„Það er söguleg stund nú þegar við göngum til atkvæða um viðurkenningu Íslands á fullveldi og sjálfstæði Palestínu á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna með frelsisbaráttu Palestínu,“ sagði Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, fyrir atkvæðagreiðsluna í gær. Hann sagði Íslendinga oft hafa skipað sér í forystuveit ríkja í sjálfstæðis- og mannréttindabaráttu á alþjóðavettvangi. „Nú hafa Palestínumenn óskað eftir stuðningi við að verða fullgildir aðili að Sameinuðu þjóðunum og þannig kallað eftir stuðningi ríkja við sjálfstæðisbaráttu sína. Því kalli eignum við Íslendingar að svara með stolti og gleði.“

Sjálfstæðismenn greiddu ekki atkvæði um tillöguna. Ragnheiður Elín Árnadóttir þingflokksformaður var eini þingmaður flokksins sem tók til máls. „Mál af þessum toga eignum við Íslendingar að vinna í sameiningu, leggja okkur fram um að mynda samstöðu um utanríkisstefnu í öllu tilliti. Það hefur því miður ekki verið gert hér. Við sjálfstæðimenn munum sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu,“ sagði hún. Sjálfstæðismenn vilja fylgja þeim ríkjum sem telja að fyrst eigi að koma á friði og svo fái Palestína sjálfstæði í kjölfarið. Hún sagðist vona að tillagan yrði palestínsku þjóðinni til

Gæti ekki verið stoltari

„Ég gæti ekki verið meira stolt af því að fá að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu,“ sagði Amal Tamimi, varþingmaður Samfylkingarinnar, þegar hún gerði grein fyrir atkvæði sínu í gær. Amal er frá Palestínu. Hún sagði daginn sögulegan fyrir bæði Íslendinga og Palestínumenn. „Ég þarf ekki að vera íslensk eða palestínsk, ég er bæði og,“ segir Amal.

„Með viðurkenningu er Ísland að segja við börn í Palestínu að það sé von, að börn í Palestínu eigi sömu réttindi og önnur börn og ættu að geta farið í skóla og leikið sér án ótta við að vera drepin. Við á Íslandi vonum að viðurkenning þýði frið, frelsi og mannréttindi. Við viljum frið fyrir okkar börn og líka börn í Palestínu.“



ATKVÆÐAGREIÐSLAN Amal Tamimi ásamt fleiri þingmönnum við atkvæðagreiðsluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

góðs og myndi ekki draga úr líkum á friði í Miðaustralöndum.

Birgitta Jónsdóttir og Þór Saari, þingmenn Hreyfingarinnar, tóku bæði til máls. Birgitta sagðist stolt af því að vera þingmaður á Alþingi við þetta tilefni. Hún kvaðst ánægð með að þingmenn Sjálfstæðisflokksins skyldu ekki greiða atkvæði gegn tillögunni þótt eðlilegt hefði verið að hennar mati að allir kysu með henni. „Ég er ánægð að við Íslendingar þorum að standa með kúguðum þjóðum.“ Þór sagði að málið hefði aldrei farið í gegnum þingið með annan þingmeirihluta.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra óskaði þingmönnum og öðrum til hamingju með daginn og þá samþykkt sem gerð var. „Við Íslendingar erum hér að leggja okkar litla lóð á rétta vogarskál. Óháð því hvort við teljum

þetta hafa meiri áhrif eða minni þá eigum við að gera þetta samt, af því að það er svona sem við viljum hafa þetta. Þetta er rétt afstaða.“ Steingrímur þakkaði utanríkismálanefnd og utanríkisráðherra fyrir þátt þeirra. Fleiri þingmenn tóku í sama streng og þökkðu þeim þingmönnum sem hafa barist fyrir málinu. Þá óskuðu margir Palestínumönnum til hamingju.

Þeirra á meðal var Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Hann sagði eðlilegt að skoðanir væru skiptar um málið en að Framsókn þætti tillagan eðlilegt skref.

Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is



Spænsk rannsóknarnefnd:
Leifar Francos verði færðar til

SPÁNN Nefnd á vegum spænskra stjórnvalda hefur lagt til að jarðneskar leifar einræðisherrans Francisco Franco verði fjarlægðar úr grafreit í nágrenni Madrid og afhentar afkomendum hans. BBC segir frá. Franco liggur nú ásamt 34.000 mönnum sem létust í borgarastríðinu, en samkvæmt skýrslu nefndarinnar er það ekki við hæfi því að Franco lést ekki í stríðinu.

Hann lést af eðlilegum orsökum árið 1975, 36 árum eftir að borgarastyrjöldinni lauk.

Nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar munu ekki fara með faðirvorið í kirkjunum þessi jól:

Ekki miklu breytt þrátt fyrir nýjar reglur

MENNTAMÁL Grunnskólar í Reykjavík virðast ekki ætla að bregða mikið út af vananum á aðventunni varðandi jólahefðir og kirkjuferðir þetta árið.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra skóla til að greinast fyrir um hvaða áhrif breytingar mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um samskipti skóla og trúfélaga í borginni hafa á jólahald.

Flestir voru sammála um að ekki yrði miklu breytt; börnin færu áfram í kirkju, sálmar yrðu sungnir og helgileikir yrðu haldnir.

Allt er þetta þó partur af jólahefðum og fellur því ekki undir reglur Reykjavíkurborgar um trúboð í skólum. Kirkjuferðir verða þó farnar í fræðsluskyni og börnin munu ekki fara með faðirvorið eða verða látin signa sig í kirkjunni.

Þórður Óskarsson, aðstoðarskólastjóri Háteigsskóla, segir að farið verði í kirkju í fræðsluskyni en ekkert verði hróflað við hefðum innan skólans.

„Við lítum svo á að við fáum lánað húsnæði og ekkert trúboð er í því fölgandi. Við munum ekki

fara með faðirvorið, engir sálmar verða sungnir og það verður ekkert jólaguðspjall. Ekkert Heims um ból. Við sníðum af þessu sem okkur ber að gera.“

Einnig var rætt við forsvarsmenn Breiðagerðisskóla, Vesturbæjarskóla, Álftamýrarskóla, Fellaskóla og Laugarnesskóla. Flestir ætluðu að leyfa sálmasöngva í kirkjum, en Vesturbæjarskóli hefur tekið alfarið fyrir kirkjuheimsóknir, eins og í fyrra. Álftamýrarskóli sendir bréf heim til foreldra til að fá samþykki áður en farið er í kirkju.



HELGILEIKUR Í FOSSVOGSSKÓLA Flestir skólar sem Fréttablaðið ræddi við ætla að halda í gamlar jólahefðir, með smávægilegum breytingum þó.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ná ekki að efna til útboðs:
Orkuveita með jólaaskreytingar

SVEITARSTJÓRNARMÁL Akraneskaupstaður hyggst taka tilboði Orkuveitunnar í uppsetningu jólaaskreytinga fyrir komandi hátíðar. Að því er fram kemur í erindi Framkvæmdastofu til bæjarstjórnarinnar var ætlunin að bjóða út uppsetningu jólaaskreytinganna að þessu sinni í kjölfar þess að Orkuveitan tilkynnti að fyrirtækið væri hætt að kosta skreytingarnar eins og tíðkast hafi.

Vegna anna hafi ekki gefist ráðrúm til að ljúka vinnu við útboð og því væri lagt til að tilboði Orkuveitunnar upp á 2,1 milljón króna yrði tekið að þessu sinni en að fleiri fái að bjóða í verkið á næsta ári.

- gar



AFKOMENDUR ÚLFA Talið er að hundar séu komnir af úlfum sem tamdir voru fyrir að minnsta kosti 15 þúsund árum.

NORDICPHOTOS/AFAP

Besti vinur mannsins frá Kína:
Forfeður hunda tamdir í Asíu

VÍSINDI Forfeður allra hunda bjuggu í suðurhluta Kína, sunnan við Jangtse-fljótið, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sænskra vísindamanna á genum hunda. Talið er að hægt sé að rekja ættir allra nútímahunda til úlfa sem menn á þessu svæði tömdu.

Erfðafræðingar verði sammála um að hundar hafi þróast út frá úlfum, en hafa hingað til talið að þróunin hafi átt sér stað í Mið-Austurlöndum.

Sænsku vísindamennirnir benda á að í þeim rannsóknum sem hingað til hafi verið vísað til hafi engin sýni verið tekin úr hundum frá Suður-Kína, sem hafi skekkt niðurstöðurnar.

- bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Strákar príla í jólatré
Lögreglunni í Vestmannaeyjum var nýverið tilkynnt að tveir ungir drengir væru að príla í jólatrénu sem er á Stakkagerðistúni. Ljós höfðu verið tendruð á því síðastliðinn föstudag. Talið er að drengirnir hafi ætlað að losa perur úr seríu sem er á trénu, en vökull vegfarandi hindraði það.



SÖNGVA BORGAR-DAGURINN

Sannkölluð fjölskylduhátíð verður í Háskólabíói laugardaginn 3. des. kl. 13 í tilefni af því að DVD-diskurinn Söngvaborg 6 er kominn út.

Allir vinir barnanna úr Söngvaborg verða á staðnum. Sigga og María mæta á svæðið ásamt Lóu (ó)kurteisu, Subba sjóræningja og Masa, að ógleymdum sjálfum Georg. Friðrik Ómar og Jógvan syngja lög af nýútkominni barnaplötu áður en skemmtunin hefst.

**Miðaverð til Vildarklúbbsfélaga er 1.330 kr.*
Almennt verð er 1.900 kr. og miðasala er á midi.is.**

*Tölvupóstur með afsláttarkóða hefur verið sendur til félaga í Vildarklúbbi Íslandsbanka.



Georg er kominn aftur í Íslandsbanka. Við tökum vel á móti öllum sem vilja tæma bankana sína og fá fallega Georgsgjöf í verðlaun eða ná sér í nýjan Georgsbauk.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Ísland viðurkennir Palestínu.

Stór stund á Alþingi í gær

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967. Svo hljóðar upphaf þingsályktunartillögu utanríkisráðherra sem samþykkt var á Alþingi í gær. Ísland er með samþykkinu komið í hóp rúmlega 130 ríkja sem viðurkenna sjálfstæði Palestínu en er fyrst Norðurlandarákja til að stíga þetta skref og raunar einnig fyrst gróinna vestrænna lýðræðisríkja.

Þetta var stór stund í sögu utanríkisstefnu Íslands. Dæmin sanna að hvert eitt skref skiptir máli þegar um baráttu er að ræða fyrir viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á sjálfstæði ríkis. Hlutur Íslands í sjálfstæði Eystrasaltslandanna fyrir tveimur áratugum er gott dæmi um þetta.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Það setti sannarlega svip sinn á þingfundinn í gær að einn þeirra þingmanna sem samþykktu tillöguna er upprunninn í Palestínu. Amal Tamimi er fædd og uppalin í Jerúsalem. Hún flutti til Íslands árið 1995, þá skráð án ríkisfangs. Íslenskan ríkisborgararétt fékk hún árið 2002 og situr hún á þingi sem varaþingmaður fyrir Samfylkinguna.

Það er erfitt að setja sig í spor þjóðar sem býr við viðlíka aðstæður og Palestínunum á herteknum svæðum, í Ísrael og í nærliggjandi löndum án ríkisfangs. Kynslóð eftir kynslóð hefur lifað í algerrri óvissu um framtíð sína og borgaraleg réttindi sín og barna sinna.

Nú leggja Palestínunum upp með að ríki þeirra verði byggt upp á broti af því landsvæði sem Sameinuðu þjóðirnar lögðu til árið 1947. Þar með er rétt fram sáttahönd sem Ísraelsmenn hafa þó virt að vettugi til þessa. Ekki þarf að fjölyrða um aflsmuninn milli ríkjanna tveggja. Þess vegna er stuðningur alþjóðasamfélagsins við málstað Palestínu svo mikilvægur.

Í síðasta mánuði samþykkti UNESCO, vísinda-, mennta- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, fulla aðild Palestínu að samtökunum þrátt fyrir að sú samþykkt kosti stofnunina framlag Bandaríkjamanna til starfseminnar, en það nemur meira en fimmtungi fjárframlaga til UNESCO. Þetta er til marks um að alþjóðasamfélagið ætlar ekki lengur að láta Ísrael með stuðningi Bandaríkjanna kúga sig til þess að horfa aðgerðalaust upp á stöðug mannréttindabrot gegn Palestínunömmum. Nýtt skeið, skeið viðurkenningar og mannréttinda, fer nú vonandi í hönd í Palestínu.

Dagurinn í gær var enn ein varðan á leið Palestínu til þess að verða frjálst og fullvalda ríki. Hann var utanríkisráðherra Íslands, formanni utanríkismálanefndar, stjórnarþingmönnum og hluta stjórnarandstöðupingmanna til sóma. Sömi þingmanna Sjálfstæðisflokks af þessu máli er þeim mun minni.

Íslendingar mega vera stoltir af stuðningi sínum við sjálfstætt ríki Palestínunanna eins og þeir hafa verið stoltir af hlut þjóðarinnar í sjálfstæði Eystrasaltslandanna.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skriplað á líkingu

Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, þykir lítið til ríkisstjórnarinnar koma. Í umræðum um störf þingsins í gær bjó hann þeim skoðunum sínum þau orð að málflutningur þingflokksformanns Samfylkingarinnar, Oddnýjar G. Harðardóttur, minnti helst á málflutning blaðafulltrúa Saddams Hussein. Oddný minnti Guðlaug á blaðafulltrúann þar sem bæði voru auðtrúa á vonlausan málstað, að mati þess síðarnefnda. Þetta fór illa í marga í þinginu, ekki síst þar sem fjölmargir áhorfendur sátu á þingpöllum sem eiga uppruna sinn að

rekja til Palestínu en höfðu búið í Írak. Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, sneraði Guðlaug Þór, enda hefðu margir áhorfendur líðið fyrir ógnarstjórn Saddams. Áður en að snupruninni kom baðst Guðlaugur Þór afsökunar á ummælunum.

Samnýting stjórnarandstöðu

Guðlaugur Þór er ekki sá fyrsti sem nýtir þessa líkingu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, reið á vaðið með nákvæmlega sömu líkingu í ræðu í Borgarnesi um helgina. Kannski er stjórnarandstaðan farin að spara sér vinnu og nota sömu brandarana.



Ráðuneyti kemur til bjargar

Ráðstefna var á dögnum haldin í Hörpu um efnahagsmál Íslands. Kostnaður við ráðstefnuna kom fram á þingi í gær, en hann er tæpar 8,5 milljónir króna. Í ljós kemur að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn greiðir um helming þeirrar upphæðar og ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands afganginn. Þó ekki alveg. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ákveðið að hlaupa undir bagga og setja 56 þúsund krónur í ráðstefnuna. Vonandi er það ekki táknrænt fyrir mikilvægi ráðuneytis Árna Páls Árnasonar.
kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Lífeyriskerfi á traustum grunni?

Lífeyris-sjóðir



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
þingkona Samfylkingarinnar

Í reglugerð um skyldutryggingu lífeyris eins og það er gjarnan kallað, um ávöxtun sjóðanna. Þetta viðmið er í dag 3,5% og grundvallast útreikningur á lífeyri að nokkru leyti á þessu viðmiði en almennu lífeyrisjóðirnir byggja á þeirri grunnhugsun að hver kynslóð standi undir sínum lífeyrisréttindum.

Hér er nauðsynlegt að spyrja tveggja grundvallarspurninga. Í fyrsta lagi: Hversu raunsætt er að byggja lífeyriskerfi á ávöxtun upp á 3,5%? Og í öðru lagi: Hvaða áhrif hefur þetta viðmið á fjármálamarkað og vaxtastig í landinu?

Við getum orðað þær áhyggjur sem margir hafa af þessu með eftirfarandi hætti: Krafa um 3,5% ávöxtun til langs tíma stenst ekki raunsæjar væntingar um hagvöxt og er því of há. Þetta leiðir svo aftur til þess að sjóðirnir krefjast of hárra vaxta af „öruggum“ fjárfestingum (t.d. íbúðarbréfum með ríkisábyrgð) eða leiðast út í áhættumeiri fjárfestingar til að reyna að standa undir væntingum. Vegna þess hversu umsvifamiklir sjóðirnir

eru á fjármálamarkaði leiðir 3,5% viðmiðið í raun til þess að það myndast vaxtagólf fyrir fjárfestingar til langs tíma, t.d. lán heimila til íbúðarkaupa. Í þessari umræðu verðum við að muna að sjóðirnir eru verðtryggðir, enda var verðtryggingu öðrum þræði komið á til að verja þá. Er krafa um 3,5% raunávöxtun hagkerfinu skaðleg?

Því er stundum haldið fram að lækkan ávöxtunarkröfnun bæti kjör heimilanna. Ljóst er að sum heimili myndu hagnast á lægra vaxtastigi á meðan önnur myndu líklega tapa á lægri lífeyrisgreiðslum. Við ættum því að forðast of miklar einfaldanir í þessum efnum.

Það sem máli skiptir er lífeyriskerfi á sjálfbærum efnahagslegum forsendum. Er svo í dag? Eg hef efasemdir og tel að málefnaleg umræða og endurskoðun verði að fara fram. Þess vegna hef ég lagt fram fyrirspurnir til fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra um áhrif viðmiðsins og vænti þess að svörin hvetji til málefnalegar umræðu um þetta flókna hagsmunamál.



Krafa um 3,5% ávöxtun til langs tíma stenst ekki raunsæjar væntingar um hagvöxt og er því of há.

.....

um áhrif viðmiðsins og vænti þess að svörin hvetji til málefnalegar umræðu um þetta flókna hagsmunamál.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FESTINA

Dream úrið frá FESTINA bjart og sindrandi. Hert gler stál og 30 m vatnsvarið.

Dream time

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Opið bréf til alþingismanna – Hugsum stórt en lítum lágt

Líknardeildir

Örn Bárður Jónsson
formaður
Hollvínasamtaka
líknardeilda



Ein frumgáfa mannsins er að greina, flokka og skipa niður. Þroskað þjóðfélag forgangsraðar með siðfræðilegum, heimspekilegum og trúarlegum rökum sem takast á við efnahagsleg rök.

Á vefsíðu MBL 12. ágúst sl. var fjallað um niðurskurð Landspítalans og haft eftir Birni Zoëga forstjóra:

„Landspítalinn þolir ekki áframhaldandi niðurskurð án þess að eitthvað láti undan í þjónustunni [...] Það er komið nóg! [lbr. mín] Spítalinn mun þurfa að skera niður þjónustu og hætta að veita vissa þjónustu ef haldið verður áfram á þessari braut,“ segir Björn og sendir baráttuveður til starfsfólks spítalans.

Þetta var djarfmannlega mælt. Hins vegar hefur forstjórinn kynnt frekari niðurskurð, nú á sviði líknarþjónustu. Tillaga hans felur í sér 50 milljóna króna niðurskurð sem leiðir til skertrar þjónustu við deyjandi sjúklinga á líknardeildum. Á Landakoti hefur lengi verið stundun og gæðapróun í þjónustu við aldraða sjúklinga við dauðans dyr. Nú stendur til að sundra því starfi. Þegar er búið að grafa undan deildinni með óvissunni og þrautþjálfað starfsfólk þar hefur áhyggjur af afdrifum deildarinnar. Með þessu fólk býr auður sem ekki verður byggður upp á skömmum tíma á öðrum stað.

Forgangsröðun, siðferði, fagmennska

Í niðurskurði í heilbrigðisþjónustu undanfarin þrjú ár hefur ríkt þögn um hugtakið forgangsröðun. Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar – eftir 7 mögur ár – lét heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, vinna skýrslu um forgangsröðun. Verkið unnu fulltrúar allra stjórnmalaflokka með aðkomu fagfólks, stjórnenda og heimspekinga. Um skýrsluna varð alger samstaða og var hún samþykkt sem þingsályktunartillaga Alþingis. Skýrslan verður því að teljast það viðmið sem Alþingi, ríkisstjórn og fagaðilar verða að hafa til hliðsjónar þegar grípa þarf til niðurskurðar á fjárlögum.

Það heyrir fortíðinni til að fela fagfólki að bera ábyrgð á forgangsröðun, sem auk þess er unnin bak því að teljast það viðmið til grundvallar siðferðileg viðmið og verklagsreglur. Þegar kemur til forgangsröðunar ber að fylgja opnu og lýðræðislegu ferli og er það ótvíráð skylda Alþingis að forgangsráða meðvitað en taka hvorki umræðulaust við tillögum frá pólitískum ráðherra né einstökum embættismönnum.

Í skýrslunni um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu var líknarþjónusta raðað í annan forgangsflokk af fjórum. Sé það trú alþingisþingmanna að fyrirhuguð lokun líknardeildarinnar á Landakoti sé réttlætunleg, er rétt að færa líknarþjónustu í fjórða forgangsflokk með fegrunaraðgerðum og taka út ákvæðið um sérstaka vernd fyrir aldraða sjúklinga.

Hollvínasamtök líknardeilda voru

Aldraðir sjúklingar hrópa ekki á strætum og torgum en þurfa málsvara og verndara.

stofnuð 26. október sl. Eru stofnfélagar nær 600. Almennungi er ekki sama um þessa þjónustu. Lokun á Landakoti og sameining á einn stað í Kópavogi þykir ekki ígrunduð. Þangað á að færa þrjú af níu rúmum líknardeildarinnar á Landakoti og kosta til 80 milljónum, sem gert er ráð fyrir að Oddfellowreglan greiði af gjafmildi sinni. Í þessu sambandi má spyrja: Gerir Oddfellowreglan sér grein fyrir að með fyrirhugaðri breytingu er verið að minnka þjónustu við aldraða og draga regluna inn í umdeilt pólitískt og siðferðilegt mál?

Talað er um að koma sjúklingum fyrir á hjúkrunarheimilum. Það verður ekki útgjaldalaust og því óvíst um sparnað, þótt endurbæturnar í Kópavogi yrðu greiddar af Oddfellowreglunni. En peningaleg rök ein gilda ekki. Tilfinningar, siðferði, heiður og hollusta við grunnildi skipta máli þegar ákvarðanir eru teknar um viðkvæma líknarþjónustu.

Virðing þjóðar og reisn

Ein þekktasta saga vestrænnar menningar er sagan um miskunnsama Samverjann. Sagan segir frá manni sem liggur hjálparlaus við veginn. Fram hjá ganga ýmsir sem kæra sig kollótta. Sá sem sinnir

manninum er Samverji, útlendingur, sem ekki naut virðingar. Sagan fjallar um skeytingarleysi annars vegar og hins vegar hjálpssemi manns sem minnst er vegna kærleika hans. Mannleg neyð var honum ekki óviðkomandi þótt hann væri valdalaus og án stéttar eða stöðu.

Aldraðir sjúklingar hrópa ekki á strætum og torgum en þurfa málsvara og verndara. Aldraðir sjúklingar eiga að fá þjónustu þar sem borin er virðing fyrir reisu manneskjunnar til síðasta dags. Talað er um „að búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld“. Deyjandi fólk á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því hvort það fær videigandi og faglega þjónustu. Deyjandi sjúklingar eiga að geta treyst samfélaginu, samfélagi sem þeir byggðu upp með kröftum sínum.

„Það er komið nóg!“

Göngum ekki fram hjá varnarlásum hópi aldraðra við dauðans dyr. Ég skora á þingmenn að tryggja áframhaldandi rekstur líknardeildarinnar á Landakoti, efla líknardeildir – ekki veikja – og standa vörð um fagleg og siðferðileg vinnubrögð.

Aldraðir eiga að geta tekið undir orð japanska skáldsins Tsuchiya Fumiaki:

Loksins þegar kvíða tekur róast hjarta mitt og úr áttunum fjórum heyrir ég vorið nálgast.

Virðing Íslendinga verður ekki mæld í hagtölum heldur í því, hvernig við önnumst þau sem þurfa á hjálpar að halda.

Hugsum stórt en lítum lágt. Gleymum ekki vorum minnstu bræðrum og systurum.

AF NETINU

Fréttæmi og fréttamat

Fyrirspurn Oddnýjar G. Harðardóttur, alþingismanns úr Samfylkingu, um lengd fréttatvöngs af landsfundum stjórnmalaflokka er mjög sérkennileg – í henni felst sterk krafa um ritskoðun og opinbera íhlutun í fréttatvöng.

Að baki virðist liggja sú hugmynd að pólitísk umfjöllun eigi að fara fram með skeiðklukku – sem sagt að fréttamat fái ekki að ráða líkt og á fjölmiðlum alls staðar á Vesturlöndum.


Staðreyndin er sú að frekar lítið fréttæmt gerðist á flokksþingum Samfylkingarinnar og Vinstrigrænna. Það var nánast business as usual, engar manabreytingar, engar stefnubreytingar, menn forðuðust að ræða ágreining eða gera hann opinberan.

Öðru máli gegnir um landsfund Sjálfstæðisflokksins. Þar fóru fram spennandi formannskosningar, það urðu hörð átök um stefnuna í Evrópumálum – sem skiptir ansi miklu máli því uppi er sú kenning að Ísland fari aldrei í Evrópusambandið nema drjúgur hluti Sjálfstæðisflokksins samþykki það. Gamli flokksleiðtoga komu upp og performeruðu – það er umdeilt hvað það kom vel út fyrir flokkinn.

Fréttagildið var samt ótvírátt.

<http://silfuregils.eyjani>

Egill Helgason



Heimilisfriður

Kynbundið ofbeldi

Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri
Barnaheilla



Heimili á að vera gríðastaður barna, staður þar sem þau finna til öryggis, líður vel og njóta uppbyggilegra samvasta við sína nánustu. Stærstur hluti barna á Íslandi býr við þær aðstæður en ætla má að a.m.k. tvö þúsund börn hér á landi njóti ekki þessara sjálf-sögðu mannréttinda. Það eru börnin sem eru vitni að ofbeldi innan veggja heimilis, oftast af hálfu föður eða stjúpa gegn móður. Það er erfitt að segja nákvæmlega til um fjölda þessara barna, einfaldlega af því að aðstæðum þeirra hefur ekki verið gefinn mikill gaumur. Talan tvö þúsund byggir á þeim fjölda kvenna sem leitað hafa sér hjálpar vegna ofbeldis af hálfu maka og áætlun um að hver þeirra eigi eitt til tvö börn.

Í byrjun árs 2011 kom út rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum við börn í Reykjavík, sem eru vitni að heimilisofbeldi. Meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er að mikill skortur er á almennum úrræðum og þjónustu fyrir börn og fjölskyldur, sem þurfa á stuðningi og aðstoð að halda vegna ofbeldis í fjölskyldum.

Brýnt er að auka vitund þeirra sem starfa með börnum á því að barn geti búið við heimilisofbeldi og sérstaklega þarf að skoða málin frá sjónarhorni barnsins. Núverandi nálgun, sem m.a. má finna stað í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn ofbeldi á heimilum, miðar að því að kenna fagfólki að bera kennsl á einkenni barna sem búa við ofbeldi. Sú nálgun er ekki líkleg til árangurs, að mati samtakanna. Einkenni, sem gjarnan eru nefnd, eru almenn einkenni sem gefa til kynna vanlíðan barna. Ástæðurnar þar að baki geta verið

margvíslegar og þurfa ekki að tengjast heimilisofbeldi á nokkurn hátt.

Það þarf að fara nýjar leiðir til að finna og aðstoða börn, sem eru vitni að heimilisofbeldi.

Allt ofbeldi á heimili hefur afleiðingar fyrir börn, en það er einstaklingsbundið hvernig þau láta vanlíðan sína í ljós. Börn, sem búa á ofbeldisheimilum, eiga það hins vegar sameiginlegt að þau búa við mikið óöryggi og ringulreið og hafa enga stjórn á aðstæðum. Börnin hafa ekki þroska til þess að skilja það sem á gengur og eiga fá ráð við því sem er að gerast á heimilinu. Það setur þau í erfiðar aðstæður og veldur kvíða og ótta.

Í sumum tilvikum verða börnin einnig fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra. Þessi lífsreynsla fylgir þeim og hætta er á að úr verði langvinnir erfiðleikar ef fullorðnir í nánasta umhverfi grípa ekki inn í. Afar mikilvægt er að rætt sé við börn, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað, hlustað sé á þau og líðan þeirra metin á markvissan hátt svo hægt sé að veita þeim viðeigandi aðstoð og stuðning. Hinir fullorðnu verða að horfa á ofbeldi með augum barnsins. Það sem fullorðnum getur þótt lítilvægt, t.d. ef ofbeldið gerist sjaldan eða er ekki „nógu alvarlegt“, getur haft gríðarleg áhrif á barnið.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fylgt rannsókn sinni eftir með fundum með stjórnvöldum og forsvarsmönnum stofnana og samtaka sem starfa að málefnum barna. Einnig afhentu samtökin velferðarráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík undirskriftir nær tólf þúsunda karla og kvenna sem skoruðu á stjórnvöld að tryggja börnum, sem eru vitni að heimilisofbeldi, stuðning og félagsleg úrræði við hæfi. Það er von samtakanna að augu samfélagsins opnast fyrir því bóli sem heimilisofbeldi er og þeim miklu áhrifum sem það hefur á börn.

Ný viðhorf til náms

Ráðstefna í samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Norræns tengslanets um nám fullorðinna

Föstudaginn 2. desember 2011

Hótel Reykjavík Natura

Dagskrá:

- 13:15 Skráning og kaffi
- 13:30 Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður stjórnar FA
- 13:45 Digging deeper into adult learning projects - what makes a project successful? Jyri Manninen, forseti menntavísindasviðs Háskólans í Austur-Finnlandi
- 14:30 Árangur eftir óhefðbundnum leiðum Reynslusögur námsmanna sem hafa haldið áfram eftir framhaldsfræðslu
- 14:40 Fyrirmyndir í námi fullorðinna Verðlaunahafar tilkynntir og afhending verðlauna
- 14:50 Hlé – Kaffi
- 15:10 Er hægt að meta færni í stað náms í skóla? – viðhorf og reynsla úr MK Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi
- 15:45 Menntun og starfsþróun fangavarda Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og skólastjóri Fangavardaskólans
- 16:10 Þróun raunfærnimats og upplýsingakerfis um nám og störf Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
- 16:30 Slit

Fundarstjóri: Árni Stefán Jónsson

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis þátttakendur þurfa að skrá sig á www.frae.is



Skráning stjórnmalaskoðana

Persónuvernd

Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufraeðingur



Fræðimenn hafa skrifað nokkuð um gagnsæi og hlutverk samþættra upplýsinga í samfélaginu og hvernig þessi hugtök hafa áhrif á persónuvernd og hafa slík fræði verið kennd við stjórnmaladeild HÍ. Þeir setja gjarnan fram að vegna og meta þurfi persónuverndarhættu í hverju og einu tilviki og hafa til hliðsjónar hlutverk og samfélagslegt gagn persónugreinanlegrar skráningar á upplýsingum. Það er að meta á málefnalegan hátt mikilvægi nýrrar skráningar á móti minni persónuvernd.

Betri Reykjavík

Nú liggur fyrir að skráning Íbúa á stjórnmalaskoðunum almennings á vefnum Betri Reykjavík, þjónar ekki þeim tilgangi sem upphaflega var kynntur. Í viðtali við forstjóra Íbúa í Speglinum á rás 1 í sl. viku ítrekaði hann að enda þótt Reykjavíkurborg tæki mál á dagskrá ráða á grundvelli þessarar kosninga geta allir íbúar komið málum eftir öðrum leiðum á dagskrá þeirra, t.d. með því að senda bréf til þeirra. Þetta staðfesti borgarlögmaður í símtali við greinarhöfund. Þetta er sennilega gert vegna þess að val með netkosningu lítur ekki vel út fyrir stjórnkerfi borgarinnar, sérstaklega er möguleikinn að kjósa á móti máli sérkennilegur og getur unnið gegn minnihlutahópum. Þá er netkosning ekki málefnaleg leið við val mála og málshefjenda.

Úr því að forstjóri Íbúa og forsvarsmenn Reykjavíkurborgar leggja á það áherslu að íbúar borgarinnar geti farið aðrar leiðir við að koma málum á dagskrá í stjórnkerfi

borgarinnar þá má spyrja sig: Af hverju er boðið upp á nákvæma kosningu á vefnum og þar með skráningu á stjórnmalaskoðunum almennings með tilheyrandi persónuverndarhættu ef hún þjónar litlum eða engum tilgangi? Svo gæti virst að eina hlutverk skráningarinnar sé að kortleggja stjórnmalalegan vilja íbúanna nákvæmlega í gagnagrunnum félagsins.

Betra Ísland

Skráning skoðana á vefnum Betra Ísland hefur ekki verið réttlætt með neinu móti. Minnt skal á að þar er hægt að kjósa um flest eða öll mál sem liggja fyrir Alþingi. Þau mál eru oft lögð fram eftir flokkslínum. Önnur mál eru einnig lögð fram á vefnum. Á grundvelli skráningar hans geta Íbúar því gert ennþá nákvæmari próffil af notendum hans en á vefnum Betri Reykjavík. Þeir geta m.a. greint stuðning við einstaka stjórnmalaflokka, með því að skoða afstöðu fylgismanna þeirra til þingmála og hvernig þeir bregðast við öðrum landsmálum.

Ef notendur eru á báðum vefjunum má samkeyra upplýsingar þeirra og fæst þá fram einstök mynd af stjórnmalavilja Reykvíkinga. Þannig getur Betra Ísland stóraukið persónuverndarhættuna af rekstri Betri Reykjavíkur.

Stuðningur eða andstaða á vefjunum við mál hefur lítið eða ekkert lýðræðislegt gildi og gefur ákvörðunum ekki aukið lögmæti, hefur ekki beinan tilgang og netkosningin virðist því hreinn samkvæmisleikur. Við mat á ávinningi af kosningum á vefjunum hlýtur að koma í ljós að afar dýrt sé að skrá stjórnmalaskoðanir almennings kerfisbundið sé miðað við persónuverndarsjónarmið og opna með því móti möguleika á gerð nákvæms próffils af þeim, samanborið við það samfélagslega gagn sem skráningin gerir. Kosningunni á vefjunum þyrfti því að hætta sem fyrst.

Ósanngjarn niðurskurður

Efnahagsmál

Gunnar Bragi Sveinsson
þingmaður
Framsóknarflokks



Í skýrslu Capacent, sem unnin var fyrir sveitarfélagið Skagafjörð um niðurskurð til Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki (HS), kemur eftirfarandi fram:

1. Á verðlagi ársins 2012 er lækkun fjárveitinga frá 2008 34,1%.
 2. Hagvöxtur hefur verið neikvæður í Skagafirði m.a. á góðæristímanum og íbúum hefur fækkað. Lækkun fjárveitinga til HS þykir líkleg til að veikja samfélagið.
 3. Aldraðir eru hlutfallslega yfir landsmeðaltali og slakari grunnþjónusta mun fæla frá ungt fólk og hlutfall aldraðra hækka.
 4. Þjónusta verður óhagkvæmari og faglega verr stödd við frekari hagræðingu, fagfólki mun fækka.
 5. HS hefur verið látin bera meiri samdrátt en aðrar stofnanir án þess að greining á aðstæðum liggja fyrir.
- Um árábil hafa Skagafirðingar keyrt sitt samfélag áfram á vinnsemi og bjartsýni. Landsmenn þekka ekki háværar raddir úr Skagafirði þar sem settar

eru fram kröfur um eitt eða annað. Unnið hefur verið með stjórnvöldum og reynt að mæta þeim breytingum sem stjórnvöld boða með því að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Um árábil hafa sveitarfélögin og atvinnulífið sett mikla fjármuni í að standa af sér storminn í efnahags- og atvinnumálum en nú er þrekið tekið að þverra. Þrátt fyrir margar skýrslur sem sýna alltaf það sama að hagvöxtur sé

” Aðför stjórnvalda að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni er til skammar enda engin rök verið sett fram er styðja framferði stjórnvalda.

neikvæður og opinber störf lífsnaudsýnleg þá ætlar ríkisvaldið að gera í engu það sem barist hefur verið fyrir.

Mælingar sýna að á eftir atvinnu þá eru það heilbrigðismálin sem mestu skipta þegar búseta er valin. Fólk vill öryggi.

Gert er ráð fyrir að í Skagafirði muni íbúum fækka um 90 á þessu ári og stefnir í að íbúafjöldinn fari undir 4.000 íbúa í fyrsta sinn með tilheyrandi

samfélagsáhrifum. Í Skagafirði er næg vinna og eftirspurn hefur verið eftir húsnæði og þjónusta sveitarfélaga til fyrirmyndar.

Nú er svo komið að enginn skilur hvað stjórnvöldum gengur til. Hvers vegna er ekki hlustað? Hvað höfum við gert? Getur það verið að fækkun starfsmanna HS um u.þ.b. 30 á átta árum sé til þess að réttlæta og fjármagna nýjan Landspítala? Hvernig er hægt að rökstyðja skerðingu á þjónustu þannig að sjúklingar þurfi að sækja þjónustu annað um leið og hætt er að styðja við flug til Sauðárkróks þannig að það mun einnig leggjast af?

Þenslan kom ekki við í Skagafirði fremur en á flestum stöðum á landsbyggðinni. Það var neikvæður hagvöxtur í þenslu í Skagafirði. Kreppan nær hins vegar til alls landsins. Er það virkilega þannig að svelta á landsbyggðina til Reykjavíkur? Áður en ég tók sæti á Alþingi sat ég í sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagafjarðar. Þá voru velferðarráðuneytin (hét þá heilbrigðisráðuneyti) skrifuð bréf þar sem óskað var eftir viðræðum við stjórnvöld um að yfirtaka rekstur HS. Þær viðræður fóru aldrei fram þar sem beiddin var ekki virt viðlits.

Aðför stjórnvalda að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni er til skammar enda engin rök verið sett fram er styðja framferði stjórnvalda.

Truflun

Um fjöllun Kastljóss

Guttormur Helgi Jóhannesson
málvísindamaður



Sennilega blöskraði fleirum en smér um fjöllun Kastljóss ríkissjónvarpsins 17. nóv. sl. um Gunnar Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME); óhætt er að segja að þar hafi verið vegið að starfsheildri hans og mannhelgi. Skautað var hratt yfir sögu og umfjöllunin í senn ósmekkleig og þvælugleg; fyrr en varði var lagaþæknilegu moldviðri þyrland upp; setningar teknar úr samhengi – myndbirtar og lesnar – m.a. upp úr skýrslu Andra Árnasonar lögmanns sem fenginn var til að meta hæfi Gunnars til að gegna starfi forstjóra FME og komst Andri að þeirri niðurstöðu að svo væri.

Í örfáar sekúndur í senn voru sýnd brot af trúnaðarskjölum – meintum lánasamningum – með meintri undirskrift Gunnars Þ. Andersen ásamt undirskriftum annarra aðila, ótilgreindum; hvaða tilgangi slíkar myndbirtingar eiga að þjóna er manni óljóst – og raunar ekki í fyrsta sinn sem Kastljós viðhefur slík vinnubrögð. Úr því að Kastljós telur forsvaranlegt að myndbirta brot af trúnaðarskjölum sem það hefur komist yfir, hvers vegna eru þau ekki sýnd í heild sinni? Maður spyr sig óneitanlega hvort stefnan sé sú að birta aðeins þá gagnahluta sem henta hverju sinni.

Þá eru ótilgreind tölvupóstsamskipti sögð renna stöðum undir að Gunnar hafi verið virkur í starfi umræddra aflandsfélaga á Guernsey. Aftur vakna spurningar: hvers vegna eru þau þá ekki rakin og birt? Tölvuskeyti frá hverjum og til hverra – og hvenær voru þau send? Nei, það var ekki heil brú í þessum málfutningi. Hvaða forsendur hefur almenn-ingur til að mynda sér sjálfstæða skoðun á málinu á grundvelli svo brotakenndra gagna og aðdróttana? Engu er líkara en að vérfreittin, sem eitt sinn mun hafa verið í Delfi, hafi nú endurholdgast og stungið sér niður í Efstaleiti í

Reykjavík. Eftir að hafa horft á þessa samsöðu spurði maður sig: Hver var eiginlega fréttin?

Fram hefur komið að Gunnar starfaði hjá Landsbankanum frá 1991 fram til loka árs 2002, er hann lét af störfum „að eigin ósk að vandlega íhuguðu máli“ eins og segir í frétt Morgunblaðsins 26. nóv. 2002; hafði hann þá verið framkvæmdastjóri alþjóða- og fjármálasviðs bankans undan-gengin fjögur ár. Hann hætti sem sagt um það leyti sem bankinn var einkavæddur með nýja eigendur innanborðs – með alnumum afleiðingum; líkast til hefur Gunnar með alla sína reynslu, þá orðinn 54 ára, haft hugboð um hvert stefndi – örlög Landsbankans tæpum 6 árum síðar tala sínu máli eða eins og Kaninn segir: Árangur segir meira en þúsund orð.

sóknir þess eða starfsmenn. Sakir yfirstandandi hagsmunatengsla hlýtur hann að teljast vanhæfur til að tjá sig um mál FME á opinberum vettvangi fjölmiðla. Raunar minnti viðtalið við Sigurð einna helst á svonefnd „drottningarviðtöl“ árunna upp úr síðustu aldamótum er stjórnmalamaður nokkur birtist reglulega í Kastljósi án andmælenda og fékk þannig kjörinn vettvang til að halda uppi áróðri sínum. Hvaða gildi hefur slíkur einhliða málfutningur?

Ljóst má vera að umfjöllun Kastljóss 17. nóv. sl. var ófagleg og óboðleg; eini tilgangur hennar virtist vera að grafa undan trúverðuleika FME og forstjóra þess – og reyna að ryðja honum úr vegi. Að manni læðist sá grunur að hún sé liður í rögsherferð og tímasetningin styrkir þann grun

” Skyldi vera samband milli ásakanaflaums Sigurðar í garð forstjóra FME og þeirrar staðreyndar að hann sjálfur var ekki ráðinn forstjóri sömu stofnunar? Dæmi hver fyrir sig.

Eftir að Sigmar hafði lokið einræðu sinni tók Þóra við og kynnti stuttlega eina viðmælenda Kastljóss í málinu, engan annan en Sigurð Guðjónsson, lögmann. Tekið var fram að hann væri „verjandi manna sem sætt hefðu rannsókn Fjármálaeftirlitsins“; það er nefnilega það... Ein helsta skylda fjölmiðla er að gæta hlutleysis í umfjöllun um menn og málefni, hafa ábyrgðarmenn þáttarins gleymt því?

Athygli vakti að Kastljós lét hjá líða að nafngreina skjólstaðinga lögmannsins – hvers vegna var þeim upplýsingum haldið leyndum? Í viðtalsbrotunum sem Kastljós kaus að sjónvarpa fengu áhorfendur aðeins að heyra skoðanir og lagatúlkanir eins manns, Sigurðar Guðjónssonar, manns sem hefur beinlínis það launaða hlutverk að gæta hagsmuna manna sem sætt hafa rannsókn sömu stofnunar og Gunnar Þ. Andersen fer fyrir. Sigurður getur því engan veginn talist hlutlaus eða óháður álitsgjafi í málefnum er snerta FME, rann-

– enda hillir nú undir útgáfu fyrstu ákæruskjala í kjölfar bankahrunsins. Hagsmunaöfl, sem greinilega hafa greiddan aðgang að Ríkissjónvarpinu, eru aftur komin á kreik og þau freista þess að valda sem mestri truflun, einkum á starfsemi rannsakenda FME; mikilvægt er að þeir fái vinnufrið. Kastljós verður að útskýra fyrir almenn-ingi hvers vegna það brást hlutleysisskyldu sinni svo hrapallega – það er alvarlegasti þáttur málsins.

Meðan ég man, í frétt á Vísi 3. apríl 2009 er tilkynnt að Gunnar Þ. Andersen hafi verið ráðinn forstjóri FME úr hópi 19 umsækjenda; meðal annarra umsækjenda var Sigurður Guðjónsson lögmaður. Skyldi vera samband milli ásakanaflaums Sigurðar í garð forstjóra FME og þeirrar staðreyndar að hann sjálfur var ekki ráðinn forstjóri sömu stofnunar? Dæmi hver fyrir sig.

Já, í landi fjármálaþekkinganna heldur víst sirkusinn áfram um sinn – megi sól staðreyndanna rísa um síðir. Ótrufluð.

Efling-stéttarfélag auglýsir eftir orlofsíbúðum og húsum víðs vegar um land til leigu fyrir sumarið 2012



Sendið fyrirspurnir á:

sveinni@efling.is eða olofb@efling.is



Efling-stéttarfélag, Sætúni 1, 105 Reykjavík, Sími: 510 7500

„Vá, hvað er þetta?“

„Þetta er það sem Frakkar kalla
Coq au vin...“

„Ko ... hvað?“

„Frakkar kalla þetta Coq au vin.“

„Ko ...“

„Reyktur kjúklingur í rauðvíni,
maður.“



Rauðvínssodinn reyktur kjúklingur með
skallottulauk og sveppum

Uppskriftina í heild sinni ásamt eldunaraðferð
er að finna á www.holta.is/uppskriftir

Holta
KJÚKLINGUR

Yfirlýsing Gunnlaugs M. Sigmundssonar

Dómsmál

Gunnlaugur M. Sigmundsson
fv. alþingismaður



Þess að kastljósi fjölmiðla yrði um skeið beint að þeim ummælum sem vógu svo þungt að æru minni – með tilheyrandi óþægindum. Niðurstaðan var hins vegar sú að ég ætti ekki annarra kosta völ en að leita löghelgaðs réttar míns til þess að fá tiltekin ummæli stefnda dæmd dauð og ómerk. Ekki óraði mig þá fyrir þeirri atburðarás sem á eftir fylgdi.

Í kjölfar þess að Teiti var stefnt færðist hann allur í aukana í bloggskrifum um mig og hét því að fjalla um málið gegn sér á hverjum degi þar til því lyki. Á tímabilinu 8. júní til 10. ágúst

sl. birti hann þannig a.m.k. 14 færslur þar sem haldið er uppteknum hætti. Þar kallar Teitur bloggheima til liðs við sig; óskar eftir upplýsingum þáðan um svonefnd „Kögunarmál“, fjárstuðningi til að standa stráum af málskostnaði sínum og biður bloggheima um að „halda með“

Allir ættu að þekka að í hinu villta vestri netheima fer ekki mikið fyrir meginreglum íslensks réttarfars. Þar er til dæmis hin mikilvæga regla um jafnræði málsaðila jafnan virt að vettugi, en hún gerir ráð fyrir því að báðir málsaðilar njóti sömu aðstöðu við rekstur máls síns, án nokkurrar

(að hans mati) of langt í gagnrýni sinni á hann sjálfan“.

Á þessum tímamarki hafði umræðan lagst þungt á mig og þá sem standa mér nærri. Enn er ógetið fjöldi nafnlausra sms-skeyta og símtala sem mér bárust og höfðu að geyma svívirðingar og formælingar í minn garð. Í þessari stöðu greip ég til þess ráðs, sem ég íðrast, að senda Teiti í fjór-gang nafnlaus sms-skeyti, þar sem ég villti á mér heimildir. Ég mun ekki hafa efni þeirra eftir hér, enda vanhugsuð af minni hálfu og aldrei ætlað að koma fyrir sjónu annarra en viðtakandans. Ummælin og aðferðin við framsetningu þeirra er óafsakanleg en verður að skoðast í framangreindu samhengi. Ég hef í dag sent Teiti Atlasyni bréf þar sem ég bið hann afsökunar.

Mér hefur verið greint frá því að sms-skeytasendingarnar hafi verið kærðar til lögreglu. Lögmáður Teits hefur boðið mér að fallið verði frá kærinni dragi ég málsókn mína á hendur Teiti til baka og greiði honum fullan málskostnað. Á það get ég ekki fallist, enda tel ég enn að málsóknin eigi fullan rétt á sér.

Reykjavík, 29. nóvember 2011
Virðingarfyllt, Gunnlaugur M. Sigmundsson

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum rekur undirritaður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur meiyrdómál á hendur Teiti Atlasyni, bloggara á vef DV. Það var mér og fjölskyldu minni þungbær ákvörðun að höfða það mál, enda gerðum við okkur grein fyrir því að málsköfnunin gæti leitt til

Undirritaður sat vikum og mánuðum saman undir holskeflu meiðandi ummæla á netinu og öðrum fjölmiðlum fyrir að hafa leitað réttar míns sem varinn er að lögum.

sér í málarekstrinum. Bloggarar brugðust margir við og birtu á bloggsíðum sínum færslur þar sem þeir leggja á sveif með Teiti og í athugasemdum við blogg-færslur hans sjálfs birtust ítrekað niðskrif um undirritaðan. Þar var m.a. hvatt til þess að haldinn yrði svokallaður „GUNNLAUGSDAGUR“, á bloggsíðum landsins. Ef menn fyndu ekkert sjálfir til þess að skrifa um „Kögunarmál“ skyldu þeir endurbirta greinina sem málaferlin eru sprottin af. Þá birtust blaðgreinar, bæði í DV og Fréttablaðinu, þar sem vegið var að æru undirritaðs vegna málsköfnunarinnar.

mismununar. Þá eigi þeir þess jafnan kost að hafa uppi kröfur og röksemdir, afla sönnunargagna, kynna sér sönnunargögn gagnaðilans og tjá sig um kröfu og röksemdir hans.

Undirritaður sat vikum og mánuðum saman undir holskeflu meiðandi ummæla á netinu og öðrum fjölmiðlum fyrir að hafa leitað réttar míns sem varinn er að lögum. Það var í blogg færslu Teits hinn 8. ágúst sl. sem aðförin náði ákveðnu hámarki, en þar sagði um málsköfnun undirritaðs: „Tilgangi hans er í raun náð með því að setja á loft hamar sem hann hikar ekki við að berja fólk með, gangi það

HÖRKUTÓL FYRIR JÓLIN

94DC743KB

HLEÐSLUBORVÉL

Nett 2ja gíra 12V borvél
LED ljós
Hersla 35 Nm
Rafhl: 2 x 2,6Ah NiMh
Patróna: 13mm

TILBOÐ



39.900 m/vsk

Fullt verð 49.900 kr

TVÆR RAÞFLÖÐUR

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Frábær tilboð!

Kanarí um jólin

20. desember í 14 nætur

Frá kr. 69.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólinu á Kanaríeyjum um jólin á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábær sértílbóð á Las Camélias íbúðarhótelinu og Buenaventura IFA hótelinu. **Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!**

Kr. 69.900

Flugsæti á mann 20. desember og til baka 3. janúar.

Kr. 104.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í íbúð á Las Camélias í 14 nætur. Verð m.v. tvo fullorðna í íbúð kr. 124.900 á mann. **Sértílbóð 20. des.**

Kr. 199.900 með hálfu fæði (innfalið jóla- og áramótakvöldverðir)

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, á Hotel Buenaventura í 14 nætur. Verð m.v. tvo fullorðna 236.900 á mann.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Af hákörnum

Hlutverk
kynjanna

Halldór Auðar
Svansson
tölvunarfræðingur



Sæunn Ólafsdóttir ritaði á þessum vettvangi pistil sem bar titilinn Sniðugar nauðganir. Hann hefur vakið töluverða athygli og farið víða um netheima. Það er fyllilega eðlilegt í ljósi þess að þarna er stungið á ákveðnum kýlum sem því miður er ekki nógu oft stungið á. Höfundur pistilsins sýnir mikið hugrekki með því að opna sig með þessum hætti og vekja þannig þarfa umræðu. Ég ætla að reyna að sýna samsvarendi hugrekki með því að tjá mig um þetta málefni af hrein-skilni út frá karllægu sjónarhorni.

Sæunn talar um „hákarla“, sem er afar frjó samlíking. Sannleikurinn er nefnilega sá að líkt og hún bendir á, þá hálfpartinn elur samfélag okkar á hákörnum. Hákarlinn er þessi kaldri töffari sem nálgast heiminn í heild sinni, og sér í lagi konur, líkt og bráð sem þarf að veiða og sigrast á. Í sinni ófgafyllstu og ógeðfeldustu mynd er þetta nauðgari og hrotti, en sá hákarl sem er nánast samfélagslega viðurkenndur er sá sem fær útrás fyrir hákarlseðlið innan ramma laga og félagslegra viðmiða. Hann bakar sér kannski ekki endilega vinsældir allra í kjölfarið, en hann nýtur sannarlega virðingar innan ákveðinna kreðsna.

Barney Stinson úr sjónvarpsþáttunum How I Met Your Mother er til að mynda hinn erki-týpíski hákarl; maður sem notar konur eins og gólfmottur og er lafhræddur við allt sem svo mikið sem nálgast það að heita skuldbinding. Í því samhengi er reyndar mjög áhugavert að kafa aðeins ofan í persónuna og átta sig á því af forsaga hans er sú að eitt sinn var hann einstaklega ljúfur og auðsveipur maður, en í kjölfar þess að verða fyrir vonbrigðum í ástum ákvað hann að snúa blaðinu algjörlega við, herða sig upp, og skapa sér hákarls-ímynd. Innst inni á hann sér þó enn sínar viðkvæmu hliðar og hefur efasemdir um gildi líf-ernis síns, eins og farið er yfir af þónokkurri lagi í þáttunum.

Í gegnum Barney eru þannig skoðaðar öfgar í tvær áttir. Annars vegar mjúki og væmni bangsinn sem lætur vaða algjörlega yfir sig, og hins vegar harði og svali hákarlinn sem lokar á tilfinningar sínar af ótta við að vera særður eða álitinn veikgeðja.

Það er nákvæmlega milli þessara öfga sem nútímakarlmanninum hættir til að sveiflast, og mörgum okkar líður oft eins og við séum í þessum efnun hálfpartinn milli steins og sleggju. Það er hið minnsta algjörlega víst að mér hefur sjálfum oft liðið þannig. Í mínum dekkstu stundum hef ég fyllt vonleysi yfir því finnast ég engan veginn geta uppfyllt þær kröfur sem sam-

foreldrar okkar sögðu okkur margir hverjir þegar við lentum í því að vera strítt sem krakkar, að þeir sem koma illa fram við aðra gera það af því þeim líður sjálfum illa. Ég get vissulega einungis talað fyrir sjálfan mig, en fyrir utan óöryggi með kynhlutverk mitt hefur mitt helsta sálarmeini í gegnum árin verið meðvirkni; mjög lúmskt og ætandi mein sem lítið sem ekkert ekkert skilur eftir andlega.

Það hjálpar ekki heldur beinlínis til að réttlætningarnar fyrir því að vera hákarl má finna afskaplega víða. Þeir sem heillast af vísindahyggju geta til að mynda fundið sig í erfðafræðihugmyndum, þar sem skipa má körlum og

Strákar verða einmitt alltaf strákar en ekki karlmenn, og djúpt undir hrjúfum hákarlsskrápi stráksins sem aldrei náði að vaxa almennilega úr grasi grassera sálarmeinin, og brjótast út í sínum verstu myndum í hegðun á borð við þá sem Sæunn lýsir í pistli sínum.

félagið og konur gera til mín sem karlmanns, og meira að segja fundist það mér vera algjörlega á huldu hverjar þessar kröfur eru. Stundum hefur þetta leitt til þess að ég hef heillast af hákarlshlutverkinu, en ég hef sem betur fer aldrei fundið mig almennilega í því.

Það er auðvitað mjög í tísku að kenna „feðraveldinu“ um þau samfélagslega mein sem leiða til krísna af þessu tagi, en ég held engu að síður að í slíkum málflutningi felist sannleikskorn. Líkt og Sæunn kemur inn á tíðkast í vestrænu nútímasamfélagi ákveðin dýrkun á „strákamenningu“, og það er slíkt menning sem ég held að einkenni feðraveldið öðru fremur.

Feðraveldið elur ekki af sér fullþroska og ábyrga karlmenn, heldur stráka í karlmannslíkómum. Strákar verða einmitt alltaf strákar en ekki karlmenn, og djúpt undir hrjúfum hákarlsskrápi stráksins sem aldrei náði að vaxa almennilega úr grasi grassera sálarmeinin, og brjótast út í sínum verstu myndum í hegðun á borð við þá sem Sæunn lýsir í pistli sínum.

Það er nokkuð til í því sem

konum þröng hlutverk. Karlinum er til að mynda sagt eðlislægt að vilja „dreifa fræjum“ sínum sem víðast, en ekki bindast neinum tilfinningaböndum, og hákarlinn sagður sú manngerð sem allar konur vilja innst inni. Þarna vill gleymast að út frá nákvæmlega sömu forsendum er alveg jafn hæglega hægt að réttlæta allt öðruvísi kynhlutverk. Ég held að í þessum efnun, sem svo mörgum öðrum, lesi fólk það út úr staðreyndum sem það vill lesa út úr þeim.

Öll erum við jú viti bornar verur og hljótum að bera ábyrgð á sjálfum okkur, okkar viðhorfum og okkar gjörðum. Fyrsta skrefið í átt að því að breyta samfélaginu er að breyta sjálfum sér, og í því hef ég unnið ótulla, og hyggst halda því áfram svo lengi sem ég lifi. Þar tek ég mér meðal annars til fyrirmyndar Barney Stinson, sem vissulega nær að þroskast og viktast eftir því sem á þættina líður, og hrista aðeins af sér hákarlsbúninginn. Fyrirmyndirnar finnast nefnilega hér og þar, þegar að þeim er leitað. Í flóknu og á köflum firrtu nútímasamfélagi þarf bara því miður stundum að leita frekar lengi að þeim.

Yfirlýsing til stuðnings Jóni Bjarnasyni ráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir og Samfylkingin gera nú þá kröfu á hendur VG að Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra víki úr ríkisstjórninni. Við undirrituð, stuðningsfólk Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, mótmælum þessari aðför og lýsum yfir eindregnum stuðningi við Jón sem ráðherra. Hann hefur ekkert það aðhafst sem réttlæti brottvikningu hans úr starfi og staðið manna traustastan vörð um stefnu VG, þar á meðal gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Við væntum þess að þingflokkur VG hafni kröfu Samfylkingarinnar og standi þétt að baki Jóni Bjarnasyni eins og öðrum ráðherrum sínum.



Anna Björnsson, Álftanesi
Anna Gunnlaugsdóttir, Reykjavík
Ari Sigurðsson, Álftanesi
Arnþrúður Heimisdóttir, Langhúsum
Ágúst Valfells Ólafsvík, Ólafsvík
Árni Gíslason, Eyhildarholti
Árni Steinar Jóhannson, Neskaupstað
Árni Snæbjörnsson, Reykjavík
Ásbjörn Þorgilsson, Djúpavík
Ásdís Pétursdóttir, Sauðárkróki
Ásgerður Krístrún Sigurðardóttir, Guðlaugsstöðum
Ásmundur Þórarinnsson, Vífilsstöðum
Baldur Jónasson, Reykjavík
Baldvin H. Sigurðsson, Akureyri
Birgir Rúnar Sæmundsson, Selfossi
Birgitta Halldórsdóttir, Syðri Löngumýri
Birna Þórðardóttir, Reykjavík
Bjarni Harðarson, Selfossi
Björg Baldursdóttir, Hólum
Björn Benedikt Sigurðarson, Guðlaugsstöðum
Björn Björnsson, Ytri-Löngumýri
Brynja Björg Halldórsdóttir, Reykjavík
Brynjólfur Eyvindsson, Seltjarnarnesi
Brynjólfur Friðriksson, Brandsstöðum
Brynjólfur Steinar Guðbrandsson, Brúarlandi I
Edda Óskarsdóttir, Hafnarfirði
Einar Ólafsson, Kópavogi
Erla Ísafold Sigurðardóttir, Blönduósi
Erna Bjarnadóttir, Seltjarnarnesi
Eva Sigurbjörnsdóttir, Djúpavík
Gísli Árnason, Sauðárkróki
Guðbrandur Brynjólfsson, Brúarlandi II
Guðmundur Vilhelmsson, Hvammi
Guðrún Guðmundsdóttir, Guðlaugsstöðum
Guðrún Hanna Halldórsdóttir, Helgustöðum
Guðrún Ingólfssdóttir, Sauðárkróki
Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti
Guðrún Sæmundsdóttir, Hafnarfirði
Gunnar Guttormsson, Reykjavík

Gunnar Njálsson, Grundarfirði
Gunnar Pálsson, Refsstað
Gunnar Örn Blöndal, Seltjarnarnesi
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hesti
Gunnlaugur Haraldsson, Reykjavík
Hafsteinn Hjartarsson, Kópavogi
Halldór Ingi Sigurðsson, Syðri-Löngumýri
Hannes Baldvinsson, Siglufirði
Harpa Kristinsdóttir, Hofsósi
Helena Svanlaug Sigurðardóttir, Hvammstanga
Helga Bjarnadóttir, Varmahlíð
Helga Garðarsdóttir, Hafnarfirði
Helgi Svanur Einarsson, Sauðárkróki
Hjalti Kristgeirsson, Hafnarfirði
Hjálmdís Hafsteinsdóttir, Reykjavík
Hjörleifur Guttormsson, Reykjavík
Hólmfríður Ásta Steinarsdóttir, Reykjavík
Hörður Ingimarsson, Sauðárkróki
Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, Selfossi
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Brekkuhvammi
Ingibjörg Jónsdóttir, Gilá
Ingibjörg Sigurðardóttir, Auðólfstöðum
Ingbór Kristmundsson, Gilá
Jenný Inga Eiðsdóttir, Sauðárkróki
Jóhann Þ. Bjarnason, Auðólfstöðum
Jóhanna Aradóttir, Álftanesi
Jóhanna Halldórsdóttir, Brandsstöðum
Jón Torfason, Reykjavík.
Júlíana Sigurrósardóttir, Reykjavík
Júlíus Guðmundsson, Reykjavík
Kjartan Ólafsson, Reykjavík
Kristín Guttormsson, Reykjavík
Krístrún Ólöf Þorsteinsdóttir, Hvammstanga
Lára Birgisdóttir, Hólum
Magnús Jósefsson, Steinnesi
Magnús Stefánsson, Hamarsgötu 23
Margrét J. Gunnarsdóttir, Sauðárkróki
Marie Th. Robin Refsstað
Matthías Lýðsson, Húsavík á Ströndum

Ólafur Hallgrímsson, Mælifelli
Ólafur Þ Jónsson, Akureyri
Páll Rúnar Heinesen Pálsson, Sauðárkróki
Ragnar Arnalds, Reykjavík
Rúnar Sveinbjörnsson, Reykjavík
Salman Tamini, Reykjavík
Sigríður Kristinsdóttir, Reykjavík.
Sigrún Björk Valdimarsdóttir, Dæli, Víðidal
Sigurður Flosason, Kópavogi
Sigurður Haraldsson, Reykjavík
Sigurður Helgason, Hraunholtum
Sigurður Ingi Guðmundsson, Syðri-Löngumýri
Sigurður Ingvi Björnsson, Bálkastöðum
Sigurlaug Kr. Konráðsdóttir, Sauðárkróki
Sigvaldi Sigurjónsson, Blönduósi
Snjólaug Guðmundsdóttir, Brúarlandi II
Soffía Arnardóttir, Seltjarnarnesi
Stefán Ólafsson, Blönduósi
Steinarr Bjarni Guðmundsson, Höfn
Svanhildur Kaaber, Reykjavík
Svanur Halldórsson, Kópavogi
Sverrir Magnússon, Sauðárkróki
Telma Magnúsdóttir, Reykjavík
Tryggvi Sigurbjarnarson, Reykjavík
Turid Rós Gunnarsdóttir, Húnaveri
Úlfar Sveinsson, Ingveldarstöðum
Valgeir Bjarnason, Selfossi
Valgerður Gestsdóttir, Hafnarfirði
Valgerður Inga Kjartansdóttir, Hóli
Þorlákur Magnús Sigurbjörnsson, Langhúsum
Þorlákur Sigurbjörnsson, Langhúsum
Þorleifur Gunnlaugsson, Reykjavík
Þorsteinn Bergsson, Unaósi
Þorsteinn Jóhannsson, Auðólfstöðum
Þorvaldur Þorvaldsson, Reykjavík
Þór Arason, Skagaströnd
Þórarinn Magnússon, Frostastöðum
Þórhalli Haraldsson, Húnaveri
Þórunn Magnúsdóttir Auðólfstöðum
Ægir Sigurgeirsson, Stekkjardal

Af leikskólamálaum – önnur útgáfa

Kjaramál

Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi



Stundum er eins og borgarstjóri átti sig ekki á hlutverki sínu og ábyrgð gagnvart fjármálum borgarinnar. Ég hef ítrekað reynt að kalla fram stefnu eða hugmyndafræði í ráðhúsinu en þar er ekkert slíkt að finna. Meirihlutinn forgangsraðar ekki, heldur hagræðir og sker niður samkvæmt hefðbundnum og gamaldags gildum, þar sem stóru kvennastéttirnar eru láttnar taka skelli á meðan annað, harðara og karllægara er látið óáreitt.

Meirihlutinn gæti auðveldlega ákveðið að bæta tiltekna þjónustu eða greiða hærra laun án þess að hækka skatta eða gjöld. Hann gæti nefnilega ákveðið að hagræða annars staðar í staðinn. Það er bara þannig. Meirihlutinn verður að sýna ábyrgð, móta stefnu og forgangsraða í samræmi við hana. Það er enn mikilvægara á óvissutímum eins og þeim sem hafa ríkt undanfarin ár og ekki sér alveg fyrir endann á. Hann á að gera raunhæfar áætlanir um að mæta eðlilegum kröfum.

Síðsumars samþykktu leikskólakennarar kjarasamning sem þeir töldu góðan og viðsemjendur þeirra ásættanlegan. Sá samningur hljóðaði upp á að hækka laun leikskólakennara til samræmis við laun grunnskólakennara í þrepum á samningstímabilinu sem nær fram til ársins 2014.

Fyrir samningana var nokkur hiti í leikskólakennurum – eðlilega, enda höfðu kjör þeirra rýrnað í samanburði við þær stéttir sem eðlilegt er að þeir beri sig saman við. Eitt af því sem Félag leikskólakennara bauðst til að semja um var að setja svokallaðar neyslulhlegreiðslur inn í grunntaxta. Reykjavíkurborg hafði þá um nokkurt skeið greitt leikskólakennurum fyrir að matast með börnum, enda þótti sanngjarnt að greiða þeim fyrir þá vinnu. Allir flokkar í Reykjavík hafa verið sammála um það frá því haustið 2007 og kært sig kollótta um ákvarðanir annarra sveitarfélaga.

Eftir hrun breyttist þetta nokkuð. Til dæmis gekk betur að fá fólk til starfa í leikskólum.

Þá komu oft upp hugmyndir um hvort það ætti ekki bara að fella niður þessar tilteknu greiðslur og nýta kúgunartæki markaðarins í atvinnuleysi. Að starfsfólk ætti ekki um neitt annað að velja og því væri hægt að skerða kjör þeirra. Það var sem betur fer aldrei framkvæmt – enginn flokkur var nægilega óforskammaður til að leggja það til með formlegum hætti.

Talsmenn Félags leikskólakennara töluðu því um „Reykjavíkurléiðina“ svokölluðu og buðu hana fram sem lausn á deilunni þegar hún tók að harðna í sumar. Að neyslulhlegreiðslurnar yrðu settar inn í grunntaxta. Þeirri tillögu var hafnað af hálfu sveitarfélaganna og ákveðið að fara aðra leið. Ákvæði um matar- og kaffitíma eru óbreytt með öllu en aftur á móti var samþykkt að vinna að því að jafna laun leik-

„Mér finnst persónulega ekki sanngjarnt að stéttum sé hegnt fyrir að ná fram kröfum sínum.“

skólakennara og grunnskólakennara í áföngum á samningstímabilinu.

Formaður FL sagði réttilega í Fréttablaðinu að hann hefði verið viðbúinn því að neyslulhlegreiðslurnar yrðu afnumdar. – Og án þess að ég geti fullryrt um ástæður þess finnst mér líklegra að sá viðbúnaður sé til kominn vegna þess að meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hefur ekki sýnt leikskólakennurum neina sérstaka virðingu það sem af er kjörtímabilinu og því fátt sem kemur þeim lengur á óvart.

Mér finnst persónulega ekki sanngjarnt að stéttum sé hegnt fyrir að ná fram kröfum sínum. Mér finnst það ómaklegt af meirihlutanum að fara þessa leið, sérstaklega eftir það sem leikskólarnir hafa þurft að þola á undanförunum misserum.

Undir ráðhúsinu er engin gullnáma en borgarsjóður samanstendur af milljarðatugum. Þeim fjármunum er forgangsraðað í samræmi við stefnu og verðmætamat kjörinna fulltrúa hverju sinni. Borgarstjóri getur ekki fríað sig ábyrgð á því.

Bláfjöll eru á jaðarvatnsverndarsvæði

Umhverfisvernd

Sigurður
Nikulásson
skíðabjálfi



Svar við pistli í Fréttablaðinu Föstudaginn 18.11 eftir Margræti Júlíu, formann umhverfis- og samgöngunefndar, og Guðnýju Dóru, formann skipulagsnefndar Kópavogs.

Þið eruð að biðja skíðafólk að sýna biðlund. Það höfum við svo sannarlega gert, en frá árinu 2000 hafa opnunardagar verið fáir og höfum við lítið getað æft eða stundað skíðin síðastliðin 10 ár eins og önnur svæði hér á landi sem eru að bjóða upp á snjóframleiðslu eins og t.d. Tindastóll, Akureyri, Dalvík. Við hreinlega getum ekki beðið degi lengur, því miður.

Skýrslur hafa sýnt að snjóframleiðsla mengar ekki neitt og því ætti það ekki að vera afsökunin eða fyrirstaðan lengur. En fyrst mengun er ein af aðalmræðunum þá mengar mikið að keyra norður helgi eftir helgi og fljúga til útlanda til að geta æft skíði. Er ekki rétt að þið horfið á heildarmyndina? Það eru snjóframleiðslukerfi úti um allan heim og búin að vera undanfarin 30

ár og meira. Endilega reynið að hafa upp á upplýsingum einhvers staðar um að þetta hafi mengað umhverfið, því ekki hef ég fundið það.

Við skíðafólk höfum ekki tíma og getum ekki beðið eftir heildarmati á Bláfjallasvæðinu út af Þríhnjúkagígum, þeir tengjast skíðaíþróttinni ekki neitt. Það er verið að biðja um nokkra blásara hér og þar sem blása vatni upp í loftið og þá frýs vatnið

„Það er því miður verið að drepa skíðaíþróttina með þessari háttsemi hér fyrir sunnan...“

og breytist í snjó, hvernig getið þið verið svona á móti því?

Einnig vitnið þið í að það sé kominn tími á endurnýjun í Bláfjöllum, ég hef ekki orðið var við neitt nema eitthvað sem heitir eðlilegt viðhald, en öllu er mjög vel við haldið í Bláfjöllum og allt í mjög fínu standi.

Ég er bjálfi hjá Breiðablik og er foreldri tveggja afreksbarna í skíðaíþróttinni og ég er að gefast upp á því að biða eftir því að eitthvað

gerist. Er það raunin að það þurfi að minna ykkur á að það er barnaheill að stunda íþróttir. Við þurfum okkar aðstöðu til að æfa okkar íþrótt sem er skíði og það núna í vetur. Hvað þarf að breytast til að fólk skilji það?

Þetta kostar Kópavogsbæ um það bil 40 milljónir í fyrsta áfanga, þetta mun koma margfalt til baka. Fyrst vildi Kópavogsbær biða eftir skýrslunni um mengunaráhrif frá Mannviti, skýrslan kom og hún sannaði að það er engin mengun eða áhætta sem hlýst af snjóframleiðslu eða umferð til Bláfjalla, en þá er fundið upp á einhverju nýju, t.d. heildarmati með Þríhnjúkagígum, eða með öðrum orðum enn er reynt að tefja málið frekar.

Það er því miður verið að drepa skíðaíþróttina með þessari háttsemi hér fyrir sunnan, sem er einungis út af pólitískum toga og hefur það einnig áhrif á allt landið því hér sunnanlands er fjöldinn og ef hann hefur ekki aðgang að brekkum þá leggst skíðaíþróttin á Íslandi niður. Ástæður eru margar og ein af þeim er að fólk ætlar ekki að eiga útbúnað upp á mörg hundruð þúsund krónur til að keyra eina ferð á ári til Akureyrar.

Nú skora ég á alla sem málið varðar að ganga hratt til verks og klára þessi mál.

Íslensk jólatré eru allra hagur

Skógrækt

Einar Örn Jónsson
Skógræktarfélagi
Íslands



stoðum undir skógarvinnslu og markað með skógarafurðir hér á landi. Sú atvinnugrein er enn sem komið er ung og óþroskuð en hefur alla burði til að blómstra ef hlúð er að henni.

Eiturefni og óboðnir gestir

Ekki má heldur gleyma því að það er mun umhverfisvænna að velja innlend jólatré en erlend. Ekki þarf

„Við ræktun innlendra trjáa er nánast engum eiturefnum beitt en notkun þeirra er algeng víða erlendis...“

að flytja þau á skipi yfir hafið með tilheyrandi mengun. Við ræktun innlendra trjáa er nánast engum eiturefnum beitt en notkun þeirra er algeng víða erlendis, meðal annars í Danmörku, þaðan sem Íslendingar kaupa flest jólatré. Eiturefnum er einkum ætlað að halda niðri illgresi og skordýrum en

öðrum dýrum og plöntum stafar einnig hætta af notkun þeirra auk þess sem þau geta mengað vatnsból.

Þá er sú hætta alltaf til staðar að óboðnir gestir berist hingað til lands með innfluttum jólatrjám svo sem skordýr og plöntusjúkdómar sem geta valdið ómældum skaða á gróðri. Sitkalús og furulús eru dæmi um slík skaðræðis- kvikindi sem talið er að hafi borist til landsins með jólatrjám eða hnausplöntum.

Auðlindin vex og dafnar

Með því að velja íslenskt jólatré leggur maður jafnframt sitt af mörkum til umhirðu og ræktun skóga á Íslandi, einu skóglausasta landi Evrópu. Víðast hvar er jólatrjáahöggð liður í nauðsynlegri grisjun ungsjóga. Það er því ekki gengið á auðlindina heldur vex hún og dafnar við grisjunina. Fyrir hvert fellt tré má svo reikna með að 30-40 ný tré verði gróðursett.

Af þessu má sjá að það borgar sig að velja íslenskt jólatré. Með því er maður ekki aðeins að styrkja innlenda atvinnusköpun og spara gjaldyri heldur nýtur umhverfið einnig góðs af því á margvíslegan hátt.



Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í Þýskalandi í 108 ár. Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar
- ✓ Fer betur með þvottinn
- ✓ Þvottavél, verð frá kr. 184.500
- ✓ Þurrkari, verð frá kr. 158.400



Care Collection þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

Farðu alla leið með Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Ekki krókna

úr kulda!

Mikið úrval
af vetrarvörum
í verslunum BYKO!

Kuldagali
10.900 kr.



Vnr. 93458280-3
TRANEMO kuldagalli,
Navy, stærðir L-3XL.



Vnr. 93966405
Vettlingar 590 kr.
ACRYLC þrjónavettlingar.



Vnr. 93598602/12
Ullanærföt 5.990 kr.
DOVRE langermabólur eða
buxur, 100% merinoull.



Vnr. 83454458
Flísjakki 12.990 kr.
TRANEMO flísjakki, svartur, stærð L.



Vnr. 65105708-10
**Verð frá:
Rafmagnsofn 9.566 kr.**
Olíu fyllturofn 7, 9 eða 11 þilja.



Vnr. 65105780-1
**Verð frá:
Rafmagnsofn 9.990 kr.**
Rafmagnsofn, 2000W, grár, eða með
tíma- og turbó stillingu.



Vnr. 65105782-3
**Verð frá:
Rafmagnsofn 14.990 kr.**
HELLER rafmagnsofn.



Vnr. 65105815-7
**Verð frá:
Rafmagnsofn 23.990 kr.**
Olíufylltur pílofn, 600W, 800W eða 1000W.



Vnr. 54710095/125
**Verð frá:
Hálkusalt 765 kr.**
Hálkusalt, 2,5 kg eða 25 kg. poki.



Vnr. 65105754
Hitablásari 1.690 kr.
Hitablásari, 2000W, 220V.



Vnr. 65105737
Hitablásari 11.995 kr.
Iönaðarhitablásari, 3,3 kW, 240V.

25%

afsláttur af OVENTROP túrhitanemum
og túrlokum, 3/8 vinkil AV6, L25.

oventrop



Vnr. 2351011365

Vnr. 2351183763



46

LEIKARINN BEN STILLER er 46 ára í dag.

„Ég get verið mjög stressaður. Vinnan er besta leiðin til að koma stressinu í frjóan farveg, annars fengju blaðberinn eða garðyrkjumaðurinn að kenna á því.“

PETTA GERÐIST 30. NÓVEMBER ÁRIÐ 2007

Kárahnjúkavirkjun gangsett

Pennan dag árið 2007 var Kárahnjúkavirkjun gangsett við formlega athöfn.

Kárahnjúkavirkjun er 690 MW vatnsaflsvirkjun á hálendi Íslands norðan Vatnajökuls. Virkjunin sér álveri Alcoa í Reyðarfirði fyrir raforku. Virkjaðar eru jökulár Vatnajökuls: Jökulsá á Dal (Jökulsá á Brú), Jökulsá í Fljótsdal, Kelduá og Þrjár Þverár hennar. Mannvirkið sem slíkt hefur verið nefnt stærsta framkvæmd Íslandssögunnar.

Undirbúningur að verkinu hófst árið 1999, framkvæmdir hófust



2002 og var virkjunin formlega gangsett 30. nóvember 2007.

Til verksins voru fengnar þúsundir erlendra iðnaðarmanna. Aðalverktakafyrirtækið var hið ítalska fyrirtæki Impregilo. Um virkjunina og byggingu álversins hafa staðið miklar deilur milli þeirra sem eru á móti spillingu umhverfisins og annarra sem telja uppbygginguna jákvæða. Heildarkostnaður við byggingu virkjunarinnar var 133 milljarðar króna á

Heimild: www.is.wikipedia.org

verðlagi september 2007.



Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Þórhildur Jónsdóttir

Gnípuheiði 17, Kópavogi,

lést á Landspítalanum laugardaginn 26. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 7. desember kl. 15.00.

Victor Jacobsen og fjölskylda



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

Valgerður Jónsdóttir

Hrafnistu, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Áskirkju föstudaginn 2. desember kl. 13.00. Blóm vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Kristrún Harpa Kjartansdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir
Sigfríður Jónsdóttir
Hildur Jónsdóttir
Magnea Jónsdóttir

Ingvar Pétursson



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur M. Waage

Hvammabraut 2, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans 26. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 2. desember kl. 13.00.

Anna Bergmann Guðbjörnsdóttir
Sigfríður G. Waage
Magnús G. Waage
Eyrún Hulda G. Waage og barnabörn

Þór Stefánsson
Fríða Jóhannsdóttir



Ástkær sonur minn, faðir, fósturfaðir, bróðir og mágur,

James William Sandridge

andaðist í Noregi 13. nóvember sl. Útför hefur farið fram. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð viljum við færa kærnum vinum okkar nær og fjær. Faðmleg ykkar, hjartahlýja og kærleikur hafa verið okkur mikill styrkur. Megi ljós kærleikans lýsa upp skammdegið hjá okkur öllum.

Lilja Jóhannsdóttir
Ísak William Sandridge
Jóhann Dalberg Sandridge
Hermann Torfi Hreggviðsson

Arnór Lovisuson
Kristín Ruth Helgadóttir
Ágústa Hildur Gizuraróttir
Júlíus Sigurðsson
Sólveig Silfá Karlsdóttir

Bendum við á minningarsjóð sem stofnaður hefur verið fyrir son James, Ísak William Sandridge. Umsjónarmaður sjóðsins er Lilja Jóhannsdóttir. Kt: 121298-2449, Reikningsnúmer: 0142-15-381252



ÆVINTÝRIÐ BYRJAÐI Á MAJORKU Göngur eru útgangspunkturinn í hverri ferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FERÐAFRÖMUÐUR Á TÍMAMÓTUM: TUTTUGU ÁR FRÁ FYRSTU GÖNGUFERÐINI

Gönguferðir á suðlægar slóðir þóttu óhugsandi í fyrstu

Í ár eru tuttugu ár síðan Steinunn Harðardóttir, dagskrárgerðarkona og göngugarpur, fór með fyrsta skipulagða hópinn í gönguferð til Majorku en hún er frumkvöðull á Íslandi þegar kemur að skipulögðum gönguferðum erlendis. Fimm árum síðar stofnaði hún göngufélagið Göngu-Hrólf og hefur í nafni þess staðið fyrir ótal ferðum meðal annars til Majorku, Ítalíu, Tyrklands, Spánnar, Slóvakíu og Krítar.

„Ævintýrið byrjaði á Majorku árið 1989 þegar ég fór þangað í náttúruskoðunarferð með sænskri ferðaskrifstofu og heillaðist af þessu spennandi göngulandi. Þegar ég ákvað að fara þangað með fólk í skipulagðar gönguferðir var reyndar hlegið að mér enda héldu margir að á Majorku væru engin fjöll. Þau eru hins vegar sum í kringum 1.500 metra há með 800 metra hækkun og um að ræða æðislegt gönguland,“

segir Steinunn. Hún bauð upp á gönguferðir til Majorku allt þar til hætt var að fljúga þangað beint eftir hrun ásamt því að bæta við fleiri áfangastöðum á suðlægar slóðir, sem mörgum þótti nær óhugsandi í fyrstu.

„Boltinn fór að rúlla fyrir alvöru þegar ég komst í samstarf við Úrval Útsýn og síðar Vita.is sem ég er í samstarfi við í dag,“ segir Steinunn en fjölmargar ferðir eru á dagskrá Göngu-Hrólfs á næsta ári þar á meðal ferðir til Andalúsíu, Kanaríeyja, Algarve og Toskana. „Önnur ferðin til Toskana er í samstarfi við Önnu Rósu grasalækni en í henni er lögð áhersla á lækningajurtir og smyrslagerð ásamt kennslu í ítalskri matargerð,“ upplýsir Steinunn. Við val á áfangastöðum tekur hún mið af því hvert er flogið beint til að einfalda alla framkvæmd og finnur áhugaverðar gönguleiðir út frá því.

En hvaðan kemur þessi mikli ferðaáhugi? „Ég veit það satt að segja ekki. Ég er þjóðfélagsfræðingur að mennt en hef alltaf haft mikinn áhuga á jarðfræði. Ég var líka í skátunum sem barn og grunar að það hafi haft sitt að segja.“

Ferðaáhugi Steinunnar fer ekki leynt í útvarpsþáttunum Út um græna grundu á laugardagsmorgnum á Rás 1 sem hún hefur stýrt frá upphafi, eða í sextán ár en þess má til gamans geta að í dag er enginn annar þáttur á dagskrá RÚV sem hefur verið stjórnað af sama umsjónarmanni frá upphafi. Í þættinum er fjallað um útivist, ferðamál, náttúrufræði, gönguferðir, ferðalög og Íslendingasögur svo dæmi séu nefnd og var hann tilnefndur til umhverfisverðlauna Umhverfisráðuneytisins í haust.

vera@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Droplaug J. Kjerúlff

frá Vallholti í Fljótsdal,

lést miðvikudaginn 23. nóvember. Útför hennar fer fram frá Valþjófsstaðarkirkju laugardaginn 3. desember kl 14.00.

Hjörtur Kjerúlff
Reynir Kjerúlff
Sigurður Kjerúlff
Elísabet Kjerúlff
Sigurður Thoroddsen
barnabörn og langömmubörn.



Elskuleg eiginkona, móðir og systir,

Noelle Kjartansson Naudot

lést á heimili sínu í Etiolle í Frakklandi 24.11. sl. Jarðarförin fer fram í heimabæ hennar föstudaginn 02.12. nk. Sama dag verður minningarathöfn um hana í Fríkirkjunni í Reykjavík og hefst hún kl. 17.30.

Einar Kjartansson
Gregory Kjartansson
Didier Naudot



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. nóvember 2011 | 18. tölublað | 7. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Áratuga forskot
með Svaninn!

GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Erfitt að mæla arðsemi einstakra virkjana

→ Kárahnjúkavirkjun hlutfallslega dýrust

→ Kröfluvirkjun og Laxárvirkjanir hlutfallslega ódýrastar

Þarf að selja Haga fyrir 1. mars

Arion banki þarf að losa sig við allan eignarhlut sinn í Högum fyrir 1. mars 2012 vegna skilyrða sem Samkeppnis- og Fjármálaeftirlitið (FME) settu eignarhaldi bankans á félaginu. Það þýðir að sá 21,1-31,1% hlutur sem bankinn mun halda eftir í Högum í kjölfar þess að félagið verður sett á markað næstkomandi mánudag mun þurfa að seljast líka. Arion hefur þegar tilkynnt um að 20-30% hlutur í Högum, sem er nú í eigu bankans, verði seldur í kauphöll í næstu viku. Geti Arion ekki staðið við gefna fresti og ekki liggja fyrir fullnægjandi rök, að mati FME, fyrir veitingu viðbótarfrests mun eftirlitið beita viðeigandi viðurlögum, dagsektum og/eða stjórnvaldssektum, til að knýja á um aðgerðir.

SÍÐA 4

Eigendur Olís skipta um nafn

Búið er að stofna nýtt félag með nafninu FAD 1830 ehf. Félagið var stofnað í nóvember. Við sama tilfni var nafni gamla FAD 1830 ehf. breytt í GESE ehf. FAD 1830 hefur verið eigandi Ólíuverlunar Íslands (Olís) um árabíl. Olís, og eigendur þess, hafa átt í viðræðum við viðskiptabanka sinn, Landsbankann, um fjárhagslega endurskipulagningu enda hefur vafi leikið á rekstrarhæfi fyrirtækisins. Gamla FAD 1830, sem nú heitir GESE, er í eigu Gísla Baldurs Garðarssonar og Einarar Benediktssonar. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi frá árinu 2007.

- PSU

Vilja kanna áhrif höfuðstólslækkunar

Fimmtán þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fyrir Alþingi beiðni um að unnin verði skýrsla um áhrif þess að lækka höfuðstól húsnæðislána um 10 til 20 prósent. Nánar tiltekið vilja þeir að könnuð verði áhrif slíkrar aðgerðar á hagkerfið, lífeyrissjóðina og réttindaávinnslu sjóðfélaga auk Íbúðalánasjóðs og annarra fjármálastofnana. Þá vilja þeir að könnuð verði áhrif þess að hækka lífeyrisaldur um eitt til þrjú ár í tengslum við niðurfærsluna og áhrif þess að aftengja vísitölu á lánum og réttindum næstu fimm árin.

- MPL

Verslunareigendur athugið! Jólatilboð á viðbótarposum

GSM-, Internet- og fastlínuposar
Einfaldir í notkun og öruggir
Skjót og góð þjónusta




Fyrirtækjalausnir Valitor | sími 525 2080 | www.valitor.is | fyrirt@valitor.is

VALITOR
Lausnir án landamæra

DataMarket


12 mánaða verðbólga á Íslandi og á Evrusvæðinu



Heimili í fjárhagsvandræðum eftir heimilisgerð, 2004-2011

Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar um fjárhagsstöðu heimila sem framkvæmd var á tímabilinu mars-maí 2011 var fjöldi íslenskra heimila talin vera 123.100 samtals. Almennt má segja að heimili sem eiga í fjárhagsvanda hafi fjölgað umtalsvert frá árinu 2008. Árið 2011 taldi um það bil helmingur heimila í landinu erfitt með að ná endum saman í fjármálum sínum eða um 62.000 heimili (bláa línan) og 48.000 heimili (brúna línan) telja sig ekki geta mætt óvæntum útgjöldum.

Árið 2011 voru 12.100 heimili með húsnæðislán eða leigu í vanskilum (græna línan) en stóð í stað á milli áruna 2010 og 2011. Til samanburðar voru árið 2008 um 6.500 heimili með húsnæðislán eða leigu í vanskilum. Fjöldi heimila með önnur lán en húsnæðislán í vanskilum (gula línan) lækkaði lítillega milli áruna 2010 og 2011 eða úr 16.300 í 15.200 árið 2011 þegar kónunin var gerð.



Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 30. NÓVEMBER

→ Morgunfundur Hagfræðideildar Landsbankans

FIMMTUDAGUR 1. DESEMBER

→ Greiðslujöfnuður Seðlabanka Íslands

→ Erlend staða þjóðarbúsins

→ Erlendar skuldir Seðlabanka Íslands 3. ársfj.

FÖSTUDAGUR 2. DESEMBER

→ Gistinætur og gestakomur á hótélum í október 2011

ÞRIÐJUDAGUR 6. DESEMBER

→ Vöruskipti við útlönd í jan.-okt. 2011

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á

vísir

Logos hefur grætt 1,5 milljarða eftir hrun

Kreppan herjar ekki á lögmannastéttina. Logos hagnaðist um 1,5 milljarða á árunum 2009 og 2010. Átta aðrar stofur högnuðust um milljarð samanlagt.

VIÐSKIPTI

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Lögfræðistofan Logos hagnaðist um tæpa 1,5 milljarða króna á árunum 2009 og 2010. Átta aðrar stórar stofur högnuðust samanlagt um 2,2 milljarða króna á sama tímabili. Því hafa stofurnar nú hagnast um 3,7 milljarða króna á fyrstu tveimur árunum eftir bankahrun. Flestar þeirra greiða allan hagnað sem arð til eigenda sinna. Í flestum tilfellum hefur afkoma stofanna batnað verulega síðan að efnahagskreppa skall á.

Logos er stærsta lögfræðistofa landsins. Hún hagnaðist um 633 milljónir króna í fyrra. Lagt var til að 90% af hagnaðinum yrðu greidd sem arður til 16 eigenda stofunnar. Logos hagnaðist um 840,6 milljónir króna árið áður. Hagnaður stofunnar tæplega tvöfaldaðist á árinu 2009. Á meðal eigenda stofunnar eru Gunnar Sturluson, Erlendur Gíslason og Óttar Pálsson.

BBA Legal hagnaðist um 252 milljónir króna á síðasta ári. Árið 2009 hagnaðist BBA um 282 milljónir króna og því hefur hún hagnast samtals um 534 milljónir króna á tveimur árum. Alls eru eigendur stofunnar sex talsins. Þar af eiga tveir, Ásgeir Á. Ragnarsson og Baldvin Björn Haraldsson, samtals 54% hlut.

Lex lögmannsstofa græddi 194 milljónir króna á árinu 2010. Það er nokkru minna en árið áður þegar stofan skilaði 291 milljón króna í hagnað. Hluthafar Lex eru 17 talsins. Á meðal þeirra eru Karl Axelsson, Þórunn Guðmundsdóttir og Kristín Edwald. Mörkin lögmannsstofa skilaði 179 milljóna króna hagnaði í fyrra og 193 milljónum króna á árinu 2009. Hann hefur allur verið greiddur út sem arður til eigenda Markarinnar. Sjö lögmennt eiga 14,3% hlut hver í Mörkinni Lögmannsstofu. Á meðal þeirra eru Gestur Jónsson, Ragnar H. Hall og Hörður Felix Harðarson.

Réttur-Aðalsteinsson&Partners ehf. hagnaðist um 129 milljónir króna í fyrra. Það er svipað og árið áður þegar stofan skilaði 123 milljóna króna hagnaði. Eigendur hennar eru þrír: Ragnar Aðalsteinsson,



Í SÉRFLOKKI Logos er með 63 starfsmenn í vinnu og greiddi þeim 529 milljónir króna í laun í fyrra. Það gera 8,4 milljónir króna að meðaltali á hvern þeirra.

LÖGFRÆÐISTOFA REYKJAVÍKUR GRÆDDI LÍTIÐ

Lögfræðistofa Reykjavíkur (LR) er ein stærsta lögfræðistofa landsins. Hagnaður af rekstri hennar var þó ekki nema tvær milljónir króna á síðasta ári. Ástæðuna er að finna í því að eigendur stofunnar eru ekki með sameiginlegan rekstur heldur deila yfirbyggingu og vinnuáðstöðu. Alls eru eigendur stofunnar tíu talsins og teljast þeir allir til tengdra aðila. Á árinu 2009 keypti LR aðkeypta þjónustu af tengdum aðilum fyrir 292 milljónir króna. Árið áður keypti LR þjónustu af þeim fyrir 154 milljónir króna. Í ársreikningi LR fyrir árið 2010 er ekki tilgreint hver viðskipti félagsins við tengda aðila voru á árinu.

Á meðal eigenda LR eru Steinar Guðgeirsson, formaður skilanevndar Kaupþings, Ólafur Garðarsson, fyrrverandi formaður slitanevndar Kaupþings, og Lárentínus Kristjánsson, formaður skilanevndar Landsbankans.

Sigríður Rut Júlíusdóttir og Arnar Þór Jónsson. Þau eiga öll þriðjung. Réttur-Aðalsteinsson&Partners ehf. greiddi út 120 milljónir króna til eigenda sinna í fyrra vegna frammistöðu ársins á undan. Stjórn félagsins lagði til að 130 milljónir króna verði greiddar út í ár.

Landslög lögfræðisþjónusta hagnaðist um 83,4 milljónir króna í fyrra. Um er að ræða hluta af þeirri starfsemi sem var áður innan Landslaga ehf., sem sameinaðist LM lögmönnum 1. júlí 2010. Hinn sameiginlegi rekstur er að mestu rekinn inni í samlagsfélaginu Landslög slf., sem þarf ekki að skila ársreikningi. Landslög ehf. hagnaðist um 155,5 milljónir króna árið 2009. Á meðal eigenda sameinaðrar stofu eru Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Kristján Þorbergsson og Jóhannes Bjarni Björnsson.

Juris hagnaðist um 81 milljónir króna á árinu 2010, sem er ívið meira en þær 67 milljónir sem stofan tók inn árið á undan. Juris greiðir iðulega út allan hagnað sem arð. Eigendur Juris eru Andri Árnason, Sigurbjörn Magnússon, Lárus Blöndal og Stefán A. Svensson.

Sigurjónsson&Thor ehf. hagnaðist um 47 milljónir í fyrra, en stofan sérhæfir sig í hugverkum og vörumerkjarétti. Hún hagnaðist um 78 milljónir króna árið áður. Tveir eigendur eru að stofunni, Magnús Haukur Magnússon og Valborg Kjartansdóttir. Þá hagnaðist Lögmál ehf. um 46 milljónir króna sem bætast við þær 52 milljónir króna sem stofan græddi árið áður. Allar ofangreindar stofur, utan Logos, voru á meðal tíu arðbærustu lögfræðistofa landsins árið 2009.

Þarftu aukið skipulag á skrifstofuna?



BISLEY Mikið úrval af skjalaskápum fyrir stór sem smá fyrirtæki. Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu tilboð

www.optima.is

Hafðu samband
S. 588 9000Fáðu tilboð
OG ÞÚ SPARAR!

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa

Tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð

Dell netþjónar

Öflugir netþjónar sem henta litlum fyrirtækjum. Ódýrir og áreiðanlegir.




Dell PowerEdge T110 II
Verð áður
299.950 kr.

**Verð nú
209.950 kr.**

5 ára
varahlutaábyrgð
3 ára
vinnuábyrgð

Dell fyrirtækjafartölvur

Dell Latitude eru öflugar, öruggar og sérstaklega sterkbyggðar fartölvur fyrir viðskiptalífið.



Dell Latitude E5520
Verð áður
199.950 kr.

**Verð nú
139.950 kr.**

5 ára
varahlutaábyrgð
3 ára
vinnuábyrgð

Dell borðtölvur

Öruggar og auðveldar í umsjá, OptiPlex tölvurnar passa í nánast hvaða skrifstofuumhverfi sem er.



Dell OptiPlex 790
Verð áður
183.750 kr.

**Verð nú
129.950 kr.**

5 ára
varahlutaábyrgð
3 ára
vinnuábyrgð

Dell fartölvur

Dell Vostro eru hannaðar með lítil fyrirtæki í huga, einfaldar en sterkbyggðar. Hlaðnar nýjustu tækni og skila fyrsta flokks árangri.



Dell Vostro 3550
Verð áður
189.900 kr.

**Verð nú
149.950 kr.**

3 ára
ábyrgð

Hvað er okkar ábyrgð?

Okkar ábyrgð er meira en lögleg lágmarksábyrgð. Okkar ábyrgð nær líka yfir þjónustuverið sem er alltaf opið og yfir vöruúrvalið sem samanstendur af vörum sem þú getur treyst.

Kauptu tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð.

www.ejs.is/tolvubunadur

Grensásvegi 10
108 Reykjavík

Tryggvabraut 10
600 Akureyri

440 9000
sala@ejs.is



EJS | HLUÐI AF SKÝRR

Okkar
ábyrgð



SJÓVÁ Þeir sem hafa borgað fyrir barnatryggingar til Sjóvá geta flutt tryggingarstofninn milli tryggingarfélaga.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

FME óskar eftir athugasemdum: Barnatryggingar Sjóvá fluttar til

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa sótt um heimild Fjármálaeftirlitsins (FME) til að flytja váttryggingarstofn félagsins í barnatryggingum yfir til Sjóvá-Almennta líftrygginga hf.

Lögum samkvæmt hefur FME birt tilkynningu þess efnis og óskað eftir athugasemdum frá váttryggingartökum og öðrum sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta.

Viðkomandi hafa 30 daga frá og með gærdeginum til að senda inn athugasemdir, en meðal annars hafa tryggingartakar rétt á því að flytja tryggingastofn sinn milli tryggingarfélaga, æski þeir slíks.

- þj

Erfiðleikar Bretlands:

Meiri hagræðing og verkfall í dag

George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að aðhaldsaðgerðir stjórnvalda til að bregðast við fjárlaga-



GEORGE OSBORNE

halla ríkissjóðs yrðu fram- lengdar til ársins 2017, fram yfir næstu þingkosningar.

Hagvaxtar- spár fyrir breskt efna- hagslíf eru allt annað en góðar og gera nýjustu áætlanir ráð fyrir aðeins 0,7% hagvexti á næsta ári.

Áskorunin sem við stöndum nú frammi fyrir er enn alvarlegri en við höldum. Bólan í hagkerfinu var stærri, hrúnið var enn meira og þess vegna eru afleiðingarnar enn langvinnari.

Meðal annarra aðgerða Osbornes er endurskipulagning á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna, en í dag munu allt að tvær milljónir manna úr þeim hópi leggja niður störf í einn sólarhring í mótmælaskyni.

- þj

Arion banki þarf að selja rest í Högum fyrir 1. mars

Arion banki má ekki eiga hlut í Högum lengur en í þrjá mánuði til viðbótar. Hagar hafa tapað milljörðum króna á óskyldum fjárfestingum. Rúmlega milljarðs króna framvirkur samningur í FL Group gerður upp í október 2011.

HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Þórhur Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, verður að selja eignarhlut sinn í smásölurisanum Högum fyrir 1. mars næstkomandi vegna skilyrða sem Samkeppnis- og Fjármálaeftirlitið (FME) settu eignarhaldi bankans á félagið. Þetta kemur fram í skráningarlýsingu Haga sem birt var á mánudagsmorgun.

Arion hefur þegar tilkynnt um að 20-30% hlutur verði seldur í gegnum Kauphöllina í næstu viku og félagið samhliða skráð á markað. Eignabjarg mun eftir það halda á 21,1-31,1% hlut sem það verður að selja fyrir 1. mars næstkomandi.

Í skráningarlýsingu segir að „skilyrði FME og Samkeppnis- eftirlitsins gera Eignabjargi ehf. (eða bankanum) skyld að selja hluta- fjáreign sína í Högum í síðasta lagi 1. mars 2012“. Eignabjarg og Búvellir, næststærsti eigandi Haga hafa gert með sér samning um gagnkvæmar söluhömlur á eignarhlutum sínum sem í felst að báðir aðilar skuldbinda sig til að halda þeim út febrúar næstkomandi.

Geti Arion ekki staðið við gefna fresti og ekki liggja fyrir fullnægjandi rök, að mati FME, fyrir veit- ingu viðbótarfrests mun eftirlitið beita viðeigandi viðurlögum, dag- sektum og/eða stjórnvaldssektum, til að knýja á um aðgerðir. Hagar er eitt þeirra 132 félaga í óskyld- um rekstri sem íslensk fjármála- fyrirtæki áttu í byrjun þessa mán- aðar. Samkvæmt lögum mega þau ekki eiga slík félög lengur en í 12 mánuði hið mesta. Hagar hafa verið í eigu Arion, eða Eignabjargs, í 25 mánuði.

Gamlar syndir afgreiddar

Í skráningarlýsingu er einnig farið yfir ýmsar fjárfestingar Haga sem í flestum tilfellum virðast eiga lítið sem ekkert sameiginlegt með kjarnastarfsemi félagsins. Hagar töpuðu háum fjárhæðum á þessum fjárfestingum sínum.

Þar ber fyrst að nefna afleiðu- samning sem félagið gerði við Glitni um hlutabréf í FL Group á rekstrarárinu 2007/2008. FL Group, sem nú heitir Stoðir, fór í greiðslu-



MATVARA Áður en Arion banki tók félagið yfir fjárfestu Hagar í alls kyns fyrirtækjum sem áttu litla samleið með kjarnastarfsemi þess. Hagar keyptu meðal annars í FL Group, Byr og 365 miðlum.

30 MILLJARÐAR AFSKRIFAÐIR HJÁ 1998

Arion banki var eini lánardrottinn eignarhaldsfélagsins 1998 ehf., sem átti Haga áður. Vegna skuldavanda 1998 leysti Arion Haga til sín í október 2009 og við það eignaðist hann 95,7% hlut í félaginu.

1998 afskrifaði rúmlega 30 milljarða króna á árinu 2010. Félagið „seldi“ eignarhlut sinn í Högum til Eignabjargs á því ári á 8,4 milljarða króna og notaði féð til að greiða upp skuldir við Arion. 1998 bókfærði þó sölutap upp á 3,6 milljarða króna vegna Haga á síðasta ári þar sem eignarhluturinn í smásölurisanum hafði verið metinn á 12 milljarða króna í árslok 2009. Áður hafði eignarhluturinn í Högum verið færður niður í virði um 10,1 milljarð króna frá því sem hann var bókfærður við yfirtöku. Þetta kemur fram í árs- reikningi 1998 ehf. sem skilað var inn til ársreikningaskrár 10. nóvember síðastliðinn. Þar segir einnig að félagið hafi nú að fullu gert upp við Arion banka.

1998 var stofnað á árinu 2008. Það sumar fékk félagið tugmilljarða króna lán frá Kaupþingi til að kaupa Haga af Baugi Group. Eigendur 1998 voru þeir sömu og áttu í Baugi: Gaumur (í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu), ISP (í eigu Ingibjargar S. Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs) og Bague (m.a. í eigu Hreins Loftssonar).

Lánið til 1998 var fært frá gamla Kaupþingi yfir til Arion banka á mjög lágu verði við bankahrún. Gamli bankinn fékk síðan hlut í viðbótar- innheimtu þess. Tap vegna lánsins til 1998 lendir því alltaf á kröfuhöfum gamla Kaupþings.

stöðvun í október 2008 og í gegnum nauðasamninga sumarið 2009. Við það varð hlutafé í félaginu verð- laust. Í skráningarlýsingu segir að „í lok október 2011 náðist sam- komulag á milli félagsins og slit- stjórnað Glitnis banka hf. um end- anlegt uppgjör afleiðusamningsins. Heildartap félagsins vegna hans mun nema um 1.365 milljónum króna“. Fyrrverandi aðaleigendur Haga, Jón Ásgeir Jóhannesson og tengdir aðilar, voru stærstu eigend- ur FL Group fyrir bankahrún.

Töpuðu miklu á Húsasmiðjunni

Á reikningsárinu 2007/2008 keyptu Hagar hlut í Byr spari- sjóði fyrir 397 milljónir króna. Fyrir áttu Hagar hlut í Byr sem bókfærður var á 183 milljónir króna. Kaupin voru fjármöggnuð með handbæru fé og láni upp á 351 milljón króna. Hlutur Haga í Byr var afskrifaður að fullu árið 2009/2010.

Á árinu 2010 var gengið frá samkomulagi við Skeljung vegna samráðsskuldna þess félags með

lokagreiðslu. Ástæðan var sú að á einhverju tímabili, þegar Skelj- ungur gekk kaupum og sölum, var olufélagið í eigu Haga. Þegar það var selt til Fons árið 2006 sat ábyrgð á skaðabótakröfum vegna samráðs olufélaganna eftir hjá Högum. Hagar greiddu Skelj- ungi 70 milljónir króna á síðasta rekstrarári. Stærstu eigendur FL Group voru ýmist í eigendahópi Byrs eða á meðal helstu viðskipta- vina sjóðsins.

Hagar keyptu 45% hlut í Húsa- smiðjunni á árinu 2007 fyrir 1,7 milljarða króna. Seljandi hlutarins var Baugur Group. Kaupin voru fjármöggnuð með útgáfu hluta- bréfa. Kaupin voru fjármöggnuð með útgáfu hlutabréfa. Hluturinn í Húsasmiðjunni var afskrifaður að fullu árið 2009 eftir að Lands- bankinn gekk að fullu að veðum sínum í fyrirtækinu.

Í nóvember 2008 keyptu Hagar hlut í 365 miðlum á 810 millj- ónir króna og greiddi fyrir með reiðufé. Í febrúar 2009 seldi félagið Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, þáverandi aðaleiganda þess, helm- inginn af hlutnum á 393 milljón- ir króna. Nokkru síðar seldi það eftirstöðvarnar á undir 100 millj- ónir króna til 365 miðla sjálfra, sem eru fjárhagslega tengdir Jóni Ásgeiri. Tap Haga vegna þessara viðskipta er hið minnsta rúmlega 300 milljónir króna.

Velkomin í Eignastýringu Landsbankans

Eignastýring Landsbankans er sérhæfð fjármálaþjónusta fyrir viðskiptavinum sem vilja byggja upp öflugt eignasafn og njóta sérfræðiráðgjafar á öllum sviðum bankaðjónustu.

Heimsæktu ráðgjafa Eignastýringar í Austurstræti 11, hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Sigurður B. Stefánsson

Eyrún Anna Einarsdóttir





Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir tilnefningum almennings á fallgustu jólaskreytingunum á íbúðarhúsum og fyrirtækjum. Samkeppnin nær til dreifisvæðis Orkuveitu Reykjavíkur og hefur ein húseign í hverju sveitarfélagi gjarnan verið verðlaunuð. Tilnefningar sendist á www.or.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin **amerísk** tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Fræðslufundur Íslandsstofu um áhrif norðurljósa á ferðaþjónustu verður haldinn á morgun á Hótel Sögu.

Norðurljósinn vannýtt auðlind



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

yfir ánægju sinni með þennan samning og undirstrikaði mikilvægi hans fyrir

Ríkisútvarpið og hlustendur um land allt.

Fundur um börn flóttamanna

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Forlagið standa fyrir aukafundi í fundaröð sem sett var saman í tilefni af útgáfu bókarinnar Ríkisfang ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur. Fundurinn fer fram í stofu 101 í Odda í hádeginu í dag og hefst klukkan 12.25. Fundarstjóri er Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og þær Anna Kristine Magnúsdóttir-Mikulcaková og Tinna Davíðsdóttir, sem báðar eru börn flóttafólks, segja sögur sínar og sitja fyrir svörum.

Í árunna rás hafa fjölmargir flóttamenn fengið skjól á Íslandi. Það fólk hefur eignast börn sem sum eru orðin uppkomin. Hvernig var flótti foreldranna og koman til landsins og hvaða áhrif hafði hann á næstu kynslóð á eftir?



AUKAFUNDUR Fundaröð um málefni flóttamanna var hrundið úr vör í tilefni af útgáfu bókar Sigríðar Víðis Jónsdóttur, ríkisfang ekkert.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Anna Kristine Magnúsdóttir-Mikulcaková er þekkt blaðakona en færri vita að hún er dóttir flóttamanns frá fyrrum Tékkóslóvakíu. Foreldrar Tinnu Davíðsdóttur lyfjafræðings flúðu hins vegar frá Vietnam.



FYRIRLESTUR Í DAG Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur heldur fyrirlestur í Öskju í dag í tengslum við bók sem kom út eftir hann í sumar.

Framfarir í jarðskjálftaspám

Jarðskjálftafræðingurinn Ragnar Stefánsson gaf í sumar út bókina Advances in Earthquake Prediction, research and Risk Mitigation hjá þýska bókaforlaginu Springer. Í bókinni er farið yfir niðurstöður fjölbjóðlegra rannsókna á sviði jarðskjálftaspá, sem staðið hafa yfir í tvo áratugi á Suðurlandsundirlendinu.

Í tengslum við bókaútgáfuna mun Ragnar halda fyrirlestur í dag í Öskju, sem ber yfirskriftina Framfarir í jarðskjálftaspám: Frá rannsóknum til viðvarana. Í honum mun Ragnar gera grein fyrir rannsóknum og rannsóknarniðurstöðum og fer þar meðal annars yfir hvernig draga má úr þeim fjölmörgu hættum sem oft stafa af jarðskjálftum. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.30 í stofu 132.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, mömmu, ömmu og langömmu,

Sólveigar Önnu
Þórleifsdóttir

Gunnólfsgötu 14, Ólafsfirði.

Einar Þórarinnsson

Aðalheiður Einarsson
Þórarinn Rúnar Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn

Guðmundur Þór Guðjónsson
Guðrún Johnsen



Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,
Hólmfríður Magnúsdóttir
geðlæknir

Hvassaleiti 56, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 27. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Sólveig Grétarsdóttir
Jóhanna Fríða Guðmundsdóttir
Grétar Örn Guðmundsson
Finnur og Tinna

Guðmundur A. Guðmundsson

Arndís Huld Hákonardóttir



Okkar ástkæri

Ingólfur Guðnason

bóndi, frá Eyjum I í Kjós,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 28. nóvember.

Anna Ingólfssdóttir
Hermann Ingólfsson
Páll Ingólfsson
Guðrún Ingólfssdóttir
Valborg Ingólfssdóttir
afabörn og langafabörn

Kristinn Helgason
Birna Einarsson
Marta Karlsdóttir

Ómar Ásgrímsson



Þökkum hlýhug og samúdarkveðjur vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdafaður, afá og langafa,

Jónasar Finnbogasonar
íslenskufræðings.

Kristín Arnalds

Einar Arnalds Jónasson
Ari Jónasson
Elín Lilja Jónassdóttir

Maria Louise Wind
Hildur Jónsdóttir
Egill Pálsson

barnabörn og barnabarnabörn

Ný sending af **VITA**



Silvia kr. 14.980.-*



Luna kr. 9.980.-*



Pagoda kr. 9.980.-*



Alba kr. 11.980.-*



Gaia kr. 5.980.-*



Cappa kr. 5.980.-*



Folia kr. 9.980.-*



Filippa 6.980.-*



Lightbrown sand



Midnight grey



Pitch black

Aukalitir

Silvia kr. 7.990.-

Luna kr. 4.980.-

Pagoda kr. 4.980.-

Alba kr. 5.990.-

*verð án upphengi



Lightbrown sand



Midnight grey



Pitch black

Opið:
Mánudag til föstudag frá kl. 10 - 18
Laugardag frá kl. 11 - 16
www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. teikniblek, 6. klafi, 8. tæfa, 9. flik, 11. eyðileggja, 12. krapi, 14. ljúka, 16. persónuformafn, 17. sérstaklega, 18. ennþá, 20. tveir eins, 21. framkvæma.

LÓÐRÉTT
1. hróss, 3. innan, 4. fax, 5. skjön, 7. hænsnflugl, 10. samræða, 13. hólf, 15. illgresi, 16. þögn, 19. ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. túss, 6. ok, 8. tík, 9. fat, 11. má, 12. sláub, 14. klára, 16. þú, 17. sér, 18. enn, 20. ff, 21. inna.
LÓÐRÉTT: 1. lofs, 3. út, 4. símbref, 5. ská, 7. kalkúnn, 10. tal, 13. bás, 15. arfr, 16. þel, 19. nn.



STEINNI PÉSI

& GAUR Á TROMMU

- Laugardagur 03.12.11 22:30
- Fimmtudagur 08.12.11 22:30
- Fimmtudagur 15.12.11 20:00 **Aukasýning!**
- Föstudagur 16.12.11 22:30 **Aukasýning!**

Miðasala á gamlabio.is og midi.is. Símanúmer í miðasölu 563 4000. Opið mán.-mið. 14:00-18:00 og fim.-sun. 14:00-20:00.

Síðustu sýningar fyrir jóll!

GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

Sögulegt samstöðuleysi

BAKPANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé

Alþingi Íslendinga steig það merkilega áspor í gær að viðurkenna fullveldi og sjálfstæði Palestínu. Segja má að með því hafi Ísland loks stigið skrefið til fulls, en Ísland hefur viðurkennt fullveldi og sjálfstæði Ísraelsríkis síðan árið 1947. Hitt ríkið sem átti að stofna, sjálfstætt ríki Palestínu, hefur nú fengið stuðning enn eins ríkisins við sjálfsagða kröfu sína um sanngjarna meðferð.

Þjóðir sem fyrst vildu tryggja frið áður en sjálfstæði Palestínu yrði viðurkennt. Þær þjóðir vilja að Palestínumenn sitji skör lakar en Ísraelar í viðræðum þjóðanna á milli.

ÞINGFLOKKSFORMAÐURINN telur að mál af þessari stærðargráðu verði „Íslendingar að vinna í sameiningu, leggja okkur fram um að mynda samstöðu um utanríkisstefnu í öllu tilliti“. Þetta er athyglisverð afstaða og allrar umhugsunar verð. Það að ekki náðist samstaða Íslendinga í öllu tilliti varð til þess að Sjálfstæðisflokkurinn gat ekki stutt kröfu um sjálfstæði palestínsku þjóðarinnar.

FLOKKURINN hefur hingað til ekki átt í erfiðleikum með að taka afdrifaríkar ákvarðanir í utanríkismálum. Formaður hans ákvað við annan mann að Íslendingar styddu innrás í Írak. Það stríð og eftirköst þess hafa kostað yfir 1 milljón mannlífa. Sjálfstæðismenn studdu líka loftárásir á Kosovo og innrás í Afganistan, svo eitt-hvað sé nefnt. Fjöldi óbreyttra borgara féll í þeim aðgerðum.

ÞAÐ krefst áræðni og hugrekksis að stíga skref eins og Alþingi gerði í gær, sem eru ekki í fótspor öflugra vestrænna vinahjóða. Þá áræðni höfðu þingmenn allra flokka í gær. Nema Sjálfstæðisflokksins.



ATHYGLISVERT var að hlusta á umræður á Alþingi. Undantekningarlítið komu þingmenn upp og lýstu yfir gleði og stolti yfir að fá að taka þátt í þessari sögulegu stund. Gjarnan voru reifaðir atburðir í sögu samskipta ríkjanna tveggja og palestínsku þjóðinni óskað til hamingju og heilla á þyrnum stráðri braut sinni að sjálfstæði.

FULLTRÚAR Sjálfstæðisflokksins skáru sig hins vegar úr. Þingflokksformaður þeirra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, kom í pontu og skýrði afstöðu flokksins. Hún óskaði þess að samþykkt Alþingis yrði palestínsku þjóðinni til góds. Sjálfstæðismenn gætu hins vegar ekki stutt sjálfstæði palestínsku þjóðarinnar af því að með því væru Íslendingar úr takti við þær

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



MY FRIENDS AND I

STÓRBROTIN AFMÆLISSÝNING
MAGGA KJARTANS
Á BROADWAY – 45 ÁR Í BRANSANUM

Lögin sem
þjóðin elskar!

- Jólalaðborð
 - Haukur Heiðar leikur fyrir matargesti
 - Afmælistýning Magga Kjartans
 - Hljómsveit leikur fyrir dansi
- Verð aðeins 8.400 kr.!

Magnús Kjartansson þekkja allir úr hljómsveitum á borð við Óðmenn, Júdas, Trúbrot, Mannakorn, Brunaliðið, HLH-flokkinn, Brimkló, Hauka, Hljómsveit Björgvins Halldórssonar, Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar og Sléttuúlfana ...



... og lögin líka; **My friend and I**, Einskonar ást, Lítill drengur, Skólaball, To be grateful, Sólar samba, Svefnljóð, Trúbrotslögin og allar hinar perlurnar.

Ásamt Magga og hljómsveit koma fram:

Jónsi * Gísli Einars * Gunní Þórðar
Stefanía Svavars * Jóhann Vilhjálms * Þórir Úlfarsson



Hljómsveitina skípa: Jóhann Hjörleifsson, trommur
Friðrik Sturluson, bassi • Jens Hansson, saxófónn og hljómborð
Pétur Valgarð Pétursson, gítar • Sigurgeir Sigmundsson, gítar
Hljómsveitarstjóri: Þórir Úlfarsson, hljómborð
Leikstjórn: Egill Eðvarðsson

Láttu ekki magnaða tónlistarveislu
framhjá þér fara!



SÍÐUSTU TÓNLEIKAR TÓNLEIKARAÐAR JAZZKLÚBSINS MÚLANS á þessu hausti fara fram í kvöld. Á tónleikunum mun hljómsveitin JP Jazz – The Eternal Triangle koma fram, en þar leiða saman hesta sína gítarleikarinn Jón Páll Bjarnason og saxófónleikarinn Jóel Pálsson í nýjum djasskvartett. Meðleikarar þeirra eru Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson bassaleikari og Einar Scheving sem leikur á trommur. Tónleikar Múlans fara fram í Norræna húsinu og hefjast þeir klukkan níu.

Flest mun fullnað ...

Bækur ★★★★★

Allt kom það nær


Porsteinn frá Hamri

Mál og menning

Allt kom það nær er 25. ljóðabók Þorsteins frá Hamri, sem auk þess hefur sent frá sér skáldsögur og sagnaþætti. Hann er fyrir löngu orðinn eitt okkar viðurkenndasta skáld og allir sammála um að hann sé í hópi þeirra bestu, ef ekki sá albesti.

Ljódmál hans er fagað, tungutakið kraftmikið, hugsunin hvöss og hrynjandin ætíð fullkomin. Er þá einhverju við að bæta án þess að eiga það á hættu að verða eins og daufur endurómur af öllu því verskuðaða lofi sem á hann og ljóð hans hefur verið borið í gegnum tíðina? Getur fullkomnun orðið fullkomnari?

„Enn talar þú við nóttina, vinur minn Þorsteinn“ orti Nína Björk Árnadóttir fyrir áratugum og þau orð eiga við enn í dag, en í Allt kom það nær talar Þorsteinn þó minna við nóttina en oft áður og meira við samfélagið, við mig og þig. Hefði bókin verið gefin út undir dulnefni hefði legið beint við að álykta að hér væri reiður ungur maður á ferð, ungur maður sem ofbyði það samfélag sem hann hefði erf. En hver segir að ungir menn hafi einkarétt á reiðinni? Hér er nístandi samfélagsgagnrýni frá þroskuðu skáldi í bland við undurfagar myndir, skarpa greiningu á mannfólkinu og þungan trega sem liggur undir öllu og lítar mál og myndir. Næstum eins og skáldið sé að kveðja þjóð sína, enda eftir litlu að slægjast



þar sem hundinn slettir hæðnislega í góm þegar neyð er nefnd og mangarinn býður mannslíf og hryggð til sölu. (Snjór bls. 23)

Við skulum þó vona að Þorsteinn sé ekki að kveðja með þessari bók. Hann á enn við okkur brýnt erindi, er óhræddur við að

hækka raustina og segja okkur til syndanna. Og vald hans á tungunni er slíkt að við kippumst við og kveinkum okkur undan svipuhöggunum. Í sömu mund er okkur þó boðið til veislu þar sem leikið er undir blíðlega á alla strengi tungumálsins og orðin glitra eins og mjóll í hvítalogni. Þar sem skörp sýn og myndnæmi skáldsins skapa nýja heima fulla af undrum og gleði en um leið vaka hætturarnar við hvert fótmál, ógnin og undrið haldast í hendur og lífsleiðin er hvorki breið né greið þótt við vitum hvert hún liggur.

Og brátt rekur ísinn að. Nær manni, nær; Unz hann nemur í hjartanu stað. (Stórir komu skarar bls. 52)

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Stórvirki frá einu af okkar albestu skáldum, sem slær nýja tóna og kemur á óvart í þessari bók.



DANSHÖFUNDUR OG DANSARI Dansverkið Á er annað verk Valgerðar. Hún hlaut Grímuvörðlaunin fyrir verk sitt Eyjaskegg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞRJÁR KONUR Á FERÐALAGI

Dansverkið Á eftir Valgerði Rúnarsdóttur verður frumsýnt í Norðurlandinu annað kvöld. Í því segir frá ferðalagi þriggja kvenna.

„Þetta er saga þriggja kvenna á ferðalagi, þær eru ólíkar og hafa mismunandi væntingar til ferðarinnar,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, dansari og danshöfundur. Annað kvöld verður frumsýnt dansverkið Á eftir hana. Auk Valgerðar dansa með henni í verkinu þær Snædís Lilja Ingadóttir og Unnur Elísabet Gunnarsdóttir.

„Eins og er algengt í nútíma-dansi þá er verkið náð samstarf okkar þriggja þó að hugmyndin sé komin frá mér. Við skoðuðum ferðalagið, hvað ferðalangur skilur eftir á brottfararstað og hvað biður hans,“ segir Valgerður sem sjálf hefur verið á miklum ferðalögum undanfarnar fjögur ár. En á því tímabili hefur hún verið sjálfstætt starfandi dansari eftir

fimm ára feril með Íslenska dansflokknum.

„Það var frábær reynsla að vera með Íslenska dansflokknum en Ísland er lítið land og mig var farið að langa að gera eitthvað nýtt,“ segir Valgerður, sem hefur meðal annars unnið mikið með danshöfundinum Sidi Larbi Cherkaou sem er einn fremsti nútímadanshöfundur Evrópu.

„Ísland er lítið land og mig var farið að langa að gera eitthvað nýtt.“

VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR
DANSARI OG DANSHÖFUNDUR

„Hann er afar góður listamaður og danshöfundur og frábær manneskja þannig að það hefur verið mjög gaman að vinna með honum. Hann er í fremstu röð danshöfunda í Evrópu og verkefnið eru því afar fjölbreytt.“ Síðasta verkefni Valgerðar með Cherkaou var danshlutverk í kvikmyndinni Önnu

Kareninu. „Það var ný reynsla í reynslubankann, ég hef tekið þátt í kvikmyndaverkefnum áður, en þetta var miklu umsvifameira,“ segir Valgerður, sem dansar í nokkrum stórum dansatriðum í myndinni.

Eftir áramót eru frekari verkefni með Cherkaou á döfni auk þess sem Valgerður heldur áfram að starfa með Ernu Ómarsdóttur, dansara og danshöfundi.

Valgerður segir gaman að spreyta sig í hlutverki danshöfundarins. „Það er töluvert ólíkt að halda utan um allt sjálfur í stað þess að vera að vinna hjá öðrum, en það er gaman að tilbreytingunni.“ Þess má geta að verkið Á er annað verk Valgerðar sem áður hefur samið verkið Eyjaskegg sem hún hlaut Grímuvörðlaun fyrir.

Þrjár sýningar verða á verkinu Á, 1. desember, 2. og 4. desember. Sýnt er í Norðurlandinu og hefjast sýningar klukkan átta. Tónlist verkefins er í höndum Þorgríms Andra Einarssonar. sigridur@frettabladid.is

HJÁLP Í NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM

Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálpar Íslands sem leitast nú eftir stuðningi landsmanna.

Við hringjum fljótlega í þig.
Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!

Skátahreyingin hefur um árabíl selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð	Veldur ekki ofnæmi
12 stærðir (90-500 cm)	Eldtraust
Stálfótur fylgir	Þarf ekki að vökva
Ekkert barr að ryksuga	Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatréni eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Ófeigur tók við verðlaunum

Ófeigur Sigurðsson tók við Evrópsku bókmenntaverðlaunum, European Union Prize for Literature, í Brussel á mánudagskvöld. Verðlaunin hlaut Ófeigur fyrir Skáldsögu um Jón, sem kom út á vegum Forlagsins í fyrra. Þetta er í þriðja sinn sem verðlaunin eru veitt og hlutu þau að þessu sinni höfundar frá tólf Evrópulöndum. Með því hafa öll Evrópulönd eignast sinn verðlaunahöfund.

Silja Aðalsteinsdóttir, útgáfustjóri hjá Forlaginu, var viðstödd verðlaunaathöfnina, sem var haldin á Hotel Plaza í Brussel. Hún segir athöfnina hafa verið hátíðlega. Allir verðlaunahafar sögðu nokkur orð og segir Silja að Óskarsverðlaunabragur hafi verið á ræðum sumra, sem þökk-uðu fjölskyldunni, útgefandanum og Evrópusambandinu.

„Aðrir voru frumlegri,“ segir Silja, „til dæmis hollenski verðlaunahafinn, sem sagði þessi verðlaun betri en Nóbelsverðlaun því þessi fengi hann ungur en ekki gamall og úr sér genginn og þau væru að auki vegabréf fyrir bækur hans út í veröldina. Maltneski höfundurinn þakkaði



ÓFEIGUR SIGURÐSSON Var einn tólf rithöfunda frá jafnmörgum Evrópulöndum sem hlutu Evrópsku bókmenntaverðlaunin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bara konu sinni fyrir að þola sig öll þessi ár. Sjálfum dytti honum ekki í hug að búa með rithöfundi. Það lá við að allur salurinn risi úr sætum fyrir þessari góðu konu!“

Í ræðu sinni sagði Ófeigur að það væri gaman að fá verðlaun sem hefðu það að hugsjón að sameina Evrópu í gegnum

bókmenntir. Það væri líka gott að Ísland fengi að vera með því landið vildi stundum týnast mitt á milli Evrópu og Ameríku.

Sigurðsson eru fimm þúsund evrur, eða um 800 þúsund krónur, auk þýðingarstyrks til þeirra útgefenda sem gefa bækurnar út utan heimalandsins.

FLATIR SKJÁIR ÞURFA EKKI AÐ HAFA FLATAN HLJÓM



Það er bíókvöld. Þú vilt njóta góðrar kvikmyndar á heimilinu frekar en í pökkuðum bíósal. En það er eitt vandamál: Öskur risaeðlunnar á flatskjánum hljómar eins og hundur sem geltir í fjarska. Við kynnum til sögunnar nýju harmon/kardon heimabíókerfin. Njóttu þess að vera umvafinn ofurskörpum 360-gráðu hljóðheimi og upplifðu töfra kvikmyndanna gegnum hágæða Blu-Ray spilara. Þar gæti verið fundin hin fullkomna afþreying.

harman/kardon
by HARMAN



Sjónvarpsmiðstöðin **40** ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húrvetringa, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kaupún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

Íslendingar taki lagið saman

„Við þurfum svolítið að fagna saman,“ segir Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður. Sigtryggur er einn skipuleggjenda Dags íslenskrar tónlistar sem haldinn verður hátíðlegur á morgun, á sjálfan fullveldisdaginn.

Í tilefni dagsins hefur verkefnið Syngjum saman verið skipulagt, en allar útvarpsstöðvar Íslands munu á morgun spila þrjú íslensk lög samtímis, klukkan 11.15. Allir eru svo að sjálfsögðu hvattir til að syngja með.

„Okkur hefur lengi vantað svona viðburð til að halda upp á daginn á skemmtilegan hátt, og þannig að það tengist út í þjóðfélagið. Lögin þrjú eru þjóðþekkt og allir ættu að geta tekið undir. Stingum af með Mugison er til dæmis mikið sungið á leikskólum landsins um þessar mundir,“ segir Sigtryggur, en hin lögin tvo sem spiluð verða eru Söngur fuglanna eftir Atla Heimi Sveinsson og Stuðmannaslagarinn Manstu ekki eftir mér? eftir Ragnhildi Gísladóttur. Margir kunna textana við lögin, en þeir sem læru þá ekki í skátaútilegunni eða á sveitaballinu geta fundið skjal með öllum textunum þremur á stef.is.

Grunn- og leikskólabörn landsins munu ryðja veginn með verk-



SIGTRYGGUR BALDURSSON 1. desember er hátíðisdagur fyrir íslenskt tónlistarfólk, en sama dag verður haldið upp á fimm ára afmæli Útón. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

efnið, en skólar landsins hafa tekið vel í framtakið og í mörgum hverjum verður söngstund á sal til heiðurs íslenskrar tónlist. Sigtryggur hvetur þó alla til að taka undir, og vinnustaði til að gefa hlé frá vinnu.

Hann segir fulla þörf á degi sem þessum sem minnir okkur öll á að íslenskrar tónlistar. „Hugmyndin

er sú að hnykkja á því hvað íslensk tónlist er mikilvæg í daglegu lífi okkar allra. Hvort sem við erum skólabörn, alþingismenn eða tónlistarfólk. Tónlist er svo mikill hluti af menningu okkar og svo skemmtilegur hluti af tilverunni. Það er afskaplega mikilvægt að minna á það.“ -bb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 30. nóvember 2011

→ Tónleikar



21.00 Skemmtilegir tónleikar verða á Gauki á stöng með sveitunum Náttfara og **Nóló**. Miðaverð er kr. 500.

20.00 Nemendur Söngskóla Sigurðar Demetz setja upp óperuna Arthúr konung eftir Henry Purcell í Skógarhlíð 20. Á þriðja tug einsöngvara stíga á svið auk kórs og 13 manna hljómsveitar. Almenn miðaverð er kr. 1.900 en nemendur og eldri borgarar greiða kr. 1.000.

20.00 Tónlistarhópurinn Jaðarber beinir sjónum að norræni tónlist með tilraunakenndri framsetningu á Kjarvalsstöðum. Verk eftir Simon Steen-Andersens, Stine Sørli, Kaj Aune og Øyvind Torvund verða flutt. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Karlakór Kjalnesinga og Kvennakór Reykjavíkur halda aðventutónleika í Langholtskirkju í Reykjavík. Örygur Atli Guðmundsson og Ágota Jóó stjórna. Sérstakur gestur er Söngkvartettinn Vallargerðisbræður. Almenn miðaverð er kr. 3.000 við inngang en kr. 2.500 í forsölu hjá kórfélögum.

21.00 Hljómsveitin ADHD sendi frá sér plötuna adhd2 fyrir stuttu. Að því tilefni

fóru þeir í tónleikaferð um landið sem lýkur með tónleikum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í kvöld.

21.00 Hljómsveitin For a Minor Reflection sendi frá sér stuttskífuna EP um daginn. Af því tilefni efnir sveitin til útgáfufagnaðar á Faktory. Ásamt þeim koma fram We Made God og Lockerbie. Miðaverð er kr. 1000 kr.

21.00 JP Jazz og The Eternal Triangle koma fram á síðustu tónleikum tónleikaraðar djassklúbbsins Múlans á þessu hausti. Tónleikarnir fara fram í Norræna Húsinu og aðgangseyrir er kr. 1.500.

22.00 Í tilefni útgáfu plötunnar Annar í Bassajólum verða haldnir tónleikar á Café Rosenberg. Jakob Smári leikur lög sín ásamt bassaleikaranum Guðna Finnssyni og trommuleikaranum Arnari Þór Gíslasyni. Sérstakir gestir verða Jökull Smári Jakobsson og Lárus Jakobsson.

→ Leiklist

20.00 Draumasmiðjan sýnir leikverkið Lostin í Tjarnarbiði. Verkið var frumsýnt árið 2009 og sýnt aftur vegna fjölda áskoranna. Sýningin er ekki ætluð börnum. Miðaverð er kr. 2.900.

→ Opnanir

16.00 Innangarðs, sýning myndlistarnema í Listaháskóla Íslands opnar í góðunum innan Háskóla Reykjavíkur. Gjörningar verða fluttir við opnunina og eru allir velkomnir.

→ Fundir

12.25 Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Forlagið standa fyrir fund um börn flóttamanna í stofu 101 í Odda. Anna Kristine Magnúsdóttir-Mikulcaková blaðakona er dóttir flóttamanns frá fyrrum Tékkóslóvakíu. Foreldrar Tinnu

Davíðsdóttur lyfjafræðings flúðu frá Vietnam. Þær segja frá flóttanum og sitja fyrir svörum. Tilefni fundarins er útkoma bókarinnar Ríkisfang: Ekkert.

→ Hönnun og tíska



21.00 Árleg herrafatasýning Kormáks og Skjaldar verður haldin í Þjóðleikhúskjallaranum. Skemmtiatriði og vörúúrval verslunarinnar til sýnis. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

→ Tónlist

20.00 Tiunda kvöld Barböru tileinkað raftónlist fer fram í kvöld. Sean Danke og Fu Kaisha spila ásamt plötusnúðunum Frimanni og Baarregaard.

22.00 Reykjavík Soundsystem samsteypan hefur umsjón með tónlistinni á Kaffibarnum.

22.00 Dj Creature of the Night stjórnar tónlistinni á Bakkusi.

→ Dans

14.00 Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4, frá kl. 14.00 til 16.00. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Frey. Vinabandið kemur í heimsókn, aðgangseyrir er 600 kr.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Bíó ★

Jack and Jill

Leikstjórn: Dennis Dugan

Leikarar: Adam Sandler, Al Pacino, Katie Holmes, Eugino Derbez, Johnny Depp

Adam Sandler hatar þig!

Stundum koma út myndir sem láta mann furða sig á því að enginn hafi bremsað framleiðsluna af strax í upphafi. Að enginn hafi gert athugasemdir við söguþráðinn. Að enginn hafi fattað það á á tókustað hvað viðkomandi afurð ætti eftir að verða mikið drasl. Adam Sandler að leika víbura af sitthvoru kyninu hefði átt að kveikja á viðvörunarbjöllum hjá einhverjum, en á undraverðan hátt komst Jack and Jill alla leið í kvikmyndahús og í augu mín. Ó, aumingja vesalings augun mín!

Sandler er ævintýrlega lélegur gamanleikari. Skrækirnir og líkamsþjáning hans í hlutverki Jill eru af Gilbert Gottfried-skólanum og rembingislegir og ófyndnir eftir því. Mynd af þessu tagi stendur og fellur með aðalleikaranum. Þegar hann stendur sig svona illa skiptir annað engu máli. Aðrir leikarar eru skárrí en allir virka þeir pinlegir og þvingaðir. Líklega hefur Sandler komið höndum yfir vandræðalegt kynlífsmyndband þar sem Al Pacino hangir nakinn á haus á meðan sirkusdvergar skiptast á að flengja hann. Það er eina mögulega ástæðan sem ég get fundið fyrir því að Pacino samþykkti að leika í Jack and Jill. Hann hefur verið kúgaður til þess.

Af hverju er Adam Sandler svona illa við okkur? Hvað höfum við gert honum? Er hann kannski viljandi að reyna að eyðileggja feril sinn? Af hverju hættir hann ekki þá frekar að leika í kvikmyndum? Og hvernig má það vera að þessi mynd sé búin að hala inn 65 milljónir dollara? Megum við eiga von á framhaldsmynd? Spurningarnar eru margar og þeim er ekki auðsvarað. En þessa mynd skaltu forðast eins og drepsótt. **Haukur Viðar Alfreðsson**

Niðurstaða: Sparaðu þér aurinn og settu frekar jalapeño í augað á þér.



NÝ STUTTSKÍFA Hljómsveitin For a Minor Reflection gaf fyrir skömmu út stutt-skífuna EP. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dýrt og erfitt en samt frábært

Síðrokkbandið For a Minor Reflection gaf fyrir skömmu út stuttskífuna EP sem inniheldur fjögur lög. Af því tilefni verða útgáfutónleikar á Faktory í kvöld þar sem We Made God og Lockerbie koma einnig fram.

EP er þriðja útgáfan frá hljómsveitinni. Áður hafa komið út plöturnar Reistu þig við, sólin er komin á loft og Höldum í átt að óreiðu, sem kom út í fyrra. „Mjög mikið af þessu efni er samið þegar við erum að túra, þegar við erum að dunda okkur í tölvunni. Við ákváðum að gefa út plötu til að eiga auðveldara með að fá gigg úti. Það tók tíu daga þetta ferli og síðan fórum við beint til Kína eftir það,“ segir gítarleikarinn Kjartan Holm. Þar spilaði sveitin á tvennum tónleikum á vegum Sonicbids.

For a Minor Reflection hefur verið dugleg að kynna sig

erlendis á þessu ári og hefur komið fram á mörgum tónlistarhátíðum, þar á meðal South By Southwest. Einnig hefur hún ferðast til Bandaríkjanna, meginlands Evrópu og Kína, eins og áður sagði. Alls eru tónleikarnir 29 talsins á árinu. „Við tókum skemmtilega hátíð í Sziget í Búdapest sem er með flottari festivöllum í Evrópu að mínu mati,“ segir hann. Aðspurður vonast hann til að geta lifað eingöngu af tónlistinni í náinni framtíð. „Þetta er bara svo dýr búsness og erfiður en frábær engu að síður.“

Næsta tónleikaferð verður farin um Evrópu í lok febrúar á næsta ári og því enn fleiri ferðalög fram undan. „Ætli við verðum bara ekki áfram í þessari rútínu sem við erum búnir að vera í,“ segir Kjartan og kvartar ekki. „Þetta venst, maður er svo ungur og hraustur.“

Jólagjafir

Lífrænar snyrtivörur frá dr.Hauschka, Himalayan saltlampar og gjafakörfur.

10%

afsláttur af öllum vörum

Vörukynningar: Dr. Hauschka | Weleda | Naturfrísk engiferöl 30% afsláttur

Afsláttardagur

Lífrænar vörur í 25 ár

Rauðarárstígur 10 • 105 Reykjavík
Sími: 562 4082 • www.yggdrasil.is

Yggdrasil

HJÓNAABANDSSÆLA

Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

eftir Michele Riml

„Laddi fannst mér algjörlega frábær í sínu hlutverki og ég væri til í að sjá hann í fleiri „mannlegum“ hlutverkum. Ef Woddy Allen gerði mynd á Íslandi myndi hann eflaust ráða Ladda í hlutverk.“

„Edda Björgvins var í flottu formi og skemmtileg að vanda. Karakterinn Lísu á sér samhljóm hjá ótal konum“

- Margrét Gústavsdóttir dv.is

Síðustu
sýningar
fyrir jól

GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is

Fim 01. des 20:00


Lau 10. des 20:00 Örfá sæti laus

Fös 02. des 20:00 - Örfá sæti laus

Sun 11. des 20:00

Fös 09. des 20:00

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opð Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)



46 AFMÆLISDAGUR Íslandsvinarinn Bens Stiller er í dag. Hann heimsótti landið á dögunum til að kanna aðstæður fyrir nýja kvikmynd sem hann er með í bígerð.

Mila Kunis kynþokkafyllst allra

Þessar fylgdu fast á eftir:

11. Miranda Kerr
12. January Jones
13. Irina Shayk
14. Megan Fox
15. Scarlett Johansson
16. Jessica Alba
17. Brooklyn Decker
18. Rihanna
19. Jennifer Aniston
20. Emma Stone



Bandaríska tímaritið GQ birti á dögunum lista yfir kynþokkafyllstu konur heims. Leikkonan Mila Kunis er efst á listanum, en eftir fylgja fleiri gríðarlega kynþokkafullar og hæfileikaríkar konur.

10. LEA MICHELE OG DIANNA AGRON

Lea Michele og Dianna Agron deila tíunda sætinu, en þær syngja saman í þáttunum Glee, sem hafa slegið í gegn víða um heim.



7. DIANE KRÜGER

Diane Krüger er þýsk leikkona og fyrirsæta. Hún lék Bridget von Hammersmark í kvikmyndinni Inglourious Basterds og hefur verið á mikilli uppleið undanfarið.



4. KAT DENNINGS

Kat Dennings er þekkt fyrir hlutverk sitt í þáttunum Sex and the City og hefur síðan þá komið fram í fjölmörgum kvikmyndum, t.d. The 40 Year Old Virgin, House Bunny og Thor.



9. JENNIFER LAWRENCE

Jennifer Lawrence er næstýngsta leikkonan sem hefur fengið Óskars-tilnefningu, en hún er aðeins tvítug og var tilnefnd fyrir myndina Winter's Bone.




6. ELIZABETH OLSEN

Elizabeth Olsen er þrátt fyrir ungan aldur orðin tiskufyrirmynd margra ungra stúlkna. Hún á ekki langt að sækja tiskuvitið, enda systir tvíburanna Mary-Kate og Ashley Olsen.



3. ALISON BRIE

Alison Brie er eflaust best þekkt fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Mad Men. Hún lék einnig í hrollvekjunni Scream 4 og mun á næstunni koma fram í fleiri kvikmyndum.



8. KRISTEN WIIG

Kristen Wiig kemur fram í gamanþáttunum Saturday Night Live og hefur einnig leikið í fjölmörgum gamanmyndum á borð við Bridesmaids og MacGruber.



5. MINKA KELLY

Minka Kelly er leikkona á uppleið. Hún lék í þáttunum Friday Night Lights og fer einnig með hlutverk í nýjum þáttum um sersveitarþrjúkið Charlie's Angels.



2. RASHIDA JONES

Rashida Jones lék í bandarísku útgáfunni af Office í nokkur ár, en hefur verið áberandi í kvikmyndum undanfarið. Frammistaða hennar í Social Network þótti góð.



1. MILA KUNIS

Mila Kunis hefur átt góðu gengi að fagna undanfarið, bæði í gaman- og dramamyndum. Hún sýndi stórleik í kvikmyndinni Black Swan og þótti bæði myndin og skemmtileg í Friends with Benefits.

uno

cucina italiana

Jólaveislan á UNO er byrjuð

- Fordrykkur Prosecco
- Smakk að hætti kokkanna
- Mini borgari með léttreyktri önd, rauðlaukssultu og ítalskri capers-gúrksósu
- „Hrefnucarpaccio“ með fenniku, ólífum, fennel mayo, prosciutto mulningi og ilmriki sitrónuolíu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með ítalskri steinseltu og grilluðu brauði
- Villisveppa-risotto með gorgonzola
- „Hangikjötscarpaccio“ með baby mozzarella, hnetum, parmesan og klettakálspestói
- Kalkúnabringa með rósmarín kartöflum, gulrótar mauki, hægelduðum fennel og pancettasósu
- Svart cappellini með humar, bláskel, hvítlauk og chili
- Dádyrafillet með rösti kartöflu, parmaskinku vafinni fikju, svartrót og rósmarínsósu
- Tiramisu, klassískur eftirréttur að hætti itala
- Skyr Panna cotta með hvítu súkkulaði, jarðaberjum og lime
- Súkkulaði brownie með ítölskum jólais
- Tuborg jólabjór
- Kaffi og Nóa konfekt

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Tel. 561 1313 | uno.is



NÝTT SAMSTARF Sænski verslanarisinn Hennes & Mauritz tilkynnir nýjan samstarfsaðila úr tiskuheiminum.

Marni í samstarf við Hennes & Mauritz



Tískuhúsið Marni verður næsti samstarfsaðili sænsku verslanakeðjunnar Hennes & Mauritz og kemur fatalínan í verslanir um allan heim í mars á næsta ári. „Þetta ferli er búið að vera frábært og það er gaman að hanna fatnað fyrir breiðan hóp viðskiptavina,“ segir Consuelo Castignion, yfirhönnuður Marni, sem er þekkt fyrir fallegar litasamsetningar og munstur.

Fatalínan verður sumarleg fyrir dömur og herra. Búið er að leka nokkrum myndum frá samstarfinu á netið og það má sjá pils og jakka í litríku munstri, silfurlita hælaskó og íburðarmikla skartgrip. Það virðist því vera skemmtilegt vor í vændum hjá Hennes & Mauritz.

FALLEG Ítalska tískuhúsið Marni er þekkt fyrir fallegar litasamsetningar og munstur. Þessi fatnaður er frá haust- og vetrarlínu tískuhússins.

Hættir ekki að reykja

Hin ástsæla söngkona Adele er nú á batavegi eftir að hafa gengist undir aðgerð á raddböndum. Aðgerðin gekk vel og aðdáendur söngkonunnar önduðu léttar þegar þær fréttir bárust, en nú hafa þeir áhyggjur af henni vegna reykingafiknar hennar.

Boy George er meðal þeirra sem hafa beint orðum sínum til Adele og hvatt hana til að hætta að reykja, enda segir hann það eitthvað það versta sem söngvari geti gert sjálfum sér.

Adele hefur hins vegar talað opinskátt um hversu háð hún sé reykingunum og hefur jafnvel sagt frekar vilja hætta að syngja en hætta að reykja.



HÁÐ SÍGARETTUM Aðdáendur Adele vona að hún taki sig á og hætti að reykja.

„Crackled“-brennsluker

1890 kr.



Jólabrennsluolíur 740 kr.
hvert glas

Jólagjöfina færðu í Body Shop



1190 kr.

Lítill sturtusápa,
húðnæring og
baðlilja saman



3290 kr.

Gjafakassi með „Of a man“-herravörum



5490 kr.

Gjafakassi með „White musk for men“-herravörum



4590 kr.

„Deluxe“-gjafakassi með
E-vítamín-andlitsvörum



5690 kr.

Askja með farðaburstum og
-penslum og tösku undir þá



3990 kr.

Gjafakassi með sturtusápu og ilmvatni



1990 kr.

hver brúsi

Hátíðlegt freyðibað: „Cranberry“,
„Spiced vanilla“ eða „Candied ginger“



3790 kr.

3790 kr.

Gjafakassi með sturtusápu og ilmvatni:
„Dreams unlimited“ eða „Love etc...“



3990 kr.

Gjafakassi með „Strawberry“-dekurvörum



5490 kr.

Gjafakassi með „Coconut“-dekurvörum



4290 kr.

Kassi með „Vanilla spice“-dekurvörum

Askja með fjórum
tegundum af
„Body butter“-
húðnæringu

3490 kr.



2990 kr.



Fimm tegundir af
varasalva saman í
sleikipinnaumbúðum

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

Framleiðendur vilja meira af Íslandi í Game of Thrones

Framleiðendur Game of Thrones hafa hug á því að taka meira af feni fyrir næstu þáttaraðir hér á landi og jafnvel nýta sér sumar-birtuna og landslagið fyrir smærri tök. Freyr Gígja Gunnarsson og Vilhelm Gunnarsson heimsóttu tökustað þáttanna við rætur Svínafellsjökuls.

Fyrsta þáttaröðin af Game of Thrones naut feikilegra vinsælda, þættirnir voru tilnefndir til fjölda Emmy-verðlauna og annarrar þáttaraðarinnar því beðið með mikilli eftirvæntingu.

Tökuliðið var að hefja sig á brott frá Skaftafelli í gær en næstu tökudagar verða við Höfðabrekkuheiði. Einn af aðalleikurum þáttanna, Kit Harington, var hins vegar enn uppi á jökli og sem betur fer fyrir Harington – hann leikur Jon Snow – er búningurinn hans hlýr því hitastigið rétt skreið yfir frostmark svona snemma morguns. Harington virtist hins vegar ekkert láta það á sig fá heldur settist niður á milli taka á lítinn, grænan tjaldstól og fékk sér smök og sopa af vatni. Hann var sönn stórstjarna, mun lágvaxnari en þættirnir gáfu til kynna.

Chris Newman, einn af framleiðendum þáttanna, gaf sér tíma til að ræða við Fréttablaðið en hann hefur góða reynslu af Íslandi, vann meðal annars við sjónvarpsþættina Nonna og Manna og er giftur íslenski konu, Önnu Ásgeirsdóttur. Þau kynntust við gerð kvikmyndarinnar Svo á jörðu eftir Kristínu Jóhannesdóttur og þar kynntist Newman einnig Snorra Þórisssyni, eiganda Pegasus, en fyrirtækið sér um að þjónusta tökuliðið hér á landi. Snorri og Newman hafa haldið góðu sambandi síðan og því voru heimaatökin þegar ákveðið var að leita eftir alvöru vetri fyrir aðra þáttaröðina enda leikur snjór og kuldi stórt hlutverk í henni.



KALDUR KARL

Kit Harington lét kuldann ekki á sig fá og beið pollrólegur eftir næstu töku. Chris Newman er mikill Íslandvinur, á íslenska eiginkonu og kom meðal annars að gerð Nonna og Manna. Hann segir ekki ólíklegt að tökuliðið komi aftur hingað til lands til að gera meira fyrir Game of Thrones.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Newman var í sjöunda himni með hvernig tókurnar höfðu gengið og segir lukkuðsirnir hafa gengið í lið með þeim. „Vikuna áður en við ætluðum að hefja tökurnar var sextán stiga hiti hérna og enginn snjór. Daginn sem leikstjórinn lenti byrjaði hins vegar að snjóa og frjósa,“ segir Newman en það eina sem var hugsanlega að angra hann var að landslagið væri svo flott að áhorfendur ættu erfitt með trúna því að það væri raunverulegt. Newman staðfesti einnig að til skoðunar væri að nota Ísland enn meira í næstu þáttaröðum af Game of Thrones og hugsanlega einnig einhver skot að sumarlagi, þær tökurnar yrðu þó í minna lagi. Tökurnar á Game of Thrones eru feikilega umfangsmiklar og

næstum af sömu stærðargráðu og Prometheus, mynd Ridley Scott sem tekin var að hluta hér í sumar. Sem dæmi um það má nefna að þrjú hótél á svæðinu í kringum Skaftafell voru lögð undir tökuliðið. Aðalfólkið gisti á Hótel Höfn, aðrir skiptu sér niður á Smyrlabjörg og Hótel Vatnajökul. Fjórutú trukkar af öllum stærðum og gerðum eru notaðir til að ferja fólkið á milli en talið er að kostnaðurinn við framleiðsluna hér landi nemi rúmlega 200 milljónum íslenskra króna. Nánar verður fjallað um tókurnar á þáttunum í Fréttablaðinu næstu daga og meðal annars rætt við Dan Weiss og David Benioff handritshöfundu og aðalframleiðendur þeirra.

freyrgigja@frettabladid.is

mid.is LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

ADAM SANDLER JACK AND JILL
HAPPY FEET 2 3D
IMMORTALS 3D
TOWER HEIST
BORGRÍKI
TINNA

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar
JACK AND JILL 8 og 10
HAPPY FEET 2 3D 6 - ISL TAL
IMMORTALS 3D 8 og 10.15
TOWER HEIST 10
BORGRÍKI 6 og 8
TINNI 3D 5

SAMBÍÓIN

ELIAN WOOD, BORIS WILLIAMS, NANK AZARIA, BRAD PITT, MATT DAMON, ALICIA MOORE, SOPHIA VERGARA, COMMON, HUGO WEAVING, RICHARD CARTER, MAGDA SZUBANSKI, ANTHONY LAPAGLIA

synnd með íslensku og ensku tali
Every step counts.
HAPPY FEET TWO
SYND Í 2D OG 3D

91/100 Entertainment Weekly
"Eðisleg framhaldsmynd."
Richard Corliss / Time

Coming Soon in 3D

MYNDIR ÞÚ FARA YFIR STRÍKIÐ FYRIR HEFNDINA?
SEEKING JUSTICE
Frábær spennubriller frá leikstjóranum Roger Donaldson

BELLA ER Í LÍFSÆTTU OG EDWARD OG JACOB PURFA AÐ SAMEINA KRAFTA SÍNA EF PEIR ÆTLA BJARGA LÍFI HENNAR
twilight breaking dawn
RYAN GOSLING, GEORGE CLOONEY
THE IDES OF MARCH SVKRÁÐ

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
HAPPY FEET 2 kl. 5:30 3D	HAPPY FEET TWO kl. 5:30(3D) - 5:30(2D)	HAPPY FEET TWO kl. 5:30(3D) - 5:30(2D)
TWILIGHT : BREAKING DAWN - PART 1 kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	SEEKING JUSTICE kl. 8 - 10:30 2D	SEEKING JUSTICE kl. 8 - 10:30 2D
TWILIGHT : BREAKING DAWN - PART 1 VIP kl. 8 - 10:30 2D	THE IDES OF MARCH kl. 8 - 10:20 2D	THE IDES OF MARCH kl. 8 - 10:20 2D
THE HELP Lúxus VIP kl. 5:15 2D	THE HELP kl. 5:30 2D	THE HELP kl. 5:30 2D
TOWER HEIST kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	THE INBETWEENERS MOVIE kl. 8:20 - 10:30 2D	THE INBETWEENERS MOVIE kl. 8:20 - 10:30 2D
THE INBETWEENERS kl. 8 - 10:45 2D	HAPPY FEET 2 kl. 5:30 3D	HAPPY FEET 2 kl. 5:30 3D
THE HELP kl. 8 - 10:10 2D	HAPPY FEET 2 kl. 8 3D	HAPPY FEET 2 kl. 8 3D
FOOTLOOSE kl. 5:30 2D	TWILIGHT : BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:20 2D	TWILIGHT : BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:20 2D
HAPPY FEET 2 kl. 5:30 2D	THE IDES OF MARCH kl. 10:20 2D	THE IDES OF MARCH kl. 10:20 2D
SEEKING JUSTICE kl. 8 - 10:20 2D	THE INBETWEENERS kl. 10:40 2D	THE INBETWEENERS kl. 10:40 2D
	THE HELP kl. 5:20 - 8 2D	THE HELP kl. 5:20 - 8 2D
SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK	AKUREYRI
TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 kl. 8 2D	HAPPY FEET TWO 3D kl. 6 3D	HAPPY FEET TWO 3D kl. 6 3D
SEEKING JUSTICE kl. 10:20 2D	HAPPY FEET 2 kl. 10:20 2D	HAPPY FEET 2 kl. 10:20 2D
THE IDES OF MARCH kl. 10:10 2D	THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN kl. 8 2D	THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN kl. 8 2D
THE INBETWEENERS kl. 8 2D	INBETWEENERS kl. 10:20 2D	INBETWEENERS kl. 10:20 2D
	THE IDES OF MARCH kl. 8 2D	THE IDES OF MARCH kl. 8 2D

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

ADAM SANDLER JACK AND JILL
Tveggja systir hans er að komu í heimska...
...og það verður ekki fallegt.
Spíle Al Pacino fara á kastan í spranglingdaga ákalltverk!
LÚXUS mid.is

TRÓPA DE ELITE 2
"OVSSANDH"
"MESTARASTYKKI"
mid.is

IMMORTALS FRÁ FRAMLEIÐENDUM 300 Í 3D
TINNA ROYAL OPERA HOUSE Í LONDON

SMÁRABÍÓ	GLEBAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
JACK AND JILL KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 L	JACK AND JILL KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 L		JACK AND JILL KL. 5.50 - 8 - 10.10 L	JACK AND JILL KL. 5.50 - 8 - 10.10 L	
JACK AND JILL LÚXUS KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 L	JACK AND JILL LÚXUS KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 L		TROPA DE ELITE 2 KL. 6.30 L	TROPA DE ELITE 2 KL. 6.30 L	
TOWER HEIST KL. 5.40 - 8 12	TOWER HEIST KL. 5.40 - 8 12		OPERAN TOSCA KL. 6.30 L	OPERAN TOSCA KL. 6.30 L	
IMMORTALS 3D KL. 8 - 10.30 16	IMMORTALS 3D KL. 8 - 10.30 16		IMMORTALS 3D KL. 10 16	IMMORTALS 3D KL. 10 16	
TOWER HEIST KL. 5.40 - 8 12	TOWER HEIST KL. 5.40 - 8 12		IN TIME KL. 8 - 10.30 12	IN TIME KL. 8 - 10.30 12	
IN TIME KL. 10.20 12	IN TIME KL. 10.20 12		ELDFJALL KL. 5.45 L	ELDFJALL KL. 5.45 L	
ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 3.20 - 5.40 - 8 7	ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 3.20 - 5.40 - 8 7				
ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 - 5.50 L	ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 - 5.50 L				
ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 L	ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 L				

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

Fá poppara til að kokka og syngja

„Þetta verður á léttu nótunum, lifandi og skemmtilegt,“ segir Guðmundur Þór Gunnarsson, annar eigenda Forréttabarsins, sem var opnaður um miðjan október. Veitingastaðurinn deilir húsnæði með hönnuarmíðstöðinni Netagerðinni á Nýlendingu, og eigendurnir ákváðu nýlega að taka höndum saman og blása til tónleikaraðar á adventunni. „Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt saman fyrst við búum þarna saman en erum með svona ólíka starfsemi.“

Fyrstu tónleikarnir eru í kvöld klukkan 20.30 og mun Felix Bergsson ríða á vaðið ásamt Stefáni Magnússyni. Á hverjum miðvikudegi fram að áramótum munu svo ólíkir tónlistarmenn eiga sviðið á Forréttabarnum og leika fyrir gesti staðarins. Það verður þó ekki eina aðkoma listafólksins, sem mun einnig taka að sér að vera gestakokkar á staðnum og velja rétt dagsins.

Spurður hvort hann haldi að tónlistarhæfileikarnir tryggi nokkuð góða matreiðslukunnáttu, segir hann það mega liggja á milli hluta. „En þau þurfa nú að hafa einhverja lágmarksþekkingu á matargerð. Það verður allavega ekki boðið upp á bjór og pylsur,“ segir Guðmundur sem er spennur fyrir samstarfinu. Auk Felix munu Jón Jónsson, Sóley og Jakob Smári Magnússon með Bassajól öll koma fram í hátíðarskapi.

Gengið er inn á Forréttabarninn í gegnum Netagerðina þar sem hönnuðir verslunarinnar munu hanna ný



Í HÁTÍÐARSKAPI Samstarfsfólkið á Nýlendingu blæs til skemmtilegrar tónleikaraðar. Frá vinstri eru Ottó Magnússon, Sigga Heimis, Helga Guðrún Vilmundardóttir, Árný Þórarinsdóttir og Guðmundur Þór Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

piparkökumót í telfni adventunnar og bjóða upp á léttar veitingar frá klukkan 19.30 í kvöld. Forréttabarninn og Netagerðin hafa svo fullan hug á að halda samstarfinu áfram eftir áramót og nú þegar eru hafnar samningaviðræður við landsþekktu tónlistarmenn fyrir dagskrána eftir áramót að sögn Guðmundar. „Ég hvet fólki til að fylgjast með okkur, þetta verður rosalega skemmtilegt.“ - bb

BÍÓ PARADÍS MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is

MIÐVIKUDAGUR: WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 18:00, 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 20:00, 22:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ■ BORGRÍKI 18:00 ISL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR! Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

KEVIN
FARIN (PARTIR)

SKEMMTILEGRI JÓLAGJAFIR



ASUS
FARTÖLVA
Asus EEE 1011PX 320G

- Ein nettasta frá Asus
- Mjög létt - aðeins 1,1 kg
- Intel Atom N570 Dual Core örgjörvi
- 320 GB hjóðlátur harðiskur
- Windows 7 Starter

49.990



ASUS
SPJALDTÖLVUR
EEE Pad Transformer 101

- Dual Core örgjörvi
- 16-32GB Flash minni (stækkanlegt í 48-64GB)
- Android 4.0 Ice Cream Sandwich
- 5.0 megapíxla myndavél að aftan

VERÐ FRÁ:
79.990



AOC
24" LED
E2440VA

- Vandadur og flottur skjár með LED bakiýsingu
- Mikil skerpa 20.000.000:1 fyrir kvikmyndir og leiki
- Háttalarar í skjánum

29.990



MANHATTAN
AS TEIKNIBORÐ
MH177405

- Fyrir Windows og Mac
- Virkar með helstu teikniforritum
- Hentar í myndvinnslu og leiki
- Þráðlaus penni og statif fylgir

11.990

Sértilboð á hörðum diskum með öllum sjónvarpsflökkurum



UNITED
SJÓNVARPSFLAKKARI
MMP 9530

- 3.5" HD margmiðunarspilar
- HDMI, Composite og Optical tengi
- Innbyggður SD / MMC kortalesari
- Auðveldur í notkun og góð fjarstýring

9.990



ÓPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA Á SUÐURLANDSBRAUT



**TÖLVU
LISTINN**

SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
Sími 414 1735

HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



ORRI FREYR HJALTALÍN mun spila með uppeldisfélagi sínu, Þór, í 1. deild karla á næsta tímabili en hann hefur verið á mála hjá Grindavík síðan 2004. Félögin komust að samkomulagi um félagaskiptin fyrr í vikunni en Orri Freyr var samningsbundinn Grindvíkingum til ársins 2014.



SKORAÐI FIMM Stella Sigurðardóttir var markahæst hjá Íslandi gegn Bretum í gær.

Síðasti æfingaleikurinn:

Sigur á Bretum

HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handbolta vann í gær sigur á Bretlandi, 22-19, í síðasta æfingaleik liðsins fyrir HM í Brasilíu sem hefst á föstudaginn.

Liðið var reyndar lagt af stað til Brasilíu þegar leikurinn fór fram því að landsliðshópurinn millilenti í London í gær og nýttímann til að spila við heimamenn. Leikið var í 60 mínútur, ekki í þrisvar sinnum 25 mínútur eins og hafði verið ákveðið. Stella Sigurðardóttir skoraði fimm mörk fyrir Ísland en þær Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Rut Jónsdóttir og Hanna G. Stefánsdóttir hvíldu allar vegna smávægilegra meiðsla.

Liðið hélt síðan áfram för sinni í gærkvöldi og átti fyrir höndum næsturflug til Brasilíu. Fyrsta æfing liðsins verður klukkan 13.30 að staðartíma í dag. Ísland hefur síðan leik á laugardaginn og mætir þá Svartfellingum. - esá

ÚRSLIT

Enski deildabikarinn

Chelsea - Liverpool	0-2
0-1 Maxi Rodríguez (58.), 0-2 Martin Kelly (63.).	
Cardiff - Blackburn	2-0
1-0 Kenny Miller (19.), 2-0 Anthony Gerrard (50.).	
Arsenal - Manchester City	0-1
0-1 Sergio Agüero (83.).	

Enska B-deildin

Burnley - Ipswich	4-0
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn með Ipswich.	
Reading - Peterborough	3-2
Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í hópi Reading.	
Nottingham Forest - Leeds	0-4
Middlesbrough - West Ham	0-2
Derby - Brighton	0-1
Millwall - Doncaster	3-2
Leicester - Blackpool	2-0
Watford - Bristol City	2-2
Southampton - Hull City	2-1

Þýska úrvalsdeildin

Füchse Berlin - Rhein-Neckar Löwen	35-28
Magdeburg - Kiel	26-33

STAÐA EFSTU LIÐA

Kiel	14	14	0	0	+127	28
Füchse Berlin	13	10	1	2	+39	21
Hamburg	12	10	0	2	+63	20
Flensburg	12	9	0	3	+33	18
RN Löwen	13	8	1	4	+29	17
Lemgo	12	7	0	5	-1	14
Magdeburg	13	7	0	6	+23	14
Melsungen	13	5	3	5	+5	13

Sænska úrvalsdeildin

Solna Vikings - Sundsvall Dragons	78-77
Logi Gunnarsson skoraði 26 stig fyrir Solna, þar af fimm títan í fjórða leikhliða. Hann tryggði Solna sigur með körfu þremur sekúndum fyrir leiklok. Jakob Sigurðarson skoraði 21 fyrir Sundsvall, Hlynur Bæringsson átján (11 fráköst) og Pavel Ermolinskij ellefu.	

Spænska úrvalsdeildin

Barcelona - Rayo Vallecano	4-0
1-0 Alexis Sanchez (29), 2-0 Alexis Sanchez (40.), 3-0 David Villa (43.), 4-0 Lionel Messi (50.).	

Ítalska úrvalsdeildin

Napoli - Juventus	3-3
1-0 Marek Hamsik (23.), 2-0 Goran Pandev (40.), 2-1 Alessandro Matri (48.), 3-1 Goran Pandev (68.), 3-2 Marcelo Estigarribia (72.), 3-3 Simone Pepe (79.).	

Ítalska bikarkeppnin

Parma - Hellas Verona	0-2
Emil Hallfréðsson var ekki í hópi Verona í gær.	

Helgi Jónas góður í því að fela púlið

Páll Axel Vilbergsson er sáttur við nýtt hlutverk hjá Grindavík en hann er nú í fyrsta sinn að koma inn af bekknum hjá liðinu. Grindavík hefur unnið fyrstu fjórtán leiki tímabilsins og Páll er efstur í plús og mínus í deildinni. Hann hrósar þjálfaranum Helga Jónasi Guðfinnssyni fyrir skemmtilegar æfingar.

KÖRFUBOLTI Eitt lið hefur borið höfuð og herðar yfir önnur það sem af er tímabilinu í körfubolti. Grindavík hefur unnið alla fjórtán leiki tímabilsins, sjö í deild, sex í deildarbikar og Meistarakeppni KKÍ þar sem Páll Axel Vilbergsson skoraði eftirminnilega sigurkörfu. Páll Axel hefur tekið að sér nýtt hlutverk í vetur og spilar nú sem sjötti maður með góðum árangri.

„Við erum alveg niðri á jörðinni fullmeðvitaðir um það að við erum ekki búnir að vinna neitt ennþá. Liðsvörnin okkar er mjög öflug en við erum búnir að vera að vinna í henni í fyrra og svo hefur verið framhald á því á þessu ári,“ segir Páll Axel.

Helgi Jónas Guðfinnsson er á sínu öðru ári með Grindavíkurlíðið og varnarleikurinn er orðinn aðall liðsins enda er liðið aðeins að fá á sig 71,4 stig í leik í Iceland Express deildinni.

„Helgi breytti miklu í varnarleiknum, öllum áherslum og öllu því sem tengist liðsvörn. Hann breytti þessu töluvert og kom inn með ákveðna hugmyndafræði um varnarleik. Það er greinilega að skila sér,“ segir Páll Axel.

Grindvíkingar hafa verið með sterkt lið undanfarin ár en ekki unnið Íslandsmeistarátitilinn í fjórtán ár. „Við erum búnir að vera í keppni um þetta ár mörg ár og hefur oft vantað aðeins upp á. Við erum búnir að taka einhverja bikarmeistarátitla en höfum alltaf ætlað okkur meira. Það er alltaf hugur í okkur að vinna og það hefur ekkert breyst,“ segir Páll Axel og það er að heyra á honum að það sé ekki búíð að reyna núgu mikið á liðið til þessa í vetur.

Páll Axel í deildinni

Gengið með Pál Axel inni á:	
86-80 sigur á Keflavík	+17 (Páll Axel skoraði 16 stig sjálfur)
95-76 sigur á Fjölni	+10 (5 stig)
87-73 sigur á ÍR	+21 (10 stig)
85-65 sigur á Tindastól	+16 (15 stig)
83-73 sigur á Val	+19 (14 stig)
98-74 sigur á Haukum	+12 (11 stig)
85-59 sigur á KR	+18 (11 stig)

Páll Axel inni á vellinum
171 mínútur og 5 sek.: Grindavík +113

Páll Axel á bekknum
108 mín. og 55 sek.: Grindavík +6



Í NÝJU HLUTVERKI Páll Axel Vilbergsson hefur verið aðalskorari Grindvíkingar undanfarin ár en er nú í hlutverki sjötta manns og kemur með reynslu og fjölbærni inn af bekknum.

„Leikjaprógrammið okkar hefur verið í auðveldari kantinum til þess að byrja með en eins og deildin hefur verið að spila hafa liðin verið að reyta stig af hverju öðru. Við höfum verið að halda haus þrátt fyrir enga sérstaka spilamennsku og höfum verið að klára okkar leiki. Ég vil alveg hrósa okkur fyrir það að þótt spilamennskan hafi ekkert verið neitt hundrad prósent erum við að klára okkar leiki,“ segir Páll Axel.

Hann nefnir KR-leikinn sem dæmi, en Grindvíkingar fóru þá í DHL-höllina og niðurlægðu Íslandsmeistarana með 85-59

sigri. „KR-ingar áttu mjög slæman dag og þeir hittu mjög illa. Ég er ekki tilbúinn að samþykka það að við höfum verið eitthvað frábærir í þessum leik. Við komum reyndar tilbúinir í leikinn og það er eitthvað sem við höfum ekki verið að gera mikið af í vetur,“ segir Páll Axel.

Helgi Jónas var ekki tilbúinn að láta sína menn slaka á í leiknum á móti KR og var að taka reiðiköstin á sína menn þótt munurinn væri mikill. „Hann er keppnismaður og búinn að vera keppnismaður í mörg ár. Hann er búinn að vera lengi í þessum bransa og það er bara flott mál að hann sé

á bakinu á mönnum. Hann gerir kröfur um ákveðna spilamennsku og um ákveðinn árangur. Hann vill að menn leggi sig fram og skili ákveðnum hlutverkum. Það er bara allt í lagi,“ segir Páll Axel.

Helgi Jónas er einkabjálfi og það er fer ekkert á milli mála að hans menn eru í frábæru formi. „Ég er búinn að vera lengi í bransanum og er búinn að fara á nokkrar æfingar hjá mörgum þjálfurum. Hann er með svolítið öðruvísi áherslur varðandi líkamshjálfun, sem mér finnst nokkuð gott. Æfingar eru byggðar upp á mjög skemmtilegan hátt og eru svolítið öðruvísi en maður hefur gengið í gegnum. Hann er góður í því að fela púlið og setur það í boltaæfingar og spil,“ segir Páll.

Páll Axel er að skora 11,7 stig að meðaltali á 24,2 mínútum en Grindavíkurlíðið er að vinna þær mínútur sem hann spilar að meðaltali með 16,1 stigi. Hann er efstur í plús og mínus í deildinni, sem þýðir að það gengur best með hann inni á vellinum af öllum leikmönnum deildarinnar. Ólíkt fyrri tímabilum er Páll Axel nú að koma inn af bekknum í stað þess að vera í byrjunarliðinu.

„Ég kann ágætlega við þetta. Ég hef tekið tímabil þar sem ég hef skorað mikið og er að leiða liðið í ákveðnum tölfræðipáttum. Mér finnst ég samt vera að spila betur núna en ég hef gert í mörg ár. Hlutverkið mitt hefur breyst aðeins, við erum komnir með meiri breidd og betri leikmenn. Það er ekkert atriði að byrja leik en það er miklu meira atriði að geta klárað hann,“ segir Páll Axel, en hann var með 22 stig á 17 mínútum í sigri á Haukum í Lengjubikarnum á mánudaginn.

„Sóknarleikurinn sem Helgi innleiddi fyrir þetta tímabil hentar mér sérstaklega vel, svona flæðandi sóknarleikur þar sem þarf að lesa leikinn svolítið,“ segir Páll Axel. Hann var meðiddur í byrjun tímabilsins og það þróaðist út í að hann byrjaði að koma inn af bekknum.

„Það er ágætt að ég haldi áfram að anda ofan í hálmálið á þeim sem eru byrjunarliðsmenn í liðinu. Ef menn standa sig ekki er ég alltaf tilbúinn,“ sagði Páll Axel að lokum.

ooj@frettabladid.is

Tveir Íslendingaslagir í þýsku úrvalsdeildinni:

Auðvelt hjá refunum

HANDBOLTI Füchse Berlin skaut upp í annað sæti þýsku úrvalsdeildarinnar í gær með öruggum sigri á Rhein-Neckar Löwen á heimavelli, 35-28. Kiel hélt toppsætinu og er enn með fullt hús stiga eftir góðan sigur á sterku liði Magdeburg, 33-26.

Þrjú af þessum liðum eru þjálfuð af Íslendingum og íslenskir leikmenn eru á mála hjá þeim öllum. Dagur Sigurðsson vann einvígi sitt gegn Guðmundi Guðmundssyni, en refirnir frá Berlín sýndu fádæma yfirburði gegn ljónunum í gær.

„Berlin var betra liðið og átti skilið að vinna,“ sagði Guðmundur eftir leikinn í gær. Alexander Petersson gengur til liðs við Rhein-

Neckar Löwen í sumar en hann skoraði fjögur mörk fyrir Berlín í gær. Róbert Gunnarsson skoraði ekki fyrir Löwen.

Aron Pálmarrsson skoraði síðan tvö mörk og átti góðan leik þegar lið hans, Kiel, vann sjö marka sigur á Magdeburg. Björgvin Páll Guðstafsson lék síðustu átta mínútur leiksins fyrir Magdeburg en náði ekki að verja.

Svíinn Andreas Palicki var hetja Kiel en hann kom inn fyrir Thierry Omeyer í marki Kiel þegar Magdeburg var í forystu. Hann skellti í lás og Kiel skoraði sex mörk í röð og tryggði sér sigurinn. - esá

DAGUR Hefur náð frábærum árangri með Füchse Berlin.

Undanúrslit ensku deildabikarkeppninnar:

Liverpool, Man. City og Aron Einar áfram

FÓTBOLTI Þrír leikir fóru fram í fjórðungsúrslitum ensku deildabikarkeppninnar í gær. Liverpool, Manchester City og Cardiff City tryggðu sér öll sæti í undanúrslitum keppninnar í gær, en landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson leikur með síðastnefnda liðinu.

Craig Bellamy lagði upp bæði mörk Liverpool í 2-0 sigri á Chelsea í gær. Hann baðst undan skyldum sínum með liðinu um helgina vegna svipleigs fráfalls Gary Speed, þjálfara landsliðs Wales þar sem Bellamy er lykilmáður. Maxi Rodríguez og Martin Kelly skoruðu mörk Liverpool, sem vann þar með sigur á Chelsea í annað skipti á aðeins níu dögum.

Sergio Agüero var hetja Manchester City og tryggði liðinu 1-0 sigur á Arsenal á Emirates-leikvanginum í Lundúnum. Hann




TILFINNINGAPRUNGIÐ Kenny Dalglish faðmar hér Craig Bellamy í gær.

skoraði eina mark leiksins eftir skyndisókn á 83. mínútu.

Aron Einar spilaði allan leikinn á miðjunni hjá Cardiff í gær og lagði upp fyrja mark sinna manna í 2-0 sigri á Blackburn. Aron Einar átti þá stungusendingu inn fyrir vörn Blackburn á Kenny Miller, sem skoraði af öryggi.

Fjórðungsúrslitunum lýkur í kvöld með leik Manchester United og Crystal Palace. - esá



Misstu ekki trúna um jólin!

Sjá! Ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Sex heilar umferðir í desember og meira til! Hvaða jólastjarna blikar skærast í ár? Finnur Liverpool galdrana í gömlu skónum hans Kennys? Nær þjálfarinn með rauða trýnið að koma drengjunum sínum til himna á ný? Svörin opinberast í sex helgileikjum með þínu liði í jólamánuðinum.

Og minnstu þess að halda sunnudaginn heilagan. Þá koma vitringarnir tveir og færa þér gjafir sínar – bull, ergelsi og firru!

**Sjáðu sex helgileiki með þínu liði í desember.
Tryggðu þér áskrift!**

**Þú færð meira
fyrir peningana**
MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV
fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2



Umsóknir um styrki sem Alþingi veitti áður

**Breytt fyrirkomulag umsókna um styrki og úthlutanir þeirra á safnliðum á fjárlögum
Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 12. desember 2011**

Á árinu 2012 verða gerðar breytingar á úthlutun styrkja til félaga, samtaka og einstaklinga á þann veg að Alþingi hættir úthlutunum á styrkjum til ýmissa verkefna þeirra eins og verið hefur.

Alþingi mun áfram ákvarða umfang fjárframlaga til einstakra málaflokka en úthlutun styrkja mun flytjast til ráðuneyta, lögbundinna sjóða, menningarráða landshluta eða annarra sem sjá um og bera ábyrgð á viðkomandi málaflökkum.

Ráðuneytin munu einungis úthluta styrkjum til verkefna sem falla undir málefna svið þeirra að svo miklu leyti sem þau falla ekki undir lögbundna sjóði eða samninga, svo sem menningarsamninga eða vaxtarsamninga. Því er mikilvægt að umsækjendur kynni sér vel hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á þeim málaflökki sem verkefni umsækjanda um styrk fellur undir. Úthlutað verður einu sinni á ári og eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Verkefni eftir ráðuneytum:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Stuðningur við áhugahópa og faglegt starf

Veittir eru styrkir til að styðja við aðila utan ríkisstofnana sem starfa á verkefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og njóta ekki framlaga á fjárlögum.

Velferðarráðuneyti

Styrkir til félagasamtaka

Veittir eru styrkir til félagasamtaka sem starfa á verkefnasviði ráðuneytisins og njóta ekki framlaga á fjárlögum.

Verkefnastyrkir á sviði velferðarmála

Veittir eru styrkir til félagasamtaka til að hrinda í framkvæmd verkefnum og aðgerðum sem falla að verkefnasviði ráðuneytisins og njóta ekki framlaga á fjárlögum.

Umhverfisráðuneyti

Verkefnastyrkir á sviði umhverfismála

Veittir eru styrkir til faglegrar uppbyggingar á sviði umhverfismála með því að styrkja tiltekin verkefni. Einnig eru veittir styrkir sem stuðla að þátttöku í stefnumarkandi alþjóðlegum ráðstefnum og fundum um umhverfismál, einkum þeim sem ráðuneytið sjálft hefur aðkomu að. Ráðuneytið mun á árinu 2012 leggja áherslu á verkefni á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Styrkir til frjálsra félagasamtaka

Veittir eru rekstrarstyrkir til frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála og til að stuðla að opnum og frjálsum skoðanaskiptum um umhverfismál og til að efla almenna vitund um gildi umhverfis- og náttúruverndar.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Styrkir á sviði listgreina

Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa á sviði lista og eru ekki aðilar að menningarsamningum né hafa aðgang að sjóðum.

Styrkir á sviði menningararfs

Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa að varðveislu menningarminja og eru ekki aðilar að menningarsamningum né hafa aðgang að sjóðum.

Styrkir á sviði íþrótt- og æskulýðsmála

Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa við íþrótt- og æskulýðsmál, skólabúðir o.fl., og hafa ekki aðgang að sjóðum á þessu sviði.

Styrkir til uppbyggingar landsmótssæða

Veitt eru framlög til að styðja við uppbyggingu á landsmótssvæðum í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila.

Nánari upplýsingar um úthlutunarreglur og eyðublöð er að finna á vef viðkomandi ráðuneytis: hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, hjá umhverfisráðuneyti og hjá velferðarráðuneyti.

Umsóknum skal skilað undirrituðum til viðkomandi ráðuneytis fyrir kl. 16. mánudaginn 12. desember 2011.



LYKILMAÐUR Í LANGAN TÍMA Ólafur Stefánsson sendir inn á línuna í leik á móti Frökkum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nítján ár síðan Ísland fór síðast á stórmót án Ólafs

Ólafur Stefánsson segir það vera best fyrir sig að hvíla á Evrópumótinu í Serbíu en einbeita sér þess í stað að því að koma sér í form fyrir átök vorsins. Ólafur hefur verið með á fimmtán stórmótum í röð og spilað 101 leik á HM, EM og ÓL.

HANDBOLTI Lengi hefur verið tvísýnt um þátttöku landsliðs- fyrirlíðans Ólafs Stefánssonar á Evrópumótinu í Serbíu í byrjun næsta árs.

Langvinn hnémeiðsli héldu honum frá keppni með danska liðinu AG fyrstu þrjú mánuði ársins en þegar hann sneri aftur í síðustu viku glöddust íslenskir handboltaáhugamenn enda töldu flestir að hann yrði með í janúar.

Ólafur sjálfur er hins vegar farinn að tala um það opinberlega að best sé fyrir hann að taka sér hvíld á EM og einbeita sér að því að koma sér í gott form fyrir verkefni vorsins með AG og ekki sist hjá íslenska landsliðinu sem mun reyna að vinna sér sæti á Ólympíuleikunum í forkeppni leikanna í apríl.

Það þarf að fara langt aftur til þess að finna stórmót hjá íslenska karlalandsliðinu þar sem Ólafur Stefánsson er ekki með. Það gerðist nefnilega síðast á HM í Svíþjóð árið 1993 og síðan þá hefur Ólafur tekið þátt í fimmtán stórmótum í röð.

Gengi íslenska liðsins hefur líka verið frábært á þessum tíma. Ólafur hefur verið í aðal-

Fimmtán stórmót Ólafs:

HM á Íslandi 1995	7 leikir - 11 mörk (1,6 mörk í leik)
HM í Kumamoto 1997	9 - 26 (2,9)
EM í Króatíu 2000	6 - 22 (3,7)
HM í Frakklandi 2001	6 - 32 (5,3)
EM í Svíþjóð 2002	8 - 58 (7,3)
HM í Portúgal 2003	9 - 58 (6,4)
EM í Slóveníu 2004	3 - 20 (6,7)
ÓL í Apenu 2004	6 - 43 (7,2)
HM í Túnis 2005	5 - 25 (5,0)
EM í Sviss 2006	4 - 33 (8,3)
HM í Þýskalandi 2007	10 - 53 (5,3)
EM í Noregi 2008	4 - 19 (4,8)
ÓL í Peking 2008	8 - 29 (3,6)
EM í Austurríki 2010	8 - 32 (4,0)
HM í Svíþjóð 2011	8 - 22 (2,8)

hlutverki á fjórum af fimm bestu stórmótum íslenska landsliðsins og Ólafur hefur verið með í sjö af ellefu stórmótum þar sem íslenska landsliðið hefur verið meðal þeirra sjö hæstu.

Ólafur var reyndar ekki eins áberandi og áður á síðustu tveimur stórmótum og flestum mótum þar á undan en mikilvægi hans er þó óumdeilanlegt.

Hann er andlegur leiðtogi strákanna og hefur enn alla burði

til þess að gera út um leiki með útsjónarsemi sinni og reynslu.

Ólafur hefur leikið 101 af 106 leikjum íslenska landsliðsins á stórmótum frá og með árinu 1995 og hefur því aðeins misst af fimm leikjum á HM, EM á ÓL á þessum 19 árum. Ólafur hefur skorað 483 mörk í þessum 101 leik eða 4,8 mörk að meðaltali í leik. Hann skoraði fimm mörk að meðaltali í leik á átta stórmótum í röð frá 2001 til 2007 og hefur skorað fjögur mörk eða meira á tíu þessara móta.

Það verður örugglega skrytið fyrir íslenska handboltaáhugamenn að sjá engan Ólaf Stefánsson meðal strákanna okkar í Serbíu í janúar. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari sefur örugglega ekki betur og ætli íslenska liðið sér langt á mótinu þurfa aðrir leikmenn liðsins að fylla í stórt skarð á hægri vængnum. Það kemur samt alltaf að þeim tímamarki að landsliðsskórnir hans Ólafs fara upp í hillu. EM í Serbíu gæti því verið góð æfing fyrir þann tíma þegar besti handboltamaður Íslands sögunnar kveður íslenska landsliðið endanlega. ooj@frettabladid.is

Pálmi Rafn Pálmason skrifaði undir þriggja ára samning við Lilleström í gær:

Kostur að þurfa ekki að flytja

FÓTBOLTI Pálmi Rafn Pálmason hefur fundið sér nýtt félag í norsku úrvalsdeildinni en hann hefur yfirgefið Stabæk og mun spila með Lilleström næstu þrjú árin. Pálmi var að klára fjórða tímabil sitt með Stabæk en liðið á miklum fjárhags-erfiðleikum og berst við það að forðast gjaldþrot.

„Það er mjög ljúft að vera búinn að ganga frá þessu og geta farið heim í próf og frí án þess að hafa áhyggjur. Það var fínt að klára þetta,“ sagði Pálmi Rafn Pálmason staddur á flugvælinum í Ósló á leiðinni heim til Íslands.

„Það var annað í boði en þetta hljómaði spennandi og þetta er flottur klúbbur. Við þurfum líka ekki að flytja sem er plús. Þetta er í 20-25 mínútna fjarlægð frá Ósló, sem er mjög gott,“ sagði Pálmi.

Þrjú íslenskir leikmenn spiluðu með Lilleström á síðasta tímabili. Það eru markvörðurinn Stefán Logi Magnússon, miðjumaðurinn Stefán Gíslason og

sóknarmaðurinn Björn Bergmann Sigurðarson.

Hann náði því að vera norskur meistari á sínu fyrsta ári með Stabæk árið 2008 og segir að það væri gaman að upplifa slíkt aftur. Lilleström náði bara þrettánda sæti á síðasta tímabili og hefur ekki komist ofar en í tíunda sæti þann tíma sem Pálmi Rafn hefur spilað í Noregi.

„Það er stefnan að gera eitthvað stórt á næsta ári og á næstu árum. Það er mikill metnaður í þeim og það er vonandi að við fáum það í gang,“ sagði Pálmi.

„Pálmi er sóknjafur miðjumaður sem bæði skorar og leggur

upp mörk. Hann er dæmigerður íslenskur leikmaður sem er vinnusamur og passar því vel inn í okkar lið,“ sagði Torgeir Bjarmann, yfirmaður íþróttamála hjá Lilleström, á heimasíðu félagsins.

„Þeir eru vanir því að hafa góða íslendinga hjá sér og vænta þess sama frá mér líka,“ segir Pálmi, en fyrst er það skólinn sem kallar og því er enginn tími til að fagna nýjum samningi á næstunni. „Ég er í sálfræði í fjarnámi og það er próf strax á morgun. Ég þarf að reyna að fara að einbeita mér að því. Það var því léttir að ná að klára þetta. Ég fer síðan út eftir áramót og við byrjum að æfa 9. janúar,“ sagði Pálmi Rafn. -66j



PÁLMI RAFN PÁLMASSON

ÞAÐ ER
**SPORT AÐ
SPARA**



14.990

FIREFLY FREEDOM PARKA

Þykk og hlý vetrarúlpa með loðkraga á hettu. Litir: Svört, blá, rauð. Stærðir: 140 - 170.



9.990

(fullt verð 13.990)

MCKINLEY RASK OVERALL

Kuldagalli úr EXODUS-útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Sérstaklega styrktur á rassi og hnjám. Stærðir: 80 - 110.



1.990

ETIREL SKI BASIC GLOVE / MITTEN JR

Mjúkir og hlýir vetrarhanskar með góðri öndun. Stærðir: 5 - 12 ára.



890

MCKINLEY ARCTIC BEANIE JR

Barnahúfa. Litir: Bleik, svört.



3.490

(fullt verð 4.990)

MCKINLEY TRIXA JR LAYER ONE

Nærfatasett. Síðar nærbuxur og bolur með góðri öndun. Litir: Bleikt, blátt, svart. Stærðir: 120 - 160.



5.990

MCKINLEY SNOWBUNNY

Kuldaskór með riflásam. AQUAMAX-vatnsheld öndunarfíla. Litir: Svartir, bleikir. Stærðir: 24 - 30.



**TILBOÐ!
FLÍSBUXUR OG
FLÍSPEYSA**

4.490

(fullt verð 6.980)

MCKINLEY CUFF FLEECE PANT JR

Flísbuxur með stroffi neðst á skálmum. Stærðir: 120 - 140. 2.990

MCKINLEY BASIC FLEECE JR

Flíspeysa. Stærðir: 120 - 160. 3.990

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 30. NÓV. – 6. DES.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvilla og/edo myndabrengl.

> Stöð 2 kl. 21.20

Grey's Anatomy

Það er aldrei lognmolla hjá læknum í Grey's Anatomy og það gengur mikið á í þættinum sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Callie og Jackson er kennt um þegar sjúklíngur veikist eftir uppskurð og Meredith og Alex þurfa að sinna veikum ungbarni af öðrum spítala en lenda sjálf í lífsháska.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON SÁ GÓÐKUNNINGJA

Lífræn viðmælendahringrás

Um daginn bar svo við að ég horfði á sjónvarpið eina kvöldstund. Minnið er farið að svíkja mig á efri árum, þannig að ég man ekki alveg nákvæmlega hvað hver dagskrárliður fól í sér (og biðst velvirðingar ef ég fer ekki alveg rétt með), en ég held að dagskráin hafi verið eitthvað á eftirfarandi leið. Fyrst las Logi Bergmann fréttir. Svo var Ísland í dag með umfjöllun um Skemmtigarðinn í Smáralind, þar sem Þórunn Antonía var í spjalli eftir að hún fór í leiktæki. Sveppi var í þættinum eins og vera ber. Líka Rikka, minnir mig. Svo hófst Týnda kynslóðin með



Þórunni Antoníu og Birni Braga, en þar mætti Sveppi og spjallaði um Góa vin sinn í nærmynd af þeim síðarnefnda. Gillz var af einhverjum ástæðum hvergi sjáanlegur þetta kvöldið en sem betur fer birtist hann í Týndu kynslóðinni viku seinna. Eftir Týndu kynslóðina var Logi Bergmann með Spurningabombuna. Á meðal keppenda voru Þórunn Antonía og Björn Bragi. Þegar ég sá þau rifjaðist upp fyrsti þátturinn af Týndu kynslóðinni, þar sem Björn Bragi fékk Sveppa og Audda í heimsókn og spurði þá hvernig þeir filuðu þáttinn. Það var skemmtilegt.

RÚV

- 15.35 360 gráður (e)
- 16.00 Djöflaeyjan (e)
- 16.40 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.25 Kafað í djúpin (7:14) (Aqua Team)
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Finnabogi og Felix (8:26)
- 18.23 Síðildar teiknimyndir (8:42)
- 18.30 Gló magnaða (34:52)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Læknamiðstöðin (Private Practice)
- 20.55 Dans dans dans – Dansar í úrslitum (e)
- 21.05 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Fréttir frá lokuðu landi (Burma VJ: Reporter í et lukket land) Heimildarmynd eftir Danann Anders Østergaard um mót-mæli þúsunda munkna í Búrma árið 2007. Ungir menn tóku myndir á götum Rangún og smygðu þeim úr landi eftir að erlendu sjónvarpsfólki var meinað að koma til lögregluríkisins. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.50 Landinn (e)
- 00.20 Kastljós (e)
- 00.55 Fréttir
- 01.05 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.10 The Naked Gun
- 10.00 Zoolander
- 12.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts
- 14.00 The Naked Gun
- 16.00 Zoolander
- 18.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts
- 20.00 Silverado
- 22.10 Con Air
- 00.05 Planet Terror
- 02.00 A Night at the Roxbury
- 04.00 Con Air
- 06.00 12 Men of Christmas

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (71:175)
- 10.15 Harry's Law (1:12)
- 11.00 Grey's Anatomy (9:22)
- 11.50 Glee (22:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 In Treatment (58:78)
- 13.25 Ally McBeal (9:22)
- 14.10 Ghost Whisperer (16:22)
- 14.55 iCarly (41:45)
- 15.25 Barnatími Stöðvar 2
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.25 Nágrannar
- 17.52 Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.21 Veður
- 19.30 Malcolm in the Middle (7:25)
- 19.55 My Name Is Earl (6:27)
- 20.25 The Middle (7:24)
- 20.50 Cougar Town (19:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óóruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
- 21.20 Grey's Anatomy (9:24) Áttunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
- 22.10 Medium (6:13) Sjöunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um sjáandann Allison Dubois sem sér í draumum sínum skelfileg sakamál sem enn hafa ekki átt sér stað.
- 22.55 Satisfaction
- 23.50 Human Target (3:13)
- 00.35 The Good Guys (17:20)
- 01.20 Breaking Bad (3:13)
- 02.10 Seraphim Falls
- 04.00 Ghost Voyage
- 05.25 The Middle (7:24)
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Enski deildaríðarinn: Chelsea - Liverpool
- 14.45 Þýski handboltinn: Fúchse Berlin - RN Löwen
- 16.05 Enski deildaríðarinn: Arsenal - Man. City
- 17.50 Enski deildaríðarinn: Chelsea - Liverpool
- 19.35 Enski deildaríðarinn: Man. Utd - Crystal Palace BEINT
- 21.45 Tottenham - PAOK Útsending frá leik Tottenham og PAOK í Evrópu deildinni. Leikurinn er sýndur í beinni á Sport 3 kl. 19.55.
- 23.30 Spænski boltinn: Barcelona - Rayo Vallecano
- 01.15 Enski deildaríðarinn: Man. Utd - Crystal Palace

SPORT 2

enski boltinn

- 14.40 Sunderland - Wigan
- 16.30 Bolton - Everton
- 18.20 WBA - Tottenham
- 20.10 Premier League Review 2011/12
- 21.05 Batistuta Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum magnaða þætti verður ferill þessa stórkostlega leikmanns skoðaður.
- 21.35 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþríf.
- 22.05 Sunnudagsmessan
- 23.25 Liverpool - Man. City

EXTRA

- 18.55 The Doctors (167:175)
- 19.40 Gilmore Girls (18:22)
- 20.25 Ljósavakavíkingar - Stöð 2 (5:5)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 22.05 Mike & Molly (12:24)
- 22.35 Chuck (11:24)
- 23.20 Terra Nova
- 00.05 Community (8:25)
- 00.30 My Name Is Earl (6:27)
- 00.50 Gilmore Girls (18:22)
- 01.35 The Doctors (167:175)
- 02.20 Fréttir Stöðvar 2
- 03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Jonathan Ross (2:19) (e)
- 12.50 Pepsi MAX tónlist
- 16.05 Outsourced (12:22) (e)
- 16.30 Mad Love (4:13) (e)
- 16.55 Rachael Ray
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 Nýtt útlit (12:12) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (41:50) (e)
- 19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ (4:25)
- 19.45 Will & Grace - OPIÐ (5:24) (e)
- 20.10 Life Unexpected - LOKAPÁTTUR (13:13) Bandarísk þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda. Það er komið að lokapætti þar sem vinabönd rofna og óþægilegar kvik-sögur fara á kreik.
- 20.55 Pan Am (2:13) Vandaðir þættir um gullöld flugsamgangna, þegar flugmennirnir voru stjórnstjórnir og flugfreyjurnar eftirsóttustu konur veraldar. Það er stóruleiknonan Christina Ricci sem fer með aðalhlutverkið í þáttunum.
- 21.45 Tobba (11:12)
- 22.15 CSI: Miami (9:22)
- 23.05 Jimmy Kimmel
- 23.50 Dexter (5:12) (e)
- 00.40 HA? (10:31) (e)
- 01.30 Nurse Jackie (9:12) (e)
- 02.00 Everybody Loves Raymond (4:25) (e)
- 02.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.00 The World Cup of Golf (2:4) 12.00 Golfing World 12.50 The World Cup of Golf (2:4) 16.25 Ryder Cup Official Film 1999 18.00 Golfing World 18.50 World Golf Championship 2011 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 PGA Tour - Highlights (3:45) 23.45 ESPN America

N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Áttavittinn suðurland

RÁS 1

FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfreginir 10.13 Trío 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir 12.50 Dánarfreginir 13.00 Könglar og kertaljós 14.00 Fréttir 14.03 Gullfiskurinn 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Fótspor á himnum 15.25 Skomringar 16.00 Kvöldfréttir 16.05 Víðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spejllinn 18.50 Veðurfreginir 18.53 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Bókabílingur 21.10 Út um græna grundu 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Bak við stjómurnar 23.05 Flakk 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 10.10 Dalziel and Pascoe 11.00 Dalziel and Pascoe 11.45 EastEnders 12.15 Come Dine With Me 13.05 Live at the Apollo 13.55 Live at the Apollo 14.40 Dalziel and Pascoe 15.30 Dalziel and Pascoe 16.15 Come Dine With Me 17.05 Live at the Apollo 17.50 QI 18.20 QI 18.50 QI 19.20 Top Gear 20.15 Top Gear 21.00 Live at the Apollo 21.55 Live at the Apollo 22.40 The Thick of It 23.10 Skavlan 00.05 The Graham Norton Show 00.50 Top Gear 01.45 QI

DR 1

- 12.35 Aftenshowet 13.30 Spise med Price 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Maggies nye liv 15.00 Den lille røde traktor 15.15 Tagkammerater 15.30 Sigurd og Operaen 16.00 Rockford 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Hvad er det værd? 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 Sporløs 19.30 Undercover chef 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 Skyggespil 22.00 Hamilton 22.45 Onsdags Lotto 22.50 OBS 22.55 Clement Søndag 23.35 Ved du hvem du er?

NRK 1

- 12.00 Nyheter 12.05 Aktuelt 12.35 Urix 13.00 Nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Endelig ski-skyting! 14.00 Nyheter 14.10 Dallas 15.00 Nyheter 15.10 Jessica Fletcher 16.00 Nyheter 16.10 V-cup skiskyting 16.40 Oddasat - nyheter þá samisk 16.55 Nyheter þá tegnspråk 17.00 Farkvöld 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsreynen 18.45 Teenage Boss 19.45 Víkinglotto 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsreynen 21 20.40 House 21.25 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Nasjonalgalleriet 22.45 Småbyliv

svt1

- 11.15 Anslagstavlan 11.20 Helt magiskt 12.20 Starke man 12.50 Broarna i Madison County 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.30 Sommarpratarna 16.30 Sverige idag 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturmätarna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Han tror han är bäst 21.00 Homeland 21.50 How to Make It in America 22.15 Anklagad 23.15 Rapport 23.20 Skavlan 00.20 Rapport 00.25 Dox 01.55 Rapport

INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölvur tækni og vísindi 21.00 Fiskikóngurinn 21.30 Bubbi og Lobbi

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 KaninnFM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt BylgjanFM 97,7 X-ið
FM 98,9 BylgjanFM 99,4 Útlit Saga
FM 102,2 Útlit LatibærFM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útlit Boðun

VERTU MEÐ, KAUPTU

NEF

SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI!

HÉR FÆRÐU RAUÐU NEFIN: HAGKAUP, BÓNUS, MP BANKI, TE OG KAFFI, SKÁTAR UM ALLT LAND



unicef

www.unicef.is

Horfðu á þáttinn 9. desember í opinni dagskrá á Stöð 2.

„BESTA BÓK ÓLAFS JÓHANNNS.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

Íslensk listakona kemur særð
á búgarð á Ítalíu sumarið 1944.
Styrjöldin geisar en enginn veit
erindi hennar.

„Sögusviðið dregið
mjög sterkum dráttum
... Frásagnartækni höfundar
nýtur sín ofboðslega vel
... Þetta er „pageturner“.“

EGILL HELGASON / KILJAN



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON



VAKA-HELGAFELL



„Listilega gert ... fyrst og fremst skemmtileg.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er flott verk og spennandi, læsilegt og fallega skrifað
... að öllu leyti vel heppnað og fallegt verk.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN



„Ég er mjög hrifin af nýju lögnum hennar Þórunnar Antoníu. Svo er ég núna byrjuð að hlusta á jólalög þar sem öll lög með Helgu Möller eru vinsælust.“

Ellen Loftsdóttir, stílisti og leikstjóri.

Íslendingar fá ekki nóg af Glæstum vonum

„Þessir þættir eru einfaldlega of vinsælir hérna til að hætta sýningum á þeim,“ segir Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs Stöðvar 2, um sápuóperuna Bold and the Beautiful.

Norðmenn hafa ákveðið að taka sápuóperuna Glæstar vonir, eða Bold and the Beautiful, af dagskrá sjónvarpsins eftir 18 ár á skjánum. Aðalástæðan segja forsvarsmenn sjónvarpsstöðvarinnar TVNorge vera dalandi áhorfstölur og segja að sú þróun sé svipuð annars staðar í heiminum. Pálmi segir það ekki vera raunin hjá íslenskum áhorfendum en vikulega horfir

um 31,1% áskrifenda Stöðvar 2 á sápuóperuna frægu.

„Bold and the Beautiful og Nágrannar eru vinsælustu dagskrárliðirnir okkar á dagtíma og áhorfið hefur ekkert dalað á þeim undanfarið.“

Mikil mótmeili áttu sér stað meðal addáenda þáttanna í Noregi og fylltust pósthólf forsvarsmanna sjónvarpsstöðvarinnar af bréfum þar sem norskir addáendur grátbáðu þá um að endurskoða afstöðu sína. Sápuóperunni hefur því verið gefinn þriggja mánaða prufutími á netinu, þar sem hver þáttur verður seldur gegn vægu gjaldi fyrir hörðustu addáendurna.

31,1% áskrifenda Stöð 2 horfa á Bold and the Beautiful í hverri viku.



BOLD AND THE BEAUTIFUL Norðmenn hafa ákveðið að slá þættina Bold and the Beautiful af dagskrá vegna minnkandi áhorfs. Á Íslandi eru þættirnir mjög vinsælir og vikulega horfir um 31,1% áskrifenda Stöðvar 2 á sápuóperuna.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Grínistinn **Sólmundur Hólm** á von á öðru barni sínu. Eiginkona hans, Elín Anna Steinarsdóttir hagfræðinemi, er gengin 25 vikur og ríkir mikil eftirvænting á heimili þeirra í Vesturbænum. Fyrir eiga þau fjögurra ára son og bætist annar strákur við á heimilið á nýju ári.

Um 130 Íslendingar vinna nú við tókur á sjónvarpsþáttunum Game of Thrones við Svínafellsjökul og Höfðabrekkuheiði. Fréttablaðið greindi frá því á dögnum að tónlistarmaðurinn Pétur Jesús væri einn þeirra sem fengu statistahlutverk í þáttunum en auk leikara hefur stór hópur tókufólks og búningahönnuða ráðið sig í vinnu við þá. Af þeim má nefna Ella Cassata og Helgu Rós Hannam. Þá sér förðunarfræðingurinn **Elín Reynisdóttir** alfarið um statistana í tókunum.

- hdm



SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR: MIKILVÆGT AÐ FÁ VÍKING Í STARFIÐ

ÞORVALDUR DAVÍÐ ANDLIT NÝJA ILMSINS FRÁ GYÐJU

„Það er ómögulegt að segja til um hvaða áhrif þetta hefur á feril minn. En eitt veit ég þó að það er algengt að leikarar, erlendis, eru fengnir til að vera andlit fyrir ilmi og úr,“ segir leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson.

Þorvaldur Davíð er andlit herrailmsins VJK Vatnajökull frá tískumerkinu Gyðja Collection, en ilmurinn er væntanlegur í verslanir um helgina. Þorvaldur býr í Los Angeles um þessar mundir, en þangað flutti hann skömmu eftir að hann útskrifaðist úr Juilliard-listaháskólanum í New York í maí. Þetta er annað ilmvatnið frá Gyðju, en það fyrsta var dömuilmur unninn úr vatni Eyjafjallajökuls.

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Gyðju, segir Þorvald vera góða fyrirmynd og að það sé ein af ástæðunum fyrir því að hún faladist eftir kröftum hans. „Þorvaldur er með flott íslenskt útlit ásamt því að vera afar hæfileikaríkur. Ég hef trú á honum og störfum hans,“ segir hún. „Þegar við hófum framleiðslu á herrailminum fóru í gang miklar þælingar með hvaða karlmaður yrði andlit ilmsins. En það var að sjálfsgöðu mikilvægt að það væri íslenskur víkingur sem við teljum að geti borið nafn ilmsins, merkisins og jökulsins hátt á

Þorvaldur er með flott íslenskt útlit ásamt því að vera afar hæfileikaríkur.

SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI GYÐJU

lofti hérlandis og erlendis.“

Þorvaldur Davíð er staddur á landinu um þessar mundir og sinnir ýmsum verkefnum. Fáir, ef einhverjir, íslenskir leikarar hafa tekið að sér að vera andlit ilms og spurður hvað felst í því segist hann taka virkan þátt í kynningunni hérlandis og erlendis. „Það er til dæmis verið að skipuleggja stóra kynningu á ilminum í Los Angeles í lok febrúar, vikuna fyrir Óskarsverðlaunahátíðina,“ segir hann. „Ég verð að sjálfsgöðu viðstaddur og tek fullan þátt í því.“

atlifannar@
frettabladid.is



ANDLIT VATNAJÖKULS
Þorvaldur Davíð er andlit nýja ilmsins frá Gyðju Collection sem heitir eftir Vatnajökli.

„Foreldrar –
þetta er bókin sem þið lesið í laumi
áður en þið setjið hana í pakka
unglingsins á heimilinu ...
Bókin er kraftmikil,
ánetjandi og hjartnæm.“

KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR / DV

„Ég var heltekin af bókinni ...
Hungurleikarnir
eru ótrúlegir.“

STEPHENIE MEYER,
HÖFUNDIR LJÓSASKIPTA



JPU
JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Bassafeðgar saman á tónleikum

Þrír synir bassaleikarans Jakobs Smára Magnússonar spila með honum á útgáfutónleikum hans á Rósenberg í kvöld í tilefni plötunnar Annar í bassajólum.

„Ég hef ekkert ýtt þeim út í þetta. Þeir hafa gert þetta algjörlega sjálfviljugir,“ segir Jakob Smári um bassaáhuga sona sinna. Aðspurður segist hann reyna að kenna þeim eins mikið og hann getur og telur þá efnilega hljóðfæraleikara. „Þeir eru fljótir að ná þessu.“

Elsti strákurinn, Jökull Smári, er sextán ára, sá næstelsti er hinn fjórtán ára Lárus og sá yngsti heitir Ari og er sjö ára. Sá síðastnefndi ætla að spila Bjart er yfir Betlehem fyrir tónleikagesti í kvöld.

Jakob Smári gaf fyrir átta árum út plötuna Bassajól þar sem hann spilaði þekkt jólalög á bassann sinn. Hún seldist upp á skammri stundu og núna er önnur plata tilbúin með einu frumsömdu lagi, Dimmrauð



FEDGAR OG BASSALEIKARAR Jakob Smári Magnússon ásamt sonum sínum sem ætla að spila með honum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

jól. „Þetta er gert til að koma fólki í hátíðlegt skap,“ segir Jakob Smári, sem hefur verið að spila á fullu að undanfögnu með Reidmönnum vindanna, Láru Rúnarsdóttur og Grafík.

Guðni Finnsson og Arnar Þór Gíslason verða einnig með Jakob á sviðinu í kvöld og hefjast tónleikarnir klukkan 21.

- fb

15 gráðu frost... ekki vandamálið í John og Julia. Ekta dún Parka úlpu frá Icewear!

Fáanlegar í svörtu og grábláu.
Verð: 39.990 kr

Fáanlegar í rauðu, svörtu og grábláu.
Verð: 39.990 kr

TILBOÐ:

Handprjónuð ullarhúfa og ullarvettlingar fylgja með öllum John og Julia dúnulpum!
Verðmæti 6.270 kr.



Velkomin í verslanir okkar:

Pingholtsstræti 2, 101 Reykjavík / sími: 561 9619
10-18 mánudaga til laugardaga / 11-16 sunnudaga
Suðurhraun 12c, 210 Garðabær / sími: 555 7409
10-18 alla virka daga / 11-16 laugardaga

ICE WEAR




www.icewear.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Draumahúsið lagfært

Miklar framkvæmdir standa nú yfir í húsi Ragnhildar Gísladóttir og Birkis Kristinssonar á horni Bergstaðastrætis og Spítalastígs. Húsið hefur staðið autt síðan árið 2007 en síðustu mánuði hafa iðnaðarmenn hertekið það og virðast nú leggja nótt við dag við framkvæmdirnar. Þeir ættu reyndar að hafa ærinn starfa því hermt er að eigendurnir hafi látið rífa allt innan úr húsinu. Íbúar í hverfinu eru hæstánægðir með framkvæmdirnar enda hafa þeir mátt horfa upp á nokkur óhrjálæg hús síðustu misseri og geta nú glæst yfir því að

sjá fallett fjögurra hæða hús þeirra Ragnhildar og Birkis taka á sig mynd.



Sölvi fer til Síberíu

Kosið verður til þings í Rússlandi á sunnudag. Meðal þeirra fjölmörgu sem koma til með að sinna kosningaefirliti í þessu víðfeðmasta landi heims er sjónvarpsstjarnan Sölvi Tryggvason. Sölvi heldur utan í dag, flýgur til Moskvu og þar tekur við þrjú þúsund kílómetra ferðalagi til þriðju stærstu borgar landsins, Novosibirsk, í sunnanverðri Síberíu. Sölvi kveðst á Facebook-síðu sinni ætla að slá Íslandi við í frosthörkum á ferðalagi sínu, því þótt Novosibirsk sé býsna sunnarlega í Rússlandi er samt spáð tíu til sautján stiga frosti þar næstu daga. Samkvæmt spám mun Ísland þó hafa vinninginn á kjördag, því þá er spáð upp undir tuttugu stiga frosti í höfuðborginni.

- hdm, sh

Mest lesið **vísir**

- 1 Aðferðirnar í takt við það sem tíðkaðist í Sovétríkjunum
- 2 Breivik ósakhæfur
- 3 Telja líðan nemenda í Gerðaskóla ólíðandi
- 4 Fór í meðferð og háskóla eftir að kíló af hassi fannst í...
- 5 Einhleypum fylgar stöðugt í Japan

FYRSTU FIMM FJÖLSTILLANLEGU HJÓNARÚMIN SEM SELD ERU Í DAG FYLGIR IPAD2

AD VERDMÆTI 84.990 kr.

ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánægur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gíflurleg þar sem í botninum eru tveir mótórar. Einn fyrir höfuðgafi og annar fyrir fótgafi.
- Öll tannhjól og lídamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjólslátt og öflugt.
- 3 mm. tvihert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótór og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánægur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gíflurleg þar sem í botninum eru tveir mótórar. Einn fyrir höfuðgafi og annar fyrir fótgafi.
- Öll tannhjól og lídamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjólslátt og öflugt.
- 3 mm. tvihert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugri nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótór og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpsendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið færir niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu tilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjólk og aðrir.



HJÓNARÚM MEÐ PRÝSTIJÖFNUNARDÝNU (2X 90X200 cm)

TILBOÐSVERÐ 427.200 kr.

Fullt verð 569.600 kr.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSRÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUÐYNUM FYRIR ÞAU.

rekkjan

HEILSURÚM

OPÍÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1